



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2017

**ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA
Í HVAÐA ÍÞRÓTT BARNIÐ
ÞITT BLÓMSTRAR.**

**ÞESS VEGNA STYÐJUM
VIÐ ÞÆR ALLAR.**



ÍSLENSK
GETSPÁ Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands,
Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Stjórn HSK 2017

**Formaður:**

Guðriður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var
ritari frá 2001–2010. Sat í
varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í
varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í
varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016.
Var ritari stjórnar frá
2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Baldur Gauti Tryggvason
Meðstjórnandi frá 2017. Sat
í varastjórn frá 2016–2017.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.

**Olga Bjarnadóttir**

Varamaður frá 2016.

**Gísli Þór Brynjarsson**

Varamaður frá 2017.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá
1991.

Ársskýrsla 2017

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson
Profarkarlestur: Anný Ingimarsdóttir, Baldur
Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson,
Fanney Ólafsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Líska
Thomsen, Olga Bjarnadóttir, Þorgeir Vigfússon
og Örn Guðnason.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl
Sigurdósson

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í
félögum, nefndum og ráðum HSK.

Upplag: 200 eintök

Myndir á forsiðu eru frá Landsmóti 50+ 2017
sem haldið var í Hveragerði.



Rut Stefánsdóttir vann sleifarkeppnina á héraðsþingi 2017. Gylfi Þorkelsson sleifarhafi 2016 stýrði keppninni.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 8 Ársreikningur
- 12 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
- 13 Verkefnasjóður HSK úthlutar tvisvar á ári
- 14 Kjör íþróttamanns HSK
Greinargerðir um íþróttamenn einstakra
íþróttgreina
- 16 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 17 Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2017
Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminu
HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum
Heimasíða HSK, www.hsk.is
Ársskýrslan öll í lit í annað sinn
Annað kynningarstarf

Fundir, þing og námskeið:

- 18 95. héraðsþing HSK
- 19 Stjórnarfundir HSK
Þing ÍSÍ
Þing UMFÍ
Formannafundur ÍSÍ
- 20 Þing sársambanda
Kynning og námskeið á nýja Felix
Umræðupartý UMFÍ á Hvolsvelli
Landsmót DGI

Samstarfsverkefni:

- 21 Heildarstigatafla HSK
- 22 Félagsmiðstöðin Sel
HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi
nefndir hjá HSK
Felixskýrslu þarf að skila fyrir 15. apríl
Skemmtilegur leikur – fyrirhafnarlítill
fjáröflun
- 23 Lottóið gaf vel á árinu
Tvö fjöll tilnefnd í verkefnið Fjölskyldan á
fjallið
Dímon fyrirmyndarfélag ÍSÍ
FSu og GOS með endurnýjun viðurkenningar
Rangárþing ytra vann sundkeppni Hreyfiviku
UMFÍ í þriðja sinn
31 vinnustaður af sambandssvæði HSK tók
þátt í verkefnum Hjólað í vinnuna

Ýmsar upplýsingar:

- 24 Lög HSK
- 25 Aðildarfélög og formenn félaga
- 26 Gull- og silfurmerki HSK
Skipting iðkenda eftir greinum
- 27 Stærð félaga og tekjur af lottói og
getraunanúmer félaga
- 28 Íþróttaiðkendar félaga
- 29 Íþróttamaður HSK frá upphafi
- 30 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
- 31 Fréttapunktur frá ÍSÍ
- 33 Fréttapunktur frá UMFÍ
- 35 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Umhverfissjóður UMFÍ

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 36 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK
- 38 Ungmennaráð HSK
Framkvæmdanefnd Landsmóts UMFÍ 50+
2017
- 39 Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts
UMFÍ 2018

Skýrslur nefnda og ráða:

- 40 Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
- 41 Borðtennisnefnd
Bridsnefnd
Frjálsíþróttaráð
Fimleikanefnd
- 44 Glimuráð
- 46 Golfnefnd
Handknattleiksnefnd
Hestaíþróttanefnd
Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK
- 48 Íþróttanefnd fatlaðra
Knattspyrnunefnd
Körfuknattleiksnefnd
Skáknefnd
Starfsíþróttanefnd
- 49 Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

- 50 Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
- 51 Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Helli
Golfklúbbur Kjöðabergs
- 52 Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuðdi
- 53 Golfklúbburinn Úthlið
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbbur Öndverðarness
- 54 Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
- 55 Hestamannafélagið Trausti
Íþróttafélagið Dímon
- 56 Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
- 57 Íþróttafélagið Hamar
- 58 Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímír
- 59 Íþróttafélagið Suðri
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
- 60 Körfuknattleiksfélag FSu
- 62 Lyftingafélagið Hengill
Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotfélagið Skyttur
Torfærklúbbur Suðurlands
- 63 UBH
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyrbakkka
Umf. Framtiðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
- 65 Umf. Hrunamanna
- 66 Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkiðvöll
Umf. Selfoss
- 68 Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
- 69 Umf. Þjótdandi
Umf. Þór

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Íþróttir og heilbrigði hreyfing eiga að vera snar þáttur í lífi hvers einstaklings. Segja má að íþróttafélögin skipi víða stóran sess í því að styrkja menningu og félagslíf á Suðurlandi og stuðla með því að jákvæðri vitund fólks á umhverfið sitt.

Á sambandssvæði HSK er rekið öflugt íþróttastarf sem byggir á sameinuðu átaki iðkenda, áhugafólks og sveitarfélaganna. Fjöldi iðkenda er í mörgum greinum og árangur oft á tíðum prýðilegur.

Í gegnum árin hefur íþróttahreyfingin sett sér markmið sem bæði auka og efla alla íþróttastarfsemi í landinu. Unnið hefur verið ötullega að uppbyggingu íþróttamannvirkja undanfarin ár og góður stuðningur við íþróttastarfið, þó enn sé hægt að bæta í, enda verkefnið óþrjótandi.

Á okkar sambandssvæði hafa sveitarfélögin lagt sitt af mörkum til þess að skapa sem flestum fjölbreytt tækifæri til að stunda fjölbreyttar íþróttir, vitandi að íþróttaiðkun eflir hreysti, bætir geð og stuðlar að heilbrigðum lífsháttum.

Ávinningur íþróttastarfs

Þegar við skoðum söguna kemur í ljós að frá upphafi Íslandsbyggðar hafa íþróttir skipað mikilvægan sess í íslensku þjóðlífi. Iðkun íþróttar hefur fylgt þjóðinni og verið afar mikilvæg fyrir sýn landans er varðar heilbrigði og hreysti sem og veitt þjóðinni ánægjustundir þegar keppt hefur verið við aðrar þjóðir í ýmsum greinum íþróttar.

Ég hef áður fjallað um rannsóknir hér á landi sem sýna að íþróttir eru mikilvægar í öllu upeldi barna okkar og ungmenna. Flestir eru sammála um ágæti þess að hlúa vel að íþróttastarfi og efla það eins og kostur er. Góður stuðningur ríkis, sveitarfélaga sem og atvinnulífs í uppbyggingu aðstöðu og við öflugt grasrótastarf hreyfingarinnar er forsenda þess að íþróttastarfið vaxi og dafni.

Rannsóknir sýna enn fremur að forvarnargildi skipulagðs íþróttastarfs hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og eftir því sem aðstaðan er betri og unnið er af meiri fagmennsku undir handleiðslu vel menntaðra þjálfara og annarra leiðbeinenda þá eykst forvarnargildi er varðar ýmiss konar áhættuhegðun. Ekki síður hafa rannsóknir sýnt að sterkar vísbendingar eru um að sterkt samband sé milli aukinnar hreyfingar og námsframvindu. Þess vegna er afar brýnt að haldið verði áfram á þeirri vegferð að efla enn frekar umgjörð og gæði skipulags íþróttastarfs.

Bejumst saman gegn ofbeldi – grípum til aðgerða og úrræða

Á síðustu mánuðum hefur opinber umræða um ofbeldi gegn konum og börnum verið mjög áberandi og ofbeldi sem áður var umborið í skjóli einkalífsins hefur verið dregið fram í dagsljósið og er nú viðurkennt sem ein af verstu birtingarmyndum kynjamskráris.

Þetta ofbeldi brýtur gróflega gegn mannréttindum og grundvallarfrælsi kvenna og barna. Að sjálfsögðu ber yfirvöldum skylda til að leita allra leiða til að uppræta þann smánarblett sem ofbeldi gegn þessum einstaklingum er á íslensku samfélagi og tryggja stjórnarskrárvarin réttindi þeirra til mannhelgi og jafnréttis.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er félagasamtökum gert skylt að koma í veg fyrir og gera ráðstafanir er varða kynbundna eða kynferðislega áreitni í félagsstarfinu.



Guðriður afhenti Jóni Jónssyni gullmerki HSK á héraðsþinginu í Hveragerði.

Í jafnréttislögnum sem samþykkt voru í febrúar 2008 var kynbundin áreitni í fyrsta sinn gerð ölogleg í íslenskum lögum. Þegar rætt er um kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni er ágætt að hafa skilgreiningar hugtakanna í huga.

Samkvæmt lögnum er kynferðisleg áreitni, hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi kynferðisleg hegðun, sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Hún getur einnig verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

Í mjög stuttu máli er kynbundið ofbeldi það sem einstaklingur verður fyrir eða þarf að líða vegna þess að hann er af einhverju tilteknu kyni. Oftast er talað um kynbundið ofbeldi í tengslum við konur sem fórnarlömb og karla sem gerendur. Karlar geta líka orðið fyrir kynbundnu ofbeldi sem og börn.

Síðastliðið sumar sendi Kvenréttindafélag Íslands frá sér ályktun, þar sem fram kom að Íslendingar sem samfélag hafa ekki lengur umburðarlyndi fyrir kynbundnu ofbeldi né ofbeldi gegn konum og börnum. Hér á landi hefur ríkt þöggun allt of lengi um þá staðreynd að stór hluti kvenna og barna verða fyrir ofbeldi af hálfu þeirra sem næst þeim standa. Enn fremur hefur komið í ljós að einstaklingar eru ekki öruggir á þeim stöðum sem þeim ættu að vera hvað öruggastir, það er á heimilunum. Í ályktuninni segir enn fremur „Við erum fullsödd á kerfi sem verndar ofbeldismenn og er sama um þolendur. Ofbeldi gegn konum er bein ógn við lýðræðislega þátttöku kvenna og þar með við lýðræði landsins. Hvernig getum við byggt jafnrétt og framsýnt samfélag, þegar við getum ekki enn tryggt öryggi allra borgara?“ Stórt er spurt og vonandi verður ekki fátt um svör.

Í janúar, í tengslum við metoo-byltinguna, sendu konur í íþróttum frá sér yfirlýsingu og samantekt sagna af kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær

hafa orðið fyrir. Þær segja ljóst að kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunur er vandamál í hinum karllæga íþróttahæmi Íslands líkt og á öðrum stöðum í samfélaginu. Þær segja að vandann megi finna í framkomu þjálfara, stjórnarmanna, nuðdara og sjúkrapjálfa, dómara, sjálfbodaliða og fjölmiðla, sem og hjá öðrum iðkendum.

Í yfirlýsinguinni segir m.a.: „Mikið valdamisræmi er á milli iðkenda annars vegar og þjálfara og annarra sem starfa í kringum íþróttina hins vegar. Vandamálið er sérstaklega viðkvæmt þar sem stór hluti iðkenda eru börn og unglingar. Hvers konar ofbeldi og áreitni grefur undan sjálfsstrausti, sjálfsvirðingu og vellíðan og fyllir þann sem fyrir því verður af skömm, sjálfsásökunum og ótta sem svo hefur áhrif á árangur“.

Í yfirlýsinguinni er sú krafa gerð að málið sé tekið föstum tökum, að öll íþróttafélög, sersambönd, þjálfarar og aðrir innan íþróttanna, líti í eign barm og lofi stúlkum og konum breytingum til frambúðar. Enn fremur er þess krafist að umhverfi íþróttanna breytist þannig að konum sé gert kleift að segja frá ofbeldi án þess að það komi niður á framtíðarmöguleikum þeirra innan íþróttarinnar. Þær vilja að á þær sé hlustað, að með þeim sé staðið og að þeim sé trúð. Síðast en ekki síst krefjast þær þess að geta stundað íþróttir án þess að verða fyrir ofbeldi eða áreitni. Undir þessar kröfur verðum við að taka og leggja okkur öll fram um að útrýma þessu samfélagsmeini úr umhverfinu.

Hafnarfarðarþær og Árborg hafa skilyrt fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra sem bjóða upp á tómstundir fyrir börn og ungmenni. Félagin skulu vera með siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræðslu um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur hvatt sveitarfélög í landinu til að fylgja þessu fordæmi og skora ég á sveitarstjórnir á sambandssvæði HSK að feta í fótspor Árborgar hafi það ekki þegar verið gert.

Í dag er ég sátt og ánægð með hvernig íþróttahreyfingin brást strax við sögum af ofbeldi gegn konum innan hreyfingarinnar. ÍSÍ og UMFÍ upplýstu strax í kjölfar frásagna kvennanna, sambandsaðila og aðildarfélög þeirra um aðgerðir til að sporna gegn ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar. Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp með þátttöku fulltrúa íþróttahreyfingarinnar sem útfæra á forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti innan íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar.

Í kjölfar #metoo frásagna íþróttakvenna var einróma samþykkt á sambandsráðsfundi UMFÍ þann 13. janúar 2018, ályktun um að stjórnendur bregðist við og leggi sitt af mörkum í baráttu gegn hvers kyns ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar.

Það er deginum ljósara að #metoo byltingin heldur áfram og bendir allt til þess að áhrif hennar hafi nú þegar skilað sér og þau séu komin til að vera. Stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, íþróttafélög, félagasamtök og fleiri taka nú virkan þátt í að uppræta þá ofbeldismenningu sem viðgengist hefur hvarvetna í samfélaginu.

Það er skylda okkar sem störfum innan íþróttahreyfingarinnar að tryggja öllum iðkendum heilbriggt starfsumhverfi og við þurfum að taka skýra afstöðu gegn öllu ofbeldi og áreitni og gera öllum sem vinna innan hreyfingarinnar ljóst að slík hegðun verður ekki liðin. Við verðum að taka virkan þátt í umræðunni og berjast gegn öllu ofbeldi.

Því skora ég á alla að taka nú saman höndum. Konur og karlar, líðum ekki ofbeldi. Sköpum saman samfélag sem við erum stolt af, samfélag sem samtryggir okkur öll, ekki bara suma. Stöndum saman gagnvart hvers kyns ofbeldi og áttum okkur á að umræða og baráttu gegn einni tegund er ekki árás eða til að minnka vægi annars ofbeldis.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ er vímlaus fjölskylduhátíð sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina. Á mótunum er keppendum á aldrinum 11–18 ára boðið upp á fjölbreyttar íþróttagreinar, þeim og fjölskyldum þeirra upp á góðar aðstæður, heilbrigða afþreyingu og skemmtun við sem flestra hæfi.

Markmið mótanna er að ná til sem flestra ungmenna og stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum og efla félagslega samkennd þeirra með heiðarleika, tillitsemi og leikgleði að leiðarljósi. Áhersla er lögð á fjölbreytta dagskrá sem höfðar jafnt til keppenda sem og annarra gesta mótsins. Gildi UMFÍ eru leiðarljós mótanna með áherslu á háttvísi, raunsæi og tillitsemi.

Að þessu sinni fór mótið fram á Egilsstöðum og sendi HSK öflugra sveit ungmenna til keppni sem nú sem fyrr náðu frábærum árangri á keppnisvælinum og voru sjálfum sér, fjölskyldum sínum og Héraðssambandinu Skarphéðni til sóma.

Næsta mót verður í umsjón okkar Skarphéðinsmanna og fer fram í Þorlákshöfn 2.–5. ágúst 2018. Undirbúningur hefur gengið mjög vel og er ég þess fullviss að framkvæmdin verður okkur til sóma og mótið með miklum glæsibrag.

Baklandið er sterkt og reynslumikið, en við verðum öll að leggjast á áramur og vera virkir þátttakendur í að auglýsa og hvetja til þátttöku barna og unglunga í mótinu. Munum að mótin eru mikilvæg forvarnaverkefni, ekki síst út frá samfélagslegu sjónarmiði.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni og annarri keppni, hreyfingu og því að fá fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. Mótið er öllum opið sem verða 50 ára á árinu og eldri.



Guðríður hlaut gullmerki ÍSÍ á þingi HSK. Hér er hún með Hafsteini Pálssyni úr stjórn ÍSÍ og Rut Stefánsdóttur og Baldri Gauta Tryggvasyni, sem hlutu silfurmerki ÍSÍ.



Guðríður var fulltrúi HSK í kynnisferð UMFÍ á danska landsmótið.

Að þessu sinni var komið að okkur HSK-félögum, í samstarfi við Hveragerðisbæ og UMFÍ, að halda 7. Landsmót UMFÍ 50+. Landsmótsnefnd undirbjó mótið eins vel og kostur var og hér héldum við glæsilegt mót helgina 23.–24. júní með metfjölda þátttakenda, en skráðir keppendur voru um fimm hundruð.

Keppni hófst á föstudagsmorgni og stóð fram á sunnudag. Boðið var upp á fjölmargt annað en íþróttakeppni. Þótt keppnin skipi stærstan sess, þá er fjölmargt annað sem gerir mótin jafn skemmtileg og raun ber vitni.

Fjölbreytt dagskrá var í boði fyrir gesti og gangandi og nutu gestir okkar skemmtilegrar samveru í góðum og léttum félagskapp yfir helgina. HSK keppendur tóku þátt í öllum greinum og stóðu sig eins og við var að búast með miklum ágætum. Til að halda mót sem þessi þarf fjölda sjálfbodaliða og það má með sannni segja að við fengum vaska og duglega sveit þeirra til samstarfs við okkur sem eiga sinn þátt í að mótið og framkvæmdin gekk eins og best verður á kosið. Fyrir það þökkum við af heilum hug.

Við mótsetningu sagði Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, frá því að á næsta ári, þ.e. 2018,

verður mótið haldið á Sauðárkróki og verður það haldið samhliða Landsmóti UMFÍ. Að sjálfsögðu fjölmennar Skarphéðinsmenn þangað eins og þeir hafa gert á þessu mót undanfarin ár og halda merki sambandsins hátt á lofti.

Landsmótið

Eftir síðasta Landsmót UMFÍ, sem haldið var á Selfossi sumarið 2013, var ákveðið að staldra við og endurskoða mótið, markmið þess og tilgang. Á 38. sambandsráðsfundi UMFÍ var tillaga frá HSK samþykkt, þar sem hvatt var til þess að halda stefnumótandi ráðstefnu um Unglingalandsmót, Landsmót og Landsmót 50+. Þar verði teknir fyrir og ræddir grunnþættir mótanna, hvað hefur verið vel gert og hverju má hugsanlega breyta.

Vitt og breytt um landið voru stefnumótandi fundir haldnir, auk þess sem stór hópur fór á danska landsmótið síðastliðið sumar til að horfa á og fá hugmyndir. Niðurstaðan fundarhaldanna og upplifunar af danska landsmótinu, var að fara nýjar leiðir með Landsmót UMFÍ.

Nú í sumar, 12.–15. júlí fáum við að taka þátt í gjörbreyttu móti, Landsmóti, þar sem íþróttir og hreyfing verða í brennidepli. Um er að ræða nýtt

fyrirkomulag sem ekki hefur sést hér á landi áður í landsmótshaldi og er hér verið að feta í fótspor Dana varðandi landsmót. Aldur keppenda miðast við 18 ár og er öllum opið. Yfir 30 íþróttagreinir verða í boði, keppnisgreinar auk skemmtunar og fjölbreytt fróðleiks og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Boðið verður upp á kennslu í greinum og þannig gefst hverjum og einum tækifæri til að setja saman eigið mót. Að sjálfsögðu er um fjölskylduskemmtun að ræða og fjölmargt í boði fyrir yngri en 18 ára.

HSK-félagar mega ekki láta sitt eftir liggja og þurfa að vinna að því, ásamt öðrum, að kynna mótið. Fjölmenna síðan á Sauðárkrók, taka virkan þátt í þessari lýðheilsuhátið og styðja þannig vel þessa nýbreytni sem verið er að fóta sig með.

Að loknu móti verður síðan metið hvernig til tókst og ákvörðun tekin í framhaldinu hvort þetta nýja fyrirkomulag henti landsmótum UMFÍ eða grípa þurfi til annarra leiða. Að minnu mati er ekki góður kostur, að hætta þessu mótahaldi. Því er afar brýnt fyrir okkur HSK-félaga að taka virkan þátt í mótinu og stíga með því stór skref inn í nýja tíma, með gleði og samheldni að vopni.

Fundir, þing og verkefni

Sem fyrr sóttu fulltrúar HSK hefðbundna fundi á vegum UMFÍ og ÍSÍ og aðra viðburði á þeirra vegum.

HSK félagar mættu með fullskipað lið á 73. Íþróttþing ÍSÍ sem haldið var í Gullhömrum í Grafarholti í Reykjavík dagana 5.–6. maí 2017. Fyrir þinginu lágu fjölmargar tillögur sem fjallað var um í nefndum. Lárus L. Blöndal var einróma endurkjörinn forseti ÍSÍ til næstu tveggja ára.

50. sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið á Egilsstöðum 14.–15. október 2017. HSK mætti með fullmannað lið, átján fulltrúa. Stærsta mál þingsins var án efa innganga íþróttabandalaga en á þingi UMFÍ 2015 var samþykkt tillaga er laut að því að hefja vinnu við undirbúning að inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ. Skipuð var nefnd sem falið var að endurskoða lög hreyfingarinnar, lottóreglugerð og aðra þætti sem taka þarf tillit til. Þegar vinnu nefndarinnar lauk var hún kynnt fyrir sambandsaðilum og var með í gögnum sem lágu fyrir þinginu á Hallormsstað.

Á þinginu náðist ekki aukinn meirihluti sem þurfti til að gera lagabreytingu og varð ekki einhugur um niðurstöðu og framkvæmd á atkvæðagreiðslu á tillögu er varðaði inngönguna. Sköpuðust miklar umræður og sitt sýndist hverjum. Að loknum umræðum var samþykkt tillaga með miklum meirihluta greiddra atkvæða þess efnis, að stjórn UMFÍ var falið að halda aukabing þar sem inngangan yrði tekin fyrir. Tillagan var síðan tekin fyrir á fundi stjórnar UMFÍ 19. október sl. Stjórn UMFÍ leitaði eftir álitum nokkurra lögfræðinga um lögmati þess að halda aukabing og hvort það væri samkvæmt lögum UMFÍ. Niðurstaða stjórnar UMFÍ að fengnu álitu var að boða til sambandsráðsfundar, í stað aukabings, þar sem talið var að lögmati slíks fundar væri óvæfengjanlegt.

Fram hefur komið að meirihluti stjórnar UMFÍ telur að innganga íþróttabandalaga í landssamband ungmennafélaga (UMFÍ) verði skref fram á við fyrir hreyfinguna. Meirihlutinn telur enn fremur að út frá þeim forsendum sem lagðar hafi verið til grundvallar að undanförunu, þá muni þær ekki hafa óhagstæð áhrif á skiptingu fjármuna frá lottóinu til núverandi sambandsaðila, né hafa áhrif á fulltrúafjölda smærri sambandsaðila á þing.

Sambandsráðsfundur var síðan haldinn í Garðabæ 13. janúar 2018 og sat formaður HSK fundinn í umboði stjórnar HSK. Þar var samþykkt að



Guðrður afhendir Margréti Lúðvígsdóttur, íþróttamanni HSK árið 2016, bikarinn sem fylgir nafnbótinni.

fela stjórn UMFÍ að halda áfram með málið og kanna hug íþróttabandalaganna til inngöngu.

Formaður UMFÍ Haukur Valtýsson sagði í pistli á heimasíðu UMFÍ 26. desember 2017: „Ég tel að við inngöngu íþróttabandalaga í Ungmennafélag Íslands verði tekið eitt skref inn í nýja tíma, þar skapist tækifæri til að taka þessi mál til gagnrænnar skoðunar með hinu opinbera og ÍSÍ og um leið endurskoðun á skiptingu hagnaðar frá Íslenskri getsþá til eigenda fyrirtækisins. Framtíðin felst í samvinnu og því styð ég eindregið inngöngu bandalaganna í UMFÍ.“ Undir þessi orð formanns UMFÍ tek ég heilshugar og ber þá von í brjósti að vinna stjórnar varðandi inngöngu íþróttabandalaga verði okkur öllum til farsældar og sóknar inn í framtíðina.

Formaður og framkvæmdarstjóri sóttu árlegan formannafund ÍSÍ sem haldinn var í Laugardalshöllinni 17. nóvember 2017. Á fundinum kynnti Þorvaldur Ingimundarson, heilindafulltrúi KSÍ, stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson, formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ, upplýsti fundinn um nýja Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, fór yfir helstu verkefni Afreksjóðs og Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ, kynnti verkefni ÍSÍ og UMFÍ sem ber heitið Betra félag. Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Þann 28. desember þáðu formaður og framkvæmdarstjóri boð Samtaka íþróttafréttamanna og ÍSÍ í tengslum við kjör á íþróttamanni ársins 2017. Hófið fór fram í Hörpu.

Félagar í HSK tóku þátt í fjölmörgum fundum og verkefnum UMFÍ og ÍSÍ og má lesa nánar um það í ársskýrslu okkar sem liggur frammi á fundinum.

Að lokum

Við þurfum að leggja okkar af mörkum til að skapa jöfnuð þegar við bjóðum upp á skipulagt íþróttastarf og sjá þannig til þess að öllum börnum og ungmennum séu sköpuð sem jöfnust tækifæri í ljósi þess hversu mikið lífsgæði barna aukast.

Ávallt þarf að gæta þess að stilla æfingagjöldum í hóf, en þau geta verið erfiður þröskuldur fyrir sumar fjölskyldur. Því ber að fagna að mörg sveitarfélög taka

þátt í þeim kostnaði sem fylgir að hafa börn í virku íþróttastarfi. Einnig ber að þakka þeim sveitarfélögum sem hafa lagt sig fram um að tengja íþróttastarf við almennt tómstunda- og skólustarf.

Við þurfum að huga að og efla eins og kostur er, faglega umsjón með iðkendum, en það gerum við með vel menntuðum og hæfum þjálfurum sem og öruggri umgjörð að öðru leyti í öllu okkar starfi.

Við þurfum ávallt að hafa í huga þegar rætt er um íþróttastarf að stór hluti starfsins er unnin af sjálfbóðaliðum, áhugafólki sem lætur sér annat um íþróttir, félagið og bæinn/sveitina sína. Ef ekki kæmi vinnuframlag þessa fólks t.d. í undirbúningi ferða, mótahaldi, dómgæslu og öðrum þáttum sem íþróttastarfinu fylgir, væri íþróttastarfið mun fátæklegra en það er. Eins og ég hef áður sagt er seint hægt að fullþakka þessa samfélagsþjónustu. Ekki má heldur gleyma að þakka öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja íþróttastarfið okkar hér á sambandssvæði Skarphéðins.

Við þurfum að taka höndum saman og berjast af alefli gegn öllu ofbeldi. Það er þyngra en tárur taki að í ljós hefur komið að ofbeldi hefur viðgengist í mörg ár innan íþróttahreyfingarinnar. Við það verður ekki unað. Við því verðum við að bregðast. Verum samtaka og segjum öll sem eitt: Hingað og ekki lengra. Ofbeldismenning er menning sem við viljum ekki og á ekki að vera okkar menning. Rísun upp og höfum hátt, berjumst fyrir því að allir geti lifað í heimi þar sem allir geti gengið um óáreittir.

Við megum ekki sofna á verðinum þó vel ári nú um stundir. Við þurfum alltaf að hafa í huga, að byggja traustan og góðan grunn sem og jöfn tækifæri fyrir börn og ungmenntu til að standa á.

Höldum áfram okkar góða starfi með það að leiðarljósi að fólk geti treyst því að vel verði unnið að íþróttamálum á Suðurlandi og að ofbeldi verði útrýmt um ókomna framtíð.

Bestu þakkir færi ég framkvæmdarstjóra, stjórn HSK, nefndarfélagi, sjálfbóðaliðum, keppendum/ iðkendum og þeirra fjölskyldum fyrir allt það góða starf sem unnið er á Suðurlandi. Með samstilltu átaki og árvekni vegnar okkur vel.

Guðrður Aadnegard, formaður HSK

Svipmyndir úr starfinu



Þátttakendur á héraðsmóti í boccia.



Jana Lind og Stefán, skjaldarhafar í glímu 2017.



Úr leik Hrunamanna og Árborgar í 4. deild karla í knattspyrnu.



Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Umf. Selfoss, varð Íslandsmeistari í langstökki.





A-Sveit HSK/Selfoss varð Íslandsmeistari í 4x100 m hlaupi 11 ára stúlkna.

Ársreikningur HSK 2017

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2017. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2017 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2017. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2017 með undirskrift sinni.

Selfossi, 26. febrúar 2018,



Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2017. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 26. febrúar 2018,


Brynja Hjalmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2017

	Skýr.	Rauntölur 2017	Áætlun 2017	Rauntölur 2016
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	33.158.063	28.025.000	30.461.562
Tekjur af mótum	2	6.524.400	5.620.000	221.100
Auglýsingatekjur	3	595.000	485.000	485.000
Aðrar tekjur	4	4.392.801	5.700.000	4.835.227
Rekstrartekjur alls		44.670.264	39.830.000	36.002.889
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	10.489.783	10.010.000	9.365.275
Fundur og þing	6	995.358	975.000	575.472
Áhöld og tæki	7	0	0	356.225
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	5.908.360	5.175.000	137.582
Rekstur mannvirkja	10	500.000	500.000	500.000
Rekstur skrifstofu	11	703.045	715.000	711.563
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	585.941	1.640.000	1.363.450
Önnur gjöld	13	24.961.938	20.806.000	22.793.880
Rekstrargjöld alls		44.144.425	39.821.000	35.803.447
Hagnaður án fjármagnsliða		525.839	9.000	199.442
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		705.606	520.000	665.466
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-105.985	-50.000	-50.045
Fjármagnstekjuskattur		-128.224	-104.000	-133.817
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		471.397	366.000	481.604
Hagnaður (tap) tímabilsins		997.236	375.000	681.046

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2017

	2017	2016
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	5.992.465	6.354.147
Fastafjármunir alls	5.992.465	6.354.147
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	0	5.713
Handbært fé	13.015.730	12.011.933
Veltufjármunir alls	13.015.730	12.017.646
Eignir samtals	19.008.195	18.371.793
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	18.010.111	17.690.747
Tekjuafgangur ársins	997.236	681.046
Eigið fé alls	19.007.347	18.371.793
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	848	0
Skammtímaskuldir alls	848	0
Skuldir og eigið fé samtals	19.008.195	18.371.793

Skýringar á fjárhagsáætlun HSK

	Rauntölur 2017	Áætlun 2017	Rauntölur 2016
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.307.896	1.870.000	2.026.548
Lottó	28.767.749	23.980.000	26.423.014
Getraunir	621.698	675.000	570.020
Framlag frá sveitarfélögum	1.460.720	1.500.000	1.441.980
Framlög og styrkir alls	33.158.063	28.025.000	30.461.562
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	215.900	220.000	221.100
Landsmótshald 50+	6.308.500	5.400.000	
Tekjur af mótum alls	6.524.400	5.620.000	221.100
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	270.000	110.000	110.000
Heimasíða	250.000	100.000	100.000
Aðrar auglýsingatekjur	75.000	275.000	275.000
Auglýsingatekjur alls	595.000	485.000	485.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarfélaga	3.220.400	3.100.000	3.014.566
HSK þing	265.000	350.000	337.500
Leikjanámskeið	0	500.000	720.000
Leigutekjur v/skrifstofu	0	100.000	100.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	532.000	900.000	487.700
Heimildarmynd um landsmót		500.000	0
Bóksala			6.213
Aðrar tekjur	375.401	250.000	169.248
Aðrar tekjur alls	4.392.801	5.700.000	4.835.227
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	7.185.928	6.840.000	6.391.139
Tryggingagjald	615.769	610.000	617.031
Lífeyrissjóður	793.886	760.000	642.535
Laun alls	8.595.583	8.210.000	7.650.705
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.368.000	1.315.000	1.296.570
Dagpeningar	526.200	485.000	418.000
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	1.894.200	1.800.000	1.714.570
Laun og verktakagreiðslur alls	10.489.783	10.010.000	9.365.275
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	49.041	25.000	237.794
Þing ÍSÍ	0	20.000	
Þing UMFÍ	704.582	560.000	
Vorfundur UMFÍ			0
Þing HSK	233.645	350.000	325.660
Nefndafundir HSK	8.090	20.000	11.018
Sambandsráðsfundur UMFÍ			1.000
Ungmennaráð HSK			0
Fundir og þing alls	995.358	975.000	575.472

	Rauntölur 2017	Áætlun 2017	Rauntölur 2016
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	0	0	356.225
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	0	0	356.225
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	132.085	130.000	123.740
Húsa- eða vallarleiga	0	10.000	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	0	10.000	13.842
Landsmótshald 50+	986.243	1.650.000	
Landsmótshald 50+, hlutdeild félaga	4.257.806	3.000.000	
Landsmótshald 50+, hlutdeild Verkefnasjóðs	532.226	375.000	
Kostnaður v/mótahalds alls	5.908.360	5.175.000	137.582
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	500.000	500.000	500.000
Rekstur mannvirkja alls	500.000	500.000	500.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	232.653	240.000	235.457
Ritföng	16.446	40.000	64.241
Prentun	27.889	40.000	36.950
Póstkostnaður	15.615	10.000	6.527
Kaffikostnaður og risna	17.267	15.000	9.422
Tölvukostnaður	158.142	170.000	161.122
Annar skrifstofukostnaður	235.033	200.000	197.844
Rekstur skrifstofu alls	703.045	715.000	711.563
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	329.400	490.000	486.376
Ferðakostnaður vegna námskeiða	70.000		
Heimasíða	186.541	150.000	224.609
Heimildarmynd um landsmót	0	500.000	0
Leikjanámskeið	0	500.000	652.465
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	585.941	1.640.000	1.363.450
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	20.686.161	17.266.000	18.714.436
Unglingalandsmótsþátttaka	1.397.474	1.100.000	1.143.206
Verkefnasjóður HSK	2.714.252	2.270.000	2.769.136
Ýmis kostnaður	164.051	170.000	164.659
Afskriftir	0	0	2.443
Önnur gjöld alls	24.961.938	20.806.000	22.793.880

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2017

31/12/17

Tekjur:

Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	2.687.635
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	26.617
Vaxtatekjur	kr.	62.787
Ósóttir styrkir frá 2016 og 2017	kr.	75.000
Hlutdeild í hagnaði Landsmóts 50+	kr.	532.226

Tekjur alls:

3.384.265

Gjöld:

Styrkir 2017, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	3.485.000
Fjármagnstekjuskattur	kr.	12.557

Gjöld alls:

3.497.557

Rekstarhagnaður (tap) ársins

-113.292

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir

Í sjóði 31.12.2017	kr.	3.917.276
--------------------	-----	-----------

Eignir alls:

3.917.276

Skuldir og eigið fé :

Eigið fé frá fyrra ári	kr.	3.951.416
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	-113.292
Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	80.000
Skuld aðalsjóðs HSK	kr.	-848

Skuldir og eigið fé alls:

3.917.276

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2017

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	16.467	280 kr. á íbúa	1.064.000	64,61kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.752	280 kr. á íbúa	175.400	100,11 kr.
Rangárþing ytra	1.537	280 kr. á íbúa	160.000	104,09 kr.
Ásahreppur	256	280 kr. á íbúa	61.320	239,53 kr.

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 2017.

Greiðsla alls úr héraði 2017: 1.460.720

Verkefnasjóður HSK úthlutar tvisvar á ári

Reglugerð um Verkefnasjóð HSK var breytt á héraðsþingi 2017 og framvegis verður úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Sjóðsstjórn hefur ákveðið að veita að hámarki einn afreksstyrk á ári til hvers afreksmanns og það sama á við um styrki vegna landsliðsvals einstaklinga. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandssvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	35.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	30.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	10.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	35.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afreksstyrkur, þar með talið landsliðsval (þarf að hafa verið valin/n í A-landslið)	120.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, sex þátttakendur	60.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, fjórtán þátttakendur	140.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, þrír þátttakendur	30.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	A-landsliðsval og fimm afreksstyrkir	600.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, tveir einstaklingar	70.000
Golfklúbbur Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, tveir einstaklingar	70.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, þrír einstaklingar	105.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	A-landsliðsval og einn afreksstyrkur	120.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, sex einstaklingar	210.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, einn einstaklingur	35.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, tveir þátttakendur	20.000
Hestamannafélagið Geysir	Ritun 70 ára sögu félagsins	35.000
Júðódeild Umf. Selfoss	A-landsliðsval og einn afreksstyrkur	120.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, þrír einstaklingar	105.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	30.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, 31 þátttakandi	310.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, fimm þátttakendur	50.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, einn einstaklingur	35.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	A-landsliðsval og einn afreksstyrkur	120.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	A-landsliðsval og einn afreksstyrkur	120.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, tveir þátttakendur	60.000
Umf. Hrunamanna	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Umf. Hrunamanna	Landsliðsval yngri landsliða, einn einstaklingur	35.000
Umf. Hrunamanna	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Umf. Hrunamanna	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Umf. Þjótandi	Munasýning, sérstakt verkefni	35.000
Umf. Þjótandi	Handbolti, nýjung í starfi	35.000
Umf. Þór, frjálisíþróttadeild	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Samtals		2.610.000

Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Frjálisíþróttadeild Umf. Selfoss	A-landsliðsval og einn afreksstyrkur	120.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald, íþróttasálfræði	40.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, sex einstaklingar	210.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald/fræðsla í handboltaakademíu FSu	40.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið, einn þátttakandi	10.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, einn einstaklingur	35.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsval yngri landsliða, þrír einstaklingar	105.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Endurmenntunarnámskeið, fjórir einstaklingar	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Dómaranámskeið, átta einstaklingar	80.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið, átta einstaklingar	80.000
Skotíþróttafélagið Skyttur	Þjálfaranámskeið, þrír einstaklingar	30.000
Umf. Hrunamanna	Landsliðsval yngri landsliða, einn einstaklingur	35.000
Umf. Hrunamanna	Þjálfaranámskeið, einn þátttakandi	10.000
Umf. Selfoss	Námskeiðahald, skyndihjálp	40.000
Samtals		875.000

Íþróttamaður HSK 2017

Líkt og undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2017 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefndir stjórn HSK íþróttamenn í sjö greinum, þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð.



Íþróttamaður HSK 2017

Júðóamaður HSK 2017

Egill Blöndal, Umf. Selfoss. Egill hefur lagt gríðarlega mikið á sig við æfingar og keppni, jafnt innanlands sem erlendis. Egill vann til verðlauna á öllum mótum innanlands og toppaði á Íslandsmótinu þar sem hann varð Íslandsmeistari í -90 kg flokki og opnum flokki. Hann endaði í öðru sæti á Norðurlandamótinu í Svíþjóð, keppti fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum og var eini keppandi Íslands á heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi. Hann var í verðlaunasæti á Holstein Open og Welsh Open. Keppti í nóvember á Tokyo Grand Slam einu sterkasta móti heims. Egill hefur verið þjálfari hjá júdódeildinni á Selfossi undanfarin ár og sinnt því með miklum sóma. Hann er öðrum iðkendum deildarinnar mjög góð fyrirmynd.

Akstursíþróttamaður HSK 2017

Ragnar Skúlason, Torfæruflokkur Suðurlands.

Ragnar er tvöfaldur Íslandsmeistari í sitt hvorri keppnisgreininni í akstursíþróttum. Hann var einnig kjörinn akstursíþróttamaður ársins 2017 hjá Akstursíþróttasambandi Íslands. Ragnar hefur verið duglegur í uppbyggingu á mótorsporti, sérstaklega í Gokarti og hefur verið aðal drifjöður í þeirri grein og hlotið nokkra Íslandsmeistarátitla í Gokarti.



Badmintonmaður HSK 2017

Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór. Með dugnaði, áhuga og eljusemi á æfingum sem og í keppni, hefur það skilað þeim árangri að hann hefur verið valinn til að æfa með öllum unglingslandsliðum BSÍ í gegnum tíðina. Axel Örn er nú kominn upp úr unglingsflokkum og keppti bæði í B- og A-flokki fullorðinna á þessu ári. Í sumar var Axel Örn fluttur alfaríð upp í A-flokk og má því ekki lengur keppa í B-flokki.



Blakmaður HSK 2017

Hilmar Sigurjónsson, Íþróttafélaginu Hamri. Hilmar er útsjónarsamur og afar fjölhæfur leikmaður sem leiðir lið sitt, bæði þegar vel gengur og einnig þegar á móti blæs. Hann hefur á ferilskránni landsliðsleiki, Íslands-, bikar- og deildarmeistarátitla í efstu deild þrátt fyrir að hafa ekki náð þrítugu. Hilmar fór vitaskuld fyrir liði sínu þegar Hamar vann HSK titilinn í blaki 2017 og er það í annað sinn sem Hilmar hampar HSK titlinum með liðinu.



Briddsmaður HSK 2017

Björn Snorrason, Umf. Selfoss. Björn hefur um langt skeið verið einn af fremstu spilurum Sunnlendinga í sigursælli sveit TM Selfossi. Hann varð HSK meistari í sveitakeppni 2017 en stærsta afrek hans á árinu var silfur á Íslandsmótinu í sveitakeppni þar sem hann spilaði með Austfirðingum í sveit Unaóss. Er þetta besti árangur Austfirðinga í bridge og án efa hefur liðsstyrkurinn frá Suðurlandi ríðið baggamuninn.



Frjálsíþróttamaður HSK 2017

Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Selfoss. Kristinn Þór varð á árinu Íslandsmeistari í 800 og 1500m hlaupum innanhúss en hann náði ekki að keppa á Meistaramótinu utanhúss vegna veikinda. Hann varð einnig bikarmeistari í sínum greinum innan og utanhúss. Hann keppti með landsliði Íslands á smáþjóðaleikunum í San Marino og í Evrópukeppni landsliða bæði í 800m og 1500m og stóð sig mjög vel.



Golfmaður HSK 2017

Fannar Ingi Steingrímsson, Golfklúbbi Hveragerðis.

Fannar hafnaði í 9. sæti í Eimskipsmótaröðinni þrátt fyrir að missa af nokkrum mótum. Hann vann Egils Gull mótið og varð í 3.-4. sæti bæði í Íslandsmótinu í högggleik og Síamamótinu. Fannar tók þátt í verkefnum með A landsliði karla, m.a. EM, þar sem liðið náði að halda sér í efstu deild. Fannar spilar fyrir Troy University í bandaríska háskólagolfinu og stendur sig vel.



Glimumaður HSK 2017

Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Þjótanda. Marín sigraði öll glímumót sem hún tók þátt í á árinu, en helsta afrek hennar var þegar hún sigraði Íslandsglímuna og hlaut þar með Freyjumenið í fimmta sinn. Marín keppti einnig á fjólmörgum alþjóðlegum mótum í keltneskum fangbrögðum þar sem hún var ávallt í verðlaunasætum og varð meðal annars Evrópumeistari í backhold og ranglen.



Handknattleiksmaður HSK 2017

Perla Ruth Albertsdóttir, Umf. Selfoss. Perla Ruth spilaði í Olísdeildinni með Umf. Selfoss og var í mjög stóru hlutverki í liðinu sem tókst að halda sér uppi með glæsilegum sigrum í umspili. Perla var valin í æfingahóp A-landsliðsins í janúar og spilaði síðan sína fyrstu landsleiki í nóvember sgegn Þýskalandi og Slóvakíu ytra. Hún gerði gott betur en að skora sitt fyrsta mark fyrir Ísland, heldur var hún í byrjunarliðinu í öllum leikjunum.



Hestaíþróttamaður HSK 2017

Guðmundur Friðrik Björgvinsson,

Hestamannafélaginu Geysi. Guðmundur varð Íslandsmeistari í 100 metra skeiði. Hann og skeiðgammurinn Glúmur frá Þórðsstöðum bættu tíu ára gamalt Íslandsmet í þeirri grein á mótinu. Hann varð annar í töltili á Íslandsmótinu á Straumi frá Feti. Þeir félagar kepptu svo fyrir Íslands hönd á HM í Hollandi þar sem þeir hlutu 3. sætið.



Lyftingamaður HSK 2017

Björgvin Karl Guðmundsson Lyftingafélagið Hengill.

Björgvin Karl keppti á einu móti í ólympískum lyftingum árið 2017, Reykjavík International Games. Björgvin sigraði á þessu móti með 339 sinclair stig. Hann setti Íslandsmet í snörun, jafnhöttun og heildarþyngd. Snaraði 128, jafnhattaði 157 sem skilaði honum heildarþyngd uppá 285 kg og 339 sinclair stig.



Íþróttamaður fatlaðra 2017

Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra. Hulda setti fimm Íslandsmet í sleggjukasti og sigraði í öllum kastgreinunum á Íslandsmóti Íþróttasambands fatlaðra. Hún varð þriðja í kúluvarpi á Grand Prix IPC í Berlín. Hulda er í 9. sæti á Evrópulistanum í kúluvarpi í sínum fótunarflokk og 12. sæti á heimslistanum. Í lyftingum stóð hún sig einnig mjög vel og setti Íslandsmet í bekkpressu, hnébeygju og réttstöðu.



Motocrossmaður HSK 2017

Gyða Dögg Heiðarsdóttir, Umf. Selfoss. Gyða Dögg varð í þriðja sæti til Íslandsmeistara á keppnistímabilinu. Hún varð Íslandsmeistari í kvennaflokki árin 2015 og 2016 og var valin akstursíþróttakona MSÍ árið 2016.



Knattspyrnumaður HSK 2017

Krístún Rut Antonisdóttir, Umf. Selfoss. Krístún Rut var ein af markahæstu leikmönnum fyrstu deildar kvenna með 9 mörk í 16 leikjum. Hún var lykilmáður í liði Selfoss, sem tryggði sér sæti í Pepsiðeild og var valin besti leikmaður liðsins eftir tímabilið. Krístún skrifaði undir sinn fyrsta atvinnumannasamning eftir frábært tímabil með Selfossi en hún spilar nú með Chieti á Ítalíu.



Skákmaður HSK 2017

Björgvin Smári Guðmundsson, Umf. Heklu. Björgvin Smári hefur leitt sveit Skákléags Selfoss og nágreinis á Íslandsmótum með góðum árangri. Hann er fylginn sér sem skákmaður. Hann er sterkur í öllum stöðum og að auki stórhættulegur þegar andstæðingar telja sig hafa haft hann undir. Þá getur hann sýnt af sér útsjónarsemi sem er vandfundin.



Kraftlyftingamaður HSK 2017

Rósa Birgisdóttir, Umf. Stokkseyrar. Rósa lenti í 2. sæti á Reykjavík International Games, varð í 4. sæti á Evrópumótinu í Danmörku í opnum flokki og einnig á Heimsmeistaramótinu í Hvíta Rússlandi. Þar setti hún tvö Íslandsmet í öldungaflokki og landaði bronsi í réttstöðulyftu. Á bikarmótinu í Reykjavík varð hún í 1. sæti í sínum flokki og setti tvö met, eitt í opnum flokki og eitt í öldungaflokki.



Skotiþróttamaður HSK 2017

Hákon Þór Svavarsson, Skotiþróttafélagi

Suðurlands. Hákon Þór stundar skeet og náði einstökum árangri á árinu. Hann sigraði á Íslandsmeistaramótinu og í lok sumars tók hann þátt í Evrópumestaramótinu sem haldið var í Baku í Azerbaijan og lauk keppni í 13.- 17. sæti. Þess má geta að hann náði Ólympíulágmarkinu í sinni grein sex sinnum á tímabilinu.



Körfuknattleiksmaður HSK 2017

Halldór Garðar Hermannsson, Umf. Þór. Halldór hefur átt glæsilegt körfuboltaár. Hann var lykilleikmaður með U20 ára landsliði Íslands, sem tryggði sér sæti í 8 liða úrslitum á EM A-deild í sumar með mögnuðum sigri á sterku liði Svía. Ekkert körfuboltalandslið hefur náð eins góðum árangri á Evrópumóti.



Starfsíþróttamaður HSK 2017

Hjördís Þorsteinsdóttir, Umf. Selfoss. Hjördís tók þátt í pönnukökubakstri á Landsmóti 50+ í Hveragerði í sumar og gerði sér lítið fyrir og sigraði með glæsibrag. Fékk hún 90 stig af 100 mögulegum. Hjördís keppti einnig á Landsmóti 50+ á Ísafirði árið 2016 og sigraði þar líka, þá í sinni fyrstu keppni. Hjördís er því vel að því komin að vera útnefnd starfsíþróttamaður HSK árið 2017.



Taekwondamaður HSK 2017

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, Umf. Selfoss. Ingibjörg Erla keppti fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótinu í Muju í Suður-Kóreu. Hún tapaði naumlega í fyrsta bardaga 6-7. Hún varð Íslandsmeistari í -63 kg flokki senior kvenna og var valin keppandi Íslandsmótsins. Hún er alltaf fastamaður í landsliðinu og stefnir á EM Senior 2018.



Borðtennismaður HSK, fimleikamaður HSK og sundmaður voru ekki tilnefndir í ár.

Borðtennis-, fimleika- og sundnefndir HSK vilja ekki tilnefna krakka, sbr. stefnu hreyfingarinnar.

Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag
Unglingabíkar HSK
Foreldrarstarfsbikar HSK
Öðlingur ársins

Umf. Selfoss
Frjálsíþróttadeild Ungmennafélags Selfoss
Fimleikadeild Íþróttafélagsins Hamars
Kjartan Kjartansson Íþróttafélaginu Hamri

Unglingabíkar HSK 2017

Árangur unglingastarfs frjálsíþróttadeildar Selfoss hefur vakið mikla eftirtekt á undanförunum árum. Mjög margir efnilegir unglingar stunda æfingar hjá deildinni og er hópurinn mjög vaxandi. Unglingarnir hafa náð vel saman sem stór og samheldinn hópur á mótum og hvar sem þau koma saman. Hópur sem er til mikillar fyrirmyndar. Árangur þeirra á mótum hefur verið mjög góður. Þau hafa unnið til fjölda Íslandsmeistaratitla og einnig hafa HSK- og Íslandsmeist fallið. Á uppskeruhátíð Sveitarfélagsins Árborgar í lok árs 20017, þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir árangur íþróttafólks í sveitarfélaginu, fékk frjálsíþróttafólkið viðurkenningar fyrir rúmlega 30 Íslandsmeistaratitla. Þegar iðkendur færast úr 14 ára flokki upp í 15 ára flokk og eldri vill oft fækka iðkendum, en undanfarin ár hefur ekki orðið fækkun hjá deildinni við þessar breytingar og flestir halda áfram æfingum af krafti. Frjálsíþróttakadema FSu er nú rekin þriðja árið í röð og var hún mikil lyftistöng fyrir frjálsíþróttadeildina. Með tilkomu hennar eflidist starf deildarinnar til muna.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2017

Áhugi og stuðningur foreldra við íþróttastarf barna skiptir verulega miklu máli. Undanfarin ár hefur fimleikadeildin í Hamri verið einstaklega heppin með öflugum foreldra sem hikaust rétta fram hjálparhönd þegar þörf er á. Skiptir þá ekki máli hvort það er í kringum fjáraflanir, viðburði eða utanlandsferðir sem fimleikadeildin stendur fyrir. Stjórn deildarinnar er þakklát fyrir framlag foreldra, sem sýna fram á að margt smátt gerir eitt stórt eða jafnvel margt stórt gerir enn þá stærra! Foreldrarstarf sem þetta er ómetanlegt fyrir Hamar og íþróttahreyfinguna.

Foreldrar barna og unglinga fimleikadeildarinnar eru því vel að því komnir að hljóta þessa viðurkenningu.

Öðlingur ársins 2017

Kjartan Kjartansson Íþróttafélaginu Hamri er öðlingur ársins 2017. Kjartan hóf íþróttaiðkun af kappi þegar hann flutti í Hveragerði árið 1960. Kjartan spilaði knattspyrnu með Umf. Ölfusinga og síðar UFHÖ frá 1960-1967. Á þeim árum spilaði hann á HSK mótum og í 3. deild Íslandsmeistarans. Hann var í úrvalsliði HSK í knattspyrnu í forkeppni fyrir landsmótið á Laugum 1961.

Kjartan hefur keppt í bridds nær óslitið frá árinu 1962 og varð m.a. einu sinni HSK meistari. Hann er enn að keppa í bridds og keppti m.a. á Landsmóti 50+ í Hveragerði sl. sumar. Kjartan iðkaði lengi badminton og keppti 14 sinnum á HSK móti og varð flest árin HSK meistari í öldungaflokki.

Kjartan hefur einnig tekið virkan þátt í félagsmálum í hreyfingunni. Hann sat í stjórn Umf. Ölfusinga síðustu árin áður en nafninu var breytt í UFHÖ. Hann sat einnig í stjórn og nefndum UFHÖ í mörg ár, þar af formaður í 6-7 ár. Hann tók lengi virkan þátt í badmintonstarfinu í Hveragerði og hjá HSK, bæði sem stjórnarmaður og þjálfari. Hann var formaður badmintonnefndar HSK frá 1979-1991 og þá sat hann í stjórn HSK frá 1981-1982.



Nokkrir unglingar úr frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss á unglingamóti HSK innanhúss.



Kjartan Kjartansson öðlingur ársins.



Ólafur Guðmundsson og Ingvar Garðarsson fengu silfurmerki HSK á aðalfundi frjálsíþróttaráðs HSK.

Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2017

Á héraðsþinginu í Hveragerði 2017 var veitt eitt gullmerki HSK og á aðalfundi frjálsíþróttaráðs HSK voru veitt tve silfurmerki HSK.

Líkt og í síðustu ársskýrslum HSK er birt greinargerð um þá sem hljóta gullmerki og silfurmerki HSK.

Gullmerki: Jón Jónsson

Jón Jónsson hefur um áratugaskeið tekið virkan þátt í störfum HSK.

Jón, sem er fæddur á Árbæ í Holtum fór ungur að taka þátt í störfum Umf. Ingólfs í Holtum og var drifjöðrin í starfi félagsins um langt skeið.

Jón hefur mætt á fjölmörg héraðsþing HSK í gegnum tíðina, en hann mætti á sitt fyrsta héraðsþing sem fulltrúi Umf. Ingólfs árið 1974.

Árið 1982 var Jón kjörinn í varastjórn HSK og sat þar í fimm ár. Árið 1988 tók hann við gjaldkerastöðunni í stjórninni og hélt um fjármál HSK öruggum höndum í þrjú ár. Árið 1991 tók hann að sér formennsku HSK og gegndi því embætti í fjögur ár, eða til ársins 1995. Hann var mjög duglegur að sækja mót og fundi á sínum stjórnarárum. Eftir að hann hætti í stjórn HSK hefur hann tekið þátt í störfum Umf. Heklu og Hestamannafélagsins Geysis, auk þess að starfa á mótum sambandsins.

Í 100 ára sögu HSK er Jóni svo lýst: „Jón var traustur og ósérhlífinn formaður HSK og lagði sig allan fram í

starfinu. Hann var jafnan fyrstur á staðinn ef eitthvað þurfti að gera og stundum langt kominn með verkið áður en þeir síðbúna mættu. Menn vita hvar þeir hafa Jón því hann þykir hreinskiptinn, skorinorður og laus við að fara í kringum hlutina.“

Silfurmerki: Ingvar Garðarsson og Ólafur Guðmundsson

Ingvar, sem er félagsmaður í Umf. Skeiðamanna og Seflyssingurinn Ólafur Guðmundsson hafa um árabíl tekið virkan þátt í frjálsíþróttastarfi sambandsins. Þeir hafa um áratugaskeið keppt í frjálsum og eru hvergi nærri hætta að keppa. Ólafur er enn að keppa í fullorðinsflokki við þá bestu og Ingvar hefur m.a. keppt í viðavangshlaupum um langt árabíl. Ólafur átti sæti í landsliðum Íslands í frjálsíþróttum í samfelld 21 ár. Í stuttri samantekt sem þessari gefst ekki færi til að gera grein fyrir afrekum þeirra á keppnisvöllum.

Ingvar átti sæti í stjórn frjálsíþróttaráðs um árabíl, en hætti á aðalfundi ráðsins 2017. Þá hefur hann verið formaður almenningssíþróttanefndar HSK frá árinu 1995.

Ólafur starfaði um langt skeið á leikjanámskeiðum HSK yfir sumartímann. Þá hefur hann komið að þjálfun og fararstjórn á mót, bæði á vegum HSK og félaganna. Hann var m.a. í fjögur ár verkefnisstjóri Frjálsíþróttaráðs HSK.

HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Breytingar urðu á fréttlaðningi HSK í héraðsfréttamiðlum á árinu. Sunnlenska fréttablaðið hætti útgáfu á árinu og lauk þar með færsælu samstarfi HSK og Sunnlenska. Samstarf sem hófst í ársbyrjun 1999 og frá þeim tíma hafði nær vikulega verið birt heilsíða með fréttum úr hreyfingunni. Forysta HSK þakkar eigendum og starfsfólki Sunnlenska fyrir og nú fyrir frábært samstarf á liðnum árum. HSK hefur hafið samstarf við héraðsfréttablaðið Dagskrána að birta fréttir frá starfi HSK og frá því í nóvember 2017 hafa fjöldamargar greinar birst á síðum blaðsins. Undanfarin ár hefur einnig mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.

Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði og Hótel Örk hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostun síðunnar. Er forráðamönnum Áss og Arkar þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

Ársskýrslan öll í lit í annað sinn

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu. Í fyrra var ársskýrslan í fyrsta sinn prentuð í lit, en mörg ár þar á undan voru bara kápusíður prentaðar í lit, en innsíður í



svarthvítu. Þessari breytingu var vel tekið og er skýrslan í ár einnig litprentuð. Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 200 eintökum og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrlit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.

Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Fundir, þing og ráðstefnur:

95. héraðsþing HSK

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

95. héraðsþing HSK var haldið á Hótel Örk í Hveragerði 11. mars 2017. Guðriður Aadnegard, formaður HSK, setti þingið kl. 9:30 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Formaður minntist látinna félaga frá síðasta þingi, þeirra Eiríks Þorgeirssonar og Jóns Guðlaugssonar. Áður en lengra var haldið í þingstörfum var tónlistaratriði frá félagsmiðstöðinni Skjálftaskjól Hveragerði, þær Gígja María Þorsteinsdóttir, Gunnhildur Friðla Hallgrímsdóttir og Hrafnhildur Hallgrímsdóttir fluttu lagið „Your Song“ eftir Elton John. Þingforsetar voru kjörnir þeir Hjalti Helgasson og Hallgrímur Óskarsson og þingritarar Stella Hrönn Jóhannsdóttir og Kristín Lára Hauksdóttir.

Gestir þingsins voru þau: Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Guðmundur Kr. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, (var einnig þingfulltrúi), Hafsteinn Pálsson stjórn ÍSÍ, Helgi Stefánsson, fyrrverandi formaður HSK, Jón Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ, Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Suðurlandsdæmis og Örn Guðnason varaformaður UMFÍ (var einnig þingfulltrúi). Árni Þorgilsson og Gísli Páll Pálsson, fyrrverandi formenn HSK, komust ekki og báðu fyrir kveðjur. Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls og færði þingfulltrúum kveðjur frá bæjarstjórn Hveragerðis. Hún talaði um mikilvægi sjálfbærniðastarfa í íþróttahreyfingunni, nauðsyn þess að byggja vel undir ungmennastarf og landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Hveragerði í lok júní 2017.

Guðriður Aadnegard afhenti Aldís Hafsteinsdóttur fh. Hveragerðisbæjar, viðurkenningu fyrir veittan stuðning.

Skýrsla stjórnar

Guðriður Aadnegard, formaður HSK, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starf HSK á síðasta ári.

Minntist hún m.a. á mikilvægi íþróttastarfs fyrir ungmenni og að leggja þyrfti áherslu á kjörskið til íþróttar- og tómstundastarfs almennt, ekki bara afreksíþróttir þó að sjálfsögðu væri mikilvægt að styrkja líka það starf. Hreyfingarleysi ásamt breyttum lífsvenjum væri undirrot margs vanda hjá ungmennum og við því þurfi að bregðast við. Hún minntist á verkefnið „Sýnum karakter“ í þjálfaravinnu með börnum og unglingum sem gæti líka nýst viðar, tímamótasamning um stórukið framlag ríkisins til afreksíþróttar, fjórföldun í sjóð ÍSÍ sem gæti haft í för með sér gjörbreytingu á öllu íþróttastarfi í landinu, því til að tryggja áfram góðan árangur þarf fjármagn. Guðriður veitti Jóni Jónssyni, fyrrverandi formanni HSK gullmerki HSK.

Guðmundur Jónsson, gjaldkeri HSK gerði grein fyrir reikningum ársins 2016. Rekstrartekjur voru 36.002.889 kr., rekstrargjöld voru 35.803.447 kr. og var rekstrarafgangur því 681.046 kr. Laun og bílakostnaður eru stærsti útgjaldaliðurinn, en lottótekjur stærsti tekjuliðurinn. Guðmundur sagði einnig frá því að þátttökugjöld á unglingalandsmótum UMFÍ eru ekki greitt niður, heldur fá skráðir keppendur treyjur sem kosta meira en þátttökugjöldin. Vilji er til að halda því áfram þar sem þetta gefur hópnum mikinn svip á mótunum.

Umræður um skýrslu stjórnar fóru fram og tóku fjórir aðilar til máls. Guðmundur Kr. Jónsson, Umf. Selfoss: Þakkaði gott starf HSK og samstarf HSK við Umf. Selfoss. Fanney Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda: Lýsti



Fjárhagsnefnd héraðsþings HSK 2017 að störfum.

áhyggjum af HSK síðunni í Sunnlenska fréttablaðinu. Auglýsingar og upplýsingar í fréttablaðinu berast seint og oft eftir að atburðurinn er liðinn. Endurskoða þyrfti hvar HSK kæmi upplýsingum á framfæri til sinna félagsmanna. Þróstur Guðnason, Umf. Ingólfi: Þakkaði gott starf HSK. Tók undir með Fanneyju að Sunnlenska fréttablaðið sé kannski ekki rétti miðillinn fyrir fréttir og auglýsingar frá HSK. Engilbert Olgeirsson: framkvæmdastjóri HSK: Tók undir áhyggjur Fanneyjar og þratar. Ætlar að bera erindið undir stjórn. Óskaði síðan Jóni Jónssyni til hamingju með gullmerkið.

Undir liðnum ávörp gesta tóku til máls, Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Suðurlands og forseti Alþingis: Hún flutti kveðjur annarra þingmanna Suðurlandsdæmis. Ungmennafélögin mikilvæg til að leggja grunn að félagsstarfi ungs fólks, m.a. með þátttöku þeirra í þingum og nefndarstörfum.

Hafsteinn Pálsson, ÍSÍ: Hann ræddi m.a. um að íþróttafélögin sýni að þau kunni með fé að fara og komi því í starfið til lengri framtíðar. Hann ræddi um að nýta almenningssíðrættaverkefni á borð við Lífshlaupið og Hjólað í vinnunna til að styrkja samfélagsþátttöku og samkennd. Að lokum veitti hann Guðriði Aadnegard gullmerki ÍSÍ og Rut Stefánsdóttur og Baldri Gauta Tryggvasyni silfurmerki ÍSÍ.

Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ fjallaði um starf UMFÍ og verkefni á þeirra vegum s.s. Landsmót 50+ í Hveragerði 2017, Unglingalandsmót í Þorlákshöfn 2018, Hreyfivíkuna, Sýnum karakter o.fl. Minnti á fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ sem öll félög geta sótt um í og hvatti til þess að félögin nýti þá fjármuni sem er að finna í sjóðum UMFÍ. Ragnheiður og Örn Guðnason veittu síða eftirtöldum starfsmerki UMFÍ: María Rósa Einarsdóttir, Íþróttafélaginu Dímoni, Valdimar Hafsteinnsson, Íþróttafélaginu Hamri og Olga Bjarnadóttir, Umf. Selfoss.

Jón Jónsson þakkaði fyrir þann heiður að fá gullmerki HSK. Hvatti til þess að fólk komi hreint fram og komi ábendingum um það sem betur má fara til þeirra sem um málið fjalla, en tali „síður á torgum“.

Guðriður Aadnegard: Heiðraði íþróttamann HSK. 21 voru tilnefndir, 8 konur og 13 karlar. Fimleikakonan Margrét Lúðvíksdóttir, fimleikadeild Umf. Selfoss var valin íþróttamaður HSK 2017.

Anna Möller, forstöðumaður skrifstofu Evrópu unga fólksins á Íslandi kynnti þá styrki og námskeið sem félögum stendur til boða að sækja um úr Erasmus + styrkjahlut Evrópu unga fólksins.

Auður Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ,

tók einnig til máls og hvatti HSK til að senda inn fleiri umsóknir til „Evrópu unga fólksins“.

Kjörbréf voru borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. 105 þingfulltrúar voru á kjörbréfum, 102 þingfulltrúar mættu og 6 varamenn að auki. Einnig var ársreikningur borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Sleifarkeppnin hefur verið haldin frá 1966 og var það Gylfi Þorkelsson sem sá um keppnina í ár. Sigurvegari sleifarkeppinnar var Rut Stefánsdóttir og sér hún því um keppnina að ári.

Hádegisverður var síðan í boði Hveragerðisbæjar. Eftir það gerði formaður kjörbréfanefndar tillögur að nefndarskipan og greindi frá formönnum nefnda: Fjárhagsnefnd: Stefán Geirsson, Glímuráði HSK. Allsherjarnefnd: Jóhanna Hlökkversdóttir, Íþr.f. Garpi, Laga- og reglugerðarnefnd: Guðmundur Kr. Jónsson, Umf. Selfoss og Íþróttarnefnd: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda.

Í kaffihléi voru veittar viðurkenningar íþróttamönnum hverrar greinar, en fyrr um daginn hafði formaður veitt viðurkenningu íþróttamanns HSK 2017, sem var Margrét Lúðvíksdóttir, fimleikadeild Umf. Selfoss. Öðlingur ársins var Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla. Einnig voru veittar viðurkenningar: Unglingabíkar HSK: Golfklúbbur Selfoss, Foreldrastarfbíkar HSK: Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss og Stigahæsta félagið: Íþróttafélagið Dímon.

Að loknum nefndarstörfum og afgreiðslu tillagna þingsins, var gengið til kosninga. Tillögur að nefndar- og stjórnarskipan HSK árið 2017 voru samþykktar samhljóða.

Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, tók til máls og fagnaði ályktun HSK gegn svokölluðu áfengisfrumvarpi. Einnig hvatti hann aðildarfélag til að kynna sér vel styrki og námskeið sem í boði væru fyrir félögin. Ræddi um að fyrirmyndarfélag sem hann sagði að væri fyrir alla, stór jafnt sem smærri félög. Hann hvatti HSK til að halda áfram með vinnu við „fyrirmyndarsamband“. Hvatti forystufólk síðan til að virkja unga fólk til þátttöku í störfum HSK og innan félaganna.

Góð mæting var á þingið, Guðriður Aadnegard formaður HSK þakkaði Rut Stefánsdóttur fyrir vel unnin störf í stjórn HSK en Rut gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HSK. Einnig þakkaði hún þingfulltrúum, starfsmönnum og íþróttafélaginu Hamri fyrir þeirra hlut í þinginu. 95. þingi HSK var slitið kl. 15:55.

Íþróttaping Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

73. Íþróttaping Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands var haldið í Gullhömrum í Grafarholti dagana 5. og 6. maí 2017. Íþróttahéruð og sersambönd áttu samtals rétt á að senda 214 fulltrúa og mættu rúmlega 150 fulltrúar, auk stjórnarfólks, gesta og starfsmanna ÍSÍ.

HSK átti rétt á að senda sjö fulltrúa. Guðríður Aadnegard, Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Jónasson, Olga Bjarnadóttir, Gestur Einarsson, Guðmundur Kr. Jónsson, Örn Guðnason og Hólmfríður Fjóra Smáradóttir mættu á þingið fyrir sambandið. Þá mættu nokkrir HSK félagar og Sunnlendingar á þingið fyrir sersamböndin.

Á þinginu var Jón Kaldal frjálisþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Jón er sextándi einstaklingurinn sem ÍSÍ útnefnir í Heiðurshöll ÍSÍ. Heiðurshöll ÍSÍ er óáþreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við Hall of Fame á erlendri grundu.

Við upphaf þings fór fram kjör Heiðursfélaga ÍSÍ. Heiðursfélagar ÍSÍ voru kjörin þau Helga H. Magnúsdóttir, Jón G. Zoëga og Júlíus Hafstein. Á þinginu voru sex einstaklingar heiðraðir með Heiðurskrossi ÍSÍ, þau Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands, Árni Þór Árnason, Guðmundur Harðarson og Steinar J. Lúðvíksson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir. Stjórnarkonurnar Helga Steinunn og Ingibjörg, eða Beggó, fengu heiðurskross í lok þings, en þær gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Þá var Gunnlaugur Júlíusson sæmdur gullmerki ÍSÍ, en hann gaf ekki kost á sér áfram í stjórn ÍSÍ.

Á þinginu voru lagðir fram ársreikningar fyrir ÍSÍ árin 2015 og 2016, en þing ÍSÍ eru haldin á tveggja ára fresti. 32,4 milljón króna tap varð á rekstrinum árið 2015, sem skyrist af framkvæmd Smáþjóðaleika það ár, en bókfært tap leikana var um 31 milljón króna. 8,5 milljón króna hagnaður varð af rekstrinum árið 2016.

25 tillögur voru lagðar fram á þinginu sem voru til umræðu í fjórum þingnefndum á föstudagskvöldinu. Nokkrar umræður urðu á þinginu um ýmis mál og tillögur. Einna mesta umfjöllun fékk Felixkerfið, en nýtt kerfi var tekið í notkun fyrri hluta árs 2017.

Lárus L. Blöndal var einróma endurkjörinn forseti ÍSÍ til næstu tveggja ára með dynjandi lófaklappi en ekkert mótframboð var. Í kjölfar lagabreytinga á síðasta þingi voru nú kosnir 14 einstaklingar í framkvæmdastjórn, en engir varamenn. Sjálfkjörið var í stjórn, þar sem 14 manns gáfu kost á sér.

Eftirtaldir voru kjörnir til fjögurra ára: Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir,



Fulltrúar HSK á þingi ÍSÍ.

Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísóttir og Þráinn Hafsteinnsson. Og til tveggja ára voru kjörin þau Ása Ólafsdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Jón Finnogason og Örn Andrésson. Úlfur, Þráinn og Ása hafa ekki áður átt sæti í stjórn eða varastjórn ÍSÍ.

50. sambandsþing Ungmennafélags Íslands

50. sambandsþing Ungmennafélags Íslands fór fram á Hótel Hallormsstað 14.–15. október 2017. Rúmlega 100 fulltrúar sambandsaðila UMFÍ sóttu þingið ásamt, stjórn, starfsfólki og gestum.

Ákveðið var á þinginu að fela stjórn sambandsins að boða til aukapings og taka þar fyrir tillögu um inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ. Tillögur um lagabreytingar er varða inngöngu íþróttabandalaga voru ýmist felldar eða vísað frá á þinginu þar sem ekki náðist tilskyldur 2/3 hlutar atkvæða til að breyta lögum UMFÍ. Meira en helmingur atkvæðabærra þingfulltrúa studdi lagabreytingu við 4. grein, þar sem kveðið var á um að íþróttabandalög gætu orðið aðilar að UMFÍ. 63 af 109 sögðu já, en 12 sátu hjá og 34 voru á móti.

Málið hefur verið rætt ítarlega innan sambandsaðila UMFÍ um nokkurt skeið. Fram kom tillaga á þinginu að fela stjórn að boða til

aukapings varðandi málið og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra og Haukur Valtýsson formaður UMFÍ undirrituðu á sunnudeginum samning um ríkisfjárframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára.

Sjálfkjörið var í stjórn UMFÍ og gaf Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, kost á sér áfram til næstu tveggja ára. Þrír hættu í stjórn og varastjórn og gáfu þrír aðrir kost á sér til setu.

Jóhann Steinar Ingimarsson, fyrrverandi formaður Stjórnunnar, kemur nýr inn í aðalstjórn frá UMSK og í varastjórn koma þeir Gunnar Þór Gestsson frá UMSS og Lárus B. Lárusson frá UMSK.

Inn í aðalstjórn kemur auk þess Guðmundur Sigurbergsson, frá UMSK. Hann var áður í varastjórn UMFÍ. Fyrir voru varaformaðurinn Örn Guðnason frá HSK, Gunnar Gunnarsson frá UÍA, Hrönn Jónsdóttir frá UMSB og Ragnheiður Högnadóttir frá USVS.

Í varastjórn voru sjálfkjörin Helga Jóhannesdóttir frá UMSK sem var áður í aðalstjórn og Sigurður Óskar Jónsson frá USÚ.

Úr stjórn gengu Björn Grétar Baldursson meðstjórnandi og þeir Kristinn Óskar Grétuson og Þorgeir Örn Tryggvason sem voru í varastjórn.

HSK sendi fullmannað 18 manna þinglið. Þeir sem fóru voru Guðríður Aadnegard, Baldur Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Gestur Einarsson, Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Jónasson, Guðmundur Sigmarsson, Helgi S. Haraldsson, Ingibjörg Þ. Heiðarsdóttir, Jóhanna Hjartardóttir, Lárus Ingi Friðfinnsson, Markús Ívarsson, Olga Bjarnadóttir, Ragnar Sigurðsson, Rakel Þórarinsdóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Örn Guðnason.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn í Laugardalshöllinni í Reykjavík 17. nóvember 2017. Nú var í fyrsta sinn boðað til fundarins skv. breyttum lögum ÍSÍ en á 73. íþróttapingi ÍSÍ í maí síðastliðnum var samþykkt að bæta framkvæmdastjórn sambandsaðila við sem þátttakendum í fundinum. Riflega 100 manns sóttu fundinn. Fulltrúar HSK á fundinum voru Guðríður Aadnegard formaður og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ ávarpaði fundinn við fundarsetningu. Hann minnst á að 1. nóvember 2017 voru 20 ár liðin frá sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands en sameining

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði átta sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundurinn í júní var haldinn í Hveragerði. Aðrir stjórnarfundir voru haldnir á Selfossi. Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 27. mars. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 27. mars 2017 – 19. febrúar 2018

	27/3	8/5	19/6	4/9	10/10	6/11	8/1	19/2
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur	x	x	x	x	x	x	x	x
Helgi	x	x	x	x	x	x	x	x
Anný	x		x	x	x	x	x	x
Baldur Gauti	x	x	x	x	x	x		x
Gestur	x	x						
Olga	x	x		x	x	x		
Gísli								
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x

samtakanna var flókin og ekki átakalaus. Hann sagði engan vafa liggja á að ákvörðunin um að sameina þessi samtök hafi verið hárrétt. Verulegt hagræði hafi orðið af sameiningunni og afl og kraftur íþróttahreyfingarinnar aukist til muna.

Lárus minntist á þá miklu ábyrgð sem íþróttahreyfingin ber í því að verja börn og unglinga fyrir kynferðislegu ofbeldi og einnig í því að íþróttafélög verði áfram öruggur staður þar sem þjálfarar, sjálfbóðaliðar, börn og unglingar geta hist og upplifað gleði og samheldni. Hann ræddi einnig mikilvægi jafnréttis í hreyfingunni með tilliti til lögbundins hlutverks ÍSÍ að berjast gegn hvers kyns mismunun. Lárus sagði allar einingar íþróttahreyfingarinnar geta haft áhrif á þessi mál og minnti fundargesti á að halda vöku sinni við að skapa og viðhalda jafnrétti í íþróttum sem og í stjórnun og ráðum.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir fjárhagslegar upplýsingar.

Framkvæmdastjórn lagði fjögur mál fyrir Formannafund til kynningar og umræðu. Þorvaldur Ingimundarson heilindafulltrúi KSÍ kynnti stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix upplýsti fundinn um stöðuna á nýja Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni Afreksjóðs, þær breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og þá vinnu sem framundan vegna úthlutana úr sjóðnum og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ kynnti verkefni ÍSÍ og UMFÍ sem ber heitið Betra félag.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Ping sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg ping sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnun nokkurra sérsambanda. Tveir félagar úr röðum aðildarfélaganna HSK eru formenn sérsambanda. Jason Ívarsson úr Umf. Þjótanda er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson, glímukappi úr Umf. Laugðæla, er formaður Glímusambandsins.

Kynning og námskeið á nýja Felix

HSK og ÍSÍ stóðu fyrir kynningu og námskeiðum á nýja Felix fyrir aðildarfélög HSK og deildir þeirra. Elías Atlason verkefnastjóri Felix sá um námskeiðin. Námskeiðin voru haldin á Hvolsvelli, Selfossi og Flúðum dagana 6. 7. og 9. mars 2017. Nokkuð góð mætin var á námskeiðin en fulltrúar 25 aðildarfélaganna mættu.

Umræðupartý UMFÍ á Hvolsvelli

Umræðupartý UMFÍ var haldið tvisvar á árinu. Ungt fólk á aldrinum 15–25 ára var sérstaklega hvatt til þátttöku, hlýða á erindin og ræða við stjórnendur íþróttar- og ungmennafélaga. Í Umræðupartýum gefst ungu fólki tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og þeim sem eldri eru að hlusta og heyra skoðanir ungs fólks. Fulltrúar úr ungmennaráði UMFÍ sáu um að stýra og stjórna umræðum.

Fyrra umræðupartý ársins var haldið í Reykjavík 3. febrúar 2017. Síðara umræðupartýi ársins var haldið á Hvolsvelli 20. maí 2017 og stóð frá kl. 12.00 til kl. 16.00. Um 50 manns sótti umræðupartýið á Hvolsvelli sem þótti takast mjög vel. Jón Halldórsson, markþjálfinn og íþrótta kennari, var með erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd. Jón lagði ríka áherslu á að einstaklingar finni styrkleika sína og vinni öll sín verkefni út frá þeim.



Þingfulltrúar HSK begða á leik á þingi UMFÍ.

Að loknum erindum voru haldnar málstofur þar sem ungmennti og stjórnendur ræddu annars vegar fræðslu og forvarnir - hvernig forvarnafræðslu ungt fólk kallar eftir og hins vegar um þátttöku – þ.e. hvernig vill ungt fólk fá að taka þátt?

Landsmót DGI

Í júní 2017 gafst mér kostur á að fara í námsferð til Danmerkur á vegum UMFÍ og kynnast því hvernig vinir okkar og frændur Danir halda landsmót. Landsstevna DGI er afar stór íþróttahátíð, svipuð Landsmóti UMFÍ og er haldin á fjögurra ára fresti. DGI eða Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger eru systursamtök UMFÍ sem starfa líkt og UMFÍ. Landsmót DGI var að þessu sinni haldið í Álaborg í Danmörku og voru rúmlega 25.000 þátttakendur og um 4000 sjálfbóðaliðar. Ferðafélagar mínir voru framkvæmdastjórnar ásamt stjórnarmönnum félaga og héraðssambanda sem og stjórnarmenn og starfsfólk UMFÍ.

Tilgangur ferðarinnar var að efla ungmennafélagsandann og auka tengsl okkar innan hreyfingarinnar. Enn fremur var tilgangur ferðarinnar að upplifa landsmót Dana og nýta í hugmyndavinnu að bættu og breyttu landsmótsaldi UMFÍ. Landsmót Dana hefur ávallt verið fjölbreytt og tekið miklum breytingum í tímanna rás. Skipulagning þeirra miðast við að fá sem flesta til þátttöku og þeir leggja litla áherslu á keppni og verðlaun. Danir hafa lagt í mikla vinnu varðandi þróun mótanna og hafa þeir lagt sig fram um að virkja betur ungmennti til þátttöku.

Á mótinu var boðið upp á fjölmargar greinar og gátu landsmótsgestir tekið þátt í prufutímum og var þátttaka mikil í þeim greinum. Þá var einnig fjöldi sýninga og ýmis önnur afþreying í boði. Meðal sýningaratriða var t.d. sýning danska heimslíðsins í fimleikum (Verdensholdet). Líðið er saman sett af hæfasta fimleikafólki Danmerkur. Hópurinn ferðast vítt og breytt um heiminn, þar sem þau sýna og halda vinnubúðir fyrir áhugasamt fimleikafólk. Einn af hápunktum mótsins var að mínu mati 6.700 manna sýning frá nemendum úr framhaldsskólum (Efterskoler) í Danmörku, frábær sýning, vönduð og flott.

Af hálfu skipuleggjenda ferðarinnar voru bundnar vonir við að þarna fengjum við í hendur verkfæri til þess að mæta nýjum og breyttum þörfum í rekstri og mótahaldi hér heima. UMFÍ óskaði eftir

ákveðnum fyrirlestrum fyrir hópinn og mótsdagana sátum við fimm fyrirlestra sem DGI undirbjó. Steen Tinning, tengiliður UMFÍ í ferðinni, fór í stuttu máli yfir mótið sjálft, fyrirkomulag þess og markmið. Per Kloster fjallaði um hlutverk sjálfbóðaliða og hvernig DGI undirbjó starf þeirra í aðdraganda mótsins. Næsti fyrirlestur fjallaði um hlutverk sveitarfélaga þegar kemur að því að fjölga íbúum sem stunda hreyfingu og íþróttir og leiðir til að viðhalda þátttökunni og sá Per Nedergaard Rasmussen um þá umfjöllun. Fulltrúi í framkvæmdastjórn DGI, Troels Rasmussen, mætti til fundar við okkur og fræddi hópinn um nýjar íþróttagreinar á mótinu og ástæðuna fyrir vali þeirra. Að lokum var það Nels Petersen, stjórnarmaður í DGI, sem fjallaði um þátttakendur á mótinu og hvaða leiðum var beitt til þess að fá þá á mótið. Í upphafi ferðar var þátttakendum skipt upp í sex vinnuhópa og hver hópur fékk úthlutað fimm íþróttagreinum sem þeir áttu að greina og taka saman niðurstöður um. Stuðst var við SVÖT greiningu til að draga niðurstöðurnar saman í lokin.

Helstu niðurstöður hópanna voru á þá leið að ýmislegt er varðar umgjörð og skipulag er hægt að styðjast við hér heima. Fram kom að allir hóparnir voru á einu máli um gagnsemi ferðarinnar, fullt af nýjum hugmyndum varðandi umgjörð og skipulag móta. Einsýnt þótti að fjölbreytileiki greina höfði til fjöldans og styrkleiki fælist í lítilli áherslu á keppni en þeim mun meiri áherslu á þátttöku almennings. Hóparnir voru einnig sammála um að upplifun í „Kom og þröf“, sé eitthvað sem vert er að gefa nánari gaum að. Greinilegt þótti að Danir brjóta upp hefðbundið form greina og minnka í þeim tilgangi t.d. velli til að auka virkni þátttakenda. Aukið framboð og sá mikli fjölbreytileiki íþróttagreina hljóti að laða fleiri að mótum sem þessum. Á mótinu var höfðað til heildarinnar og stuðlað þannig að þátttöku sem flestra.

Almenn ánægja var með hópinnuna og fyrirkomulag hennar. Ferðir sem þessar töldu hóparnir mikilvægar fyrir hreyfinguna, þátttakendum gefst tækifæri til að ræða verkefni sem mæta þeim í starfi félaganna. Almennir voru hóparnir ánægðir með verkefni sem þeim var úthlutað og nokkuð gott jafnvægi milli fyrirlestra og tíma til verkefnavinnunnar. Niðurstaða ferðarinnar var að þarna hefðu þátttakendur fengið í hendur nýjar hugmyndir og betri tengsl innan hreyfingarinnar. Í

ferðinni kynntust þátttakendur samstarfsaðilum vítt um landið og skiptust á skoðunum og reynslu. Er það mat hópanna að reynsla sem þessi komi til með að nýttast í starfi og sjá þeir fram á aukin tækifæri fyrir UMFÍ að gera gott starf enn betra og til framþróunar í öllu mótahaldi hreyfingarinnar um ókomin ár.

Afar lítil áhersla var lögð á keppni, en þeim mun meiri á heilsu og hreyfingu þátttakenda. Á móttinu var afslappað andrúmsloft, einföld og fjölbreytt afþreying, mikil tónlist og sá ég ekki betur en að almenn gleði ríkti hjá landsmótsgestum.

Að loknu Landsmóti 2013 sem fram fór á Selfossi var ákveðið að staldra við og velta fyrir sér framtíð mótsins enda voru þá orðnar gríðarlega miklar breytingar á íþróttalífi og viðburðum um land allt. HSK félagar lögðu til við UMFÍ að farið yrði í endurskoðun mótanna og varð niðurstaða þeirrar vinnu að gjörbreyta móttinu, opna það og hætta allri stigakeppni en höfða þess í stað betur til fólks sem hreyfir sig alla jafna og leggur stund á reglubundna hreyfingu og útivist.

Nú í sumar fáum við að kynnast og taka þátt í breyttu Landsmóti UMFÍ sem haldið verður 12.–15. júlí á Sauðárkróki. Á móttinu verður fetað í fótspor Dana og verður mótið með breyttu sniði, nokkuð sem fólk hefur ekki áður kynnst á Íslandi. Þátttöku hafa allir, 18 ára og eldri, og er höfðað til allra sem hafa einfaldlega gaman af því að hreyfa sig. Til að öðlast þátttökurétt þarf ekki að vera félagi í ungmenna- eða íþróttafélagi. Keppnisgreinar verða rúmlega 30, bæði einstaklings- og liðakeppni. Samhliða Landsmóttinu



Þátttakendur í námsferð á danska landsmótið.

verður Landsmót UMFÍ 50+ haldið. Á því móti er sambland af íþróttakeppni og annarri keppni og hreyfingu. Mótið er opið öllum 50 ára og eldri. Mikið verður lagt upp úr annarri afþreyingu við allra hæfi og verður tónlist og menning að hætti Skagfirðinga alla mótsdagana.

HSK félagar látum okkur framtíð landsmótanna varða og því hvet ég til samstarfs við UMFÍ með því að fjölmenna á Krókinn og styðja þannig myndarlega við verkefnið og ef vel tekst til að festa nýtt fyrirkomulag í sessi.

Guðriður Aadnegard

Heildarstigatafla HSK 2017

Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2017, eftir þriggja ára hlé. Selfoss hlaut 155 stig, Dimon varð í öðru sæti með 153,5 stig og Hamar varð í þriðja sæti með 96 stig.

Röð félaga 2017		Badminton, héraðsmót	Badminton, unglíngamót	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Blak, héraðsmót drengja	Blak, héraðsmót stúlkna	Blak, hraðmót karla	Blak, hraðmót kvenna	Borðtennis, héraðsmót	Brídds, tvímenningur	Brídds, sveitakeppni	Fjálsíþróttir, héraðsmót innan.	Fjálsíþróttir, unglíngamót innan.	Fjálsíþróttir, aldursflokkamót innan.	Fjálsíþróttir, héraðsmót utan.	Fjálsíþróttir, unglíngamót utan.	Fjálsíþróttir, aldursflokkamót utan.	Glima, héraðsmót stúlkna	Glima, héraðsmót drengja	Glima, héraðsmót karla	Glima, héraðsmót kvenna	Íþróttir fatlaðra, héraðsmót	Judo, héraðmót 11 - 14 ára	Skák, héraðsmót 16 ára og yngri	Skák, sveitakeppni	Sund, aldursflokkamót	Sund, unglíngamót	Sund, héraðsmót	Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri	Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri	stíg samtals	
1.	Umf. Selfoss									8	9	10	10	10	10	10	10							10	9	10	10	9	10	10	10	10	155
2.	Íþr.f. Dimon	8		6	4,5	10	10	7	4	10	3	8	8	3	5	6	5	5	10	10					8	7	8		8				153,5
3.	Íþr.f. Hamar	10	10	10	10			8	10		10																9	9	10			96	
4.	Umf. Hrunamanna			8	8			10	6					6	9	5	7	9							9								77
5.	Umf. Þór	9	9								6,5			9	7	7	9	8								10							74,5
6.	Umf. Laugdæla			9	7			9	9	6,5				7	2	2	4		8	8													71,5
7.	Umf. Þjótandi			5							8		4	8	4	9	8	4	7		10												67
8.	Umf. Hekla			4,5				4	9	3				5	6	4		7							10	6							58,5
9.	Íþr.f. Garpur												9	2	8	8	6	6	9			10											58
10.	Umf. Biskupstungna															3		3		9		9											24
11.	Íþr.f. Suðri											7				3							10										20
12.	Umf. Gnúpverja													4												8							12
12.	Golfkl. Flúðir										3	9																					12
14.	Umf. Eyrarbakka											5																					5

Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel 2016

Á síðasta ári sátu í húsnæfnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson frá HSK formaður
Hjördis Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Kristín Dagbjartsdóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 13. febrúar 2017 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalds eða námskeiða.

Framkvæmdir innanhúss á árinu voru þær að anddyri, salerni og eldhúsi var málað og skipt var um gólfplisar í forstofu, salerni og eldhúsi. Framkvæmdir utanhúss voru þær að gluggar, veggir og vindskaiðar voru fúavarðir.

Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Að lokum vill húsnæfnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlynningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson

Felixskýrslu þarf að skila fyrir 15. apríl

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sersambönd skila skýrslu inn eigi síðar en 15. apríl ár hvert.



„Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ senda framkvæmdastjórn ÍSÍ starfsskýrslur síðasta árs í tölvuskrá samkvæmt forriti sem ÍSÍ leggur til ásamt félaga- og iðkendatali síðasta starfsárs. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í íþróttapingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beiingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.“

Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn,



Rangárþing ytra vann sundkeppni sveitarfélaga í hreyfiviku UMFÍ í þriðja sinn.

iðkendur eftir íþróttageinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttageina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sersambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á. Ítarlegar leiðbeiningar um starfsskýrsluferlið eru á heimasíðu ÍSÍ.

Starfsskýrslan skiptist í þrennt:

Félagatal (félagar og iðkendur).

Ársreikning fyrir síðastliðið ár.

Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu í félaginu og deildum þess.

Árið 2017 var uppfært Felixkerfi tekið í notkun og átta félögin að skila felixskýrslunni með nýja kerfinu. Því miður var kerfið ekki fullbúið og ítrekað varð að framlengja skilafrest. Tvö félög sendu ekki inn Felixskýrslu á árinu.

Skemmtilegur leikur – fyrirhafnarlítill fjáröflun

Íslenskar getraunir er fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar og rennur allur arður frá fyrirtækinu í sjóði íþróttahreyfingarinnar.

Reksturinn byggist á tveim leikjum. Annarsvegar Lengjunni þar sem típparar geta típpað á úrslit leikja, úrslitin í fyrri hálfleik, hvaða leikmaður gerir næsta markið o.s.frv. Hinsvegar er það sala getraunaseðla þar sem típparar típpa á 13 leiki og geta unnið tugi milljóna króna ná þeir að típpa á alla leikina rétta. 10, 11 og 12 leikir réttir gefa líka vinning.

Íslenskar getraunir hafa látið hanna tölvukerfi sem gerir íþróttafélögum kleyft að selja getraunaseðla til sinna stuðningsmanna og velunnara. Kerfið er afar einfalt í notkun. Í sinni einföldustu mynd þá safna umsjónarmenn kerfisins stuðningsmönnum saman í



HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK



HSK mót í taekwondo

Héraðsmót HSK í taekwondo var haldið í Baulu 3. desember 2017. Keppt var í formum, bardaga og þrautabrotum. Allir keppendur í þetta skiptið voru úr Umf. Selfoss. Mótið tókst mjög vel og sýndu keppendur góð tilþrif á keppnisvelliðum, en beltapróf fór fram daginn fyrir mót.



HSK-mót í júdó

Júdmót HSK fyrir 6–9 ára 2017 var haldið á Selfossi 8. desember 2017. Þetta var skemmtilegt mót og var gaman að sjá yngstu krakkana prófa að keppa, en mörg þeirra voru að gera það í fyrsta skipti. Krakkarnir stóðu sig vel og eiga bjarta framtíð í júðóinu. HSK mót 10–14 ára í júðó var haldið í æfingasal júðódeildar Umf. Selfoss í gamla Sandvíkurskólanum 14. desember 2017. Þarna kepptu bæði byrjendur og lengra komnir og stóðu þau sig öll með þryði. Margir voru að keppa í fyrsta skiptið og lærðu þau einnig þær reglur sem gilda þegar keppt er í júðó.

getraunahóp, þar sem hver og einn leggur ákveðna upphæð í sameiginlegan pott, stundum kallaður húspottur. Sú upphæð gæti t.d. verið 1.000 krónur, má vera meira og má vera minna og stendur t.d. í 10 vikur.

Ef 20 einstaklingar taka þátt með 1.000 krónum hver, þá á húspotturinn 20.000 krónur á viku til að tippa fyrir og þannig er hægt að velja gott kerfi á seðilinn sem eykur möguleika á vinningi. Ef vinningur kemur á getraunaseðilinn sér kerfið um að láta þátttakendur í húspottinum vita og skiptir honum á milli þeirra. Íþróttafélagið fær 26% af upphæðinni sem tippað er fyrir í sinn hlut frá Getraunum.

Það að tippa á getraunaseðil er einföld og fyrirhafnarlítill fjárfundun leið fyrir íþróttafélögin. Jafnframt er það skemmtilegur leikur sem getur gefið möguleika á ágætum vinningum.

Starfsfólk Íslenskra getrauna er boðið og búið að aðstoða í upphafi og kenna á tölvukerfið.

Pétur Hrafn Sigurðsson,
deildarstjóri Getraunadeildar
GSM 8970714, netfang phs@getspa.is

Lottóið gaf vel á árinu

Alls voru heildarlottótækjur inn á HSK svæðið árið 2017 kr. 28.767.749 og hafa aldrei verið meiri. Tekjuaukningin er vegna aukagreiðslna bæði frá ÍSÍ og UMFÍ, sem komu til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár. Til samanburðar voru lottótækjur árið 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189, árið 2010 kr. 14.942.890 og árið 2009 kr. 12.790.362.



Lottótækjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2017 var kr. 11.965.609 og frá UMFÍ kr. 16.802.140.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mættu fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendamótölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendamótölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórúð úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum



Frá fjölskyldugöngu HSK á Hellisfjall.

úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfuleg tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Tvö fjöll tilnefnd í verkefnið Fjölskyldan á fjallið

HSK tók þátt í verkefninu fjölskyldan á fjallið, eins og jafnan áður. Fjöllin sem HSK tilnefndi í verkefnið árið 2017 voru Reykjafjall við Hveragerði og Hellisfjall á Landmannafrétti.

Svokölluð póstkassaganga var farin á Reykjafjall 24. júní 2017 og var gangan hluti af dagskránni á Landsmóti 50+ í Hveragerði þá helgi. Göngustjóri var Gísli Páll Pálsson formaður framkvæmdanefndar Landsmóts 50+ 2017 og fyrrverandi formaður HSK.

HSK stóð einnig fyrir fjölskyldugöngu á Hellisfjall á Landmannafrétti 1. júlí 2017. Göngustjóri var Guðni Olgeirsson leiðsögumaður og áhugamaður um gönguleiðir að fjallabaki.

Á haustdögum voru dregnir út heppnir þátttakendur sem fengu afhent verðlaun á skrifstofu UMFÍ. Það voru Anna Bjarnadóttir og Kristín Vala Erlendsdóttir sem fengu verðlaun. Anna gekk á Reykjafjall á Landsmóti 50+ í sumar og fékk gjafabréf í gistingu á Ás Guesthouse í Hveragerði og Kristín Vala gekk á Hellisfjall og fékk gjafabréf í gistingu í skála Hellismanna í Landmannahelli. Þær fengu einnig UMFÍ bol að gjöf við afhendinguna.

Dímon fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Íþróttafélagið Dímon á Hvolsvelli fékk viðurkenningu frá ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag á aðalfundi félagsins sem haldinn var á Hvolsvelli 26. febrúar 2017. Alls hlutu sex af sjö deildum félagsins viðurkenninguna og stefnt er að viðurkenningu fyrir þá sjöundu fljótlega. Deildirnar sex hafa þessu viðurkenningu í fjögur ár og þurfa þá að sækja um endurnýjun hennar til ÍSÍ.

Það var Jón Finnogason úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og jafnframt í stjórn Þróunar- og fræðslusviðs sem afhenti forystumönnum deildanna viðurkenningarnar auk fána fyrirmyndarfélaga. Íþróttafélagið Dímon er sjöunda félagið innan HSK sem fær þessa viðurkenningu.

FSu og GOS með endurnýjun viðurkenningar

Körfuknattleiksfélag FSu fékk endurnýjun viðurkenningar sinnar sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ 2. mars 2017 en félagið fékk fyrst viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ í desember árið 2011.

Þá fékk Golfklúbbur Selfoss endurnýjun viðurkenningar félagsins þann 7. desember 2017. Golfklúbbur Selfoss fékk fyrst viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ þann 13. maí árið 2013.

Rangárþing ytra vann sundkeppni Hreyfiviku UMFÍ í þriðja sinn

Mikil þátttaka var í Hreyfiviku UMFÍ árið 2017. Um 490 viðburðir í um 60 bæjarfélögum fóru fram og sem um 43.000 einstaklingar tóku þátt.

Líkt og undanfarin ár var haldin sundkeppni sveitarfélaga í Hreyfiviku UMFÍ. Þriðja árið í röð bar Rangárþing ytra sigur úr bítum með 452 m synta á hvern íbúa. Í öðru sæti er nágrannasveitarfélag þeirra, Rangárþing eystra með 180 m synta á hvern íbúa. Í þriðja sæti eru svo íbúar í Skaftárhreppi með 133 m synta á hvern íbúa í sveitarfélaginu.

Samtals voru syntir um 3.065 km í um 4.200 sundferðum.

31 vinnustaður af sambandssvæði HSK tók þátt í verkefninu Hjólað í vinnuna

Verkefninu Hjólað í vinnuna 2017 lauk formlega með verðlaunaafhendingu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal.

Árið 2017 tóku um sex þúsund þátttakendur í verkefninu Hjólað í vinnuna. 450 vinnustaðir tóku þátt, sem skráðu 966 lið til keppni. Skráðir kílómetrar voru 428.926 km sem jafngildir um 320 hringjum í kringum landið. Er þetta aukning á öllum tölum frá árinu áður. 31 vinnustaður af sambandssvæði HSK tók þátt og eru þeir í samtals sjö af 11 sveitarfélögum innan HSK.

Sem fyrr segir voru hjólaðir 428.926 km eða 330,33 hringir í kringum landið. Við það spöruðust rúmlega 64 þúsund tonn af útblæstri CO₂, og rúmlega 36 þúsund lítrar af eldsneyti sem gera sparnað upp á rúmar 7 milljónir króna. Brenndar voru um 26 milljónir kaloría sé þessi vegalengd gengin en 13,7 milljónir kaloría sé þessi vegalengd hjóluð, sé miðað við 80 kg mann sem eður á fólksbíl.

Landmenn hafa tekið áttakinu gríðarlega vel og hefur verið aukning ár frá ári. Einnig má merkja að hjólaðir allt árið hafa aukist til muna síðan að verkefnið hófst fyrir 15 árum. Meginmarkmið Hjólað í vinnuna er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmaet að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélagum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félagum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem felld hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjá fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabætur ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabætur skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabætur skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabætur má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélag sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélagin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sersamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mætum þingfulltrúum eru samþykktir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrælsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félagum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2017

Akstursíþróttafélög:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfæruklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Dofrabergi 3, Hafnarfirði
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbar:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbbur Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabelgs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Bryndís Scheving
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Óskar Pálsson
Össur Emil Friðgeirsson
Þórhalli Einarsson
Ástfríður M. Sigurðardóttir
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Þóroddur Halldórsson
Aðalsteinn Steinþórsson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Bæjargili 109, Garðabæ
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Valsheiði 24, Hveragerði
Brúnastöðum 73, Reykjavík
Fagurgerði 10, Selfossi
Fjóluhlíð 3, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsbergi 16, Þorlákshöfn
Túngötu 21, Grindavík
Mánatúni 13, Reykjavík

Hestamannafélög:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
Hestamannafélagið Trausti

Ólafur Þórisson
Anna Linda Gunnarsdóttir
Hafþór Þorvaldsson
Freydís Örlygsdóttir
Magnús Ólason
Ingvar Hjálmarsson
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Básahrauni 6, Þorlákshöfn
Dalsbrún 17, Hveragerði
Bjarkarbraut 20, Reykholti
Grenigrund 7, Selfossi
Fjalli 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Fossahvarfi 5, Kópavogi

Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri

Ásta Laufey Sigurðardóttir
Jóhanna Hlökkversdóttir
María K. Jacobsen
Hallgrímur Óskarsson
Birgir Örn Harðarson
Gissur Gunnarsson
Þórdís Bjarnadóttir

Króktúni 9, Hvolsvelli
Hellum, Landsveit
Undirhlíð 1, Sólheimum
Lækjarhvammi, Ölfusi
Grænuvöllum 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksrima 10, Selfossi

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélög:

Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir

Hafþór Theodórsson
Jón Þorberg Steindórsson
Guðbjartur Örn Einarsson

Álakovísl 9, Reykjavík
Minni-Völlum, Landsveit
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag FSu

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Einar Alexander Haraldsson

Arnarheiði 13b, Hveragerði.

Skotfélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotfélagið Skyttur

Ólafur Árni Músson
Magnús Ragnarsson

Brandshúsum 3, Flóahreppi
Gilsbakka 31, Hvolsvelli

Ungmennafélög:

U.B.H.
Umf. Ásahrepps
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkið
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjóðandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Jakob S. Þórarinnsson
Oddur Bjarni Bjarnason
Konráð Helgi Haraldsson
Ármann Fannar Magnússon
Helga Böðvarsdóttir
Lilja Guðnadóttir
Jón Hákonarson
Guðmundur Jónsson
Jóhanna Bríet Helgadóttir
Antónía Helga Guðmundsdóttir
Þorsteinn Guðnason
Pétur Ingi Haraldsson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Guðmundur Kr. Jónsson
Lára Jónsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Áskoti, Ásahreppi
Brautarhóli, Biskupstungum
Búðarhóli, A-Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Hvammi, Eyrarbakka
Hrauk, Þykkvabæ
Ásum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bólöldu 3, Hellu
Suðurhófi 5, Flúðum
Borgarbraut 2, Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Torfholti 2, Laugarvatni
Hellum, Landsveit
Austurmýri 13, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ólafsvöllum 9, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Seftjörn 20, Selfossi
Eyjahraun 11, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 14 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 11 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Þuríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017

Iðkendum fjölgaði um 136 milli ára

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2016, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2017. Einnig eru birtar tölur síðustu ára. Iðkendum á sambandssvæðinu fjölgaði um 136 milli ára, eða um 1%. Mesta fjölgunin varð í golfi, en þar fjölgaði iðkendum um 242 á milli ára. Iðkendum fjölgaði hlutfallslega mest í júdó, eða um 210,9%. Þá fjölgaði iðkendum um 15,3% í glímu og 10,8% í knattspyrnu. Iðkendum fækkaði í nokkrum greinum, t.d. fækkaði iðkendum í badminton um 54,4% á milli ára.

Iðkendum félaga í einstökum greinum innan HSK

Íþróttagrein	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Golf	1803	1905	2152	2843	2642	2867	2960	2981	2921	3163
Hestaíþróttir	1896	1838	1932	1964	2014	2044	2044	2070	2078	2016
Almenningsíþróttir	623	493	551	1252	1240	1210	1308	1857	1879	1909
Knattspyrna	1464	1430	1441	1340	1167	1177	1418	1456	1337	1481
Fimleikar	773	822	807	859	1032	735	1155	1262	1193	1056
Frjálsar íþróttir	901	708	763	633	639	647	692	764	961	978
Körfuknattleikur	830	804	868	716	716	720	861	821	874	797
Handknattleikur	400	454	457	426	355	454	521	565	511	549
Skotfimi	132	131	131	77	135	187	186	313	248	242
Sund	102	102	115	116	194	235	244	229	187	189
Glíma	188	182	201	178	149	167	182	179	163	188
Júdó	61	73	79	55	83	55	55	55	55	171
Motocross	8	131	131	151	151	131	140	104	114	151
Taekwondo		87	100	134	115	180	144	137	127	150
Blak	225	239	224	221	185	228	224	235	280	137
Íþróttir fatlaðra	113	115	103	104	111	108	89	76	86	86
Badminton	152	166	148	135	117	130	131	137	160	73
Kraftlyftingar		25	26	38	34	94	73	92	71	71
Leiklist	140	102	93	103	93	104	98	73	73	66
Akstursíþróttir					9	16	20	26	31	49
Borðtennis	96	106	100	97	67	60	59	66	59	44
Brídds	37	37	37	37	32	31	30	30	30	30
Lyftingar								26	41	25
Karate						11	11		9	8
Skógrækt	5	5	5	5	5	5	5	5	5	
Þríþraut					9	9				
Hnefaleikar	20			13	13					
Skák	6	7	7	5						

Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum aðildarféлага þá fjölgaði félagsmönnum um 578 á milli ára og eru nú 20.319, sem er 2,92% fjölgun. Íbúum á sambandsvæðinu fjölgaði um 478 milli ára, sem er 2,44% fjölgun og eru nú 20.012 talsins í sveitarfélögum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2017.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn			tekjur af lottói	getrauna-númer
	15 ára -	16 ára +	alls		
Frjálsíþróttaráð HSK				799.564	
Glimuráð HSK				171.912	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	12	12	1.679	
Golfkl. Ásatúns	0	367	367	84.470	830
Golfkl. Dalbúi	1	102	103	23.998	813
Golfkl. Flúðir	11	260	271	181.348	814
Golfkl. Geysi	15	42	57	115.788	
Golfkl. Hellu	11	99	110	48.819	852
Golfkl. Hveragerðis	9	162	171	107.044	812
Golfkl. Kiðjabergs	20	381	401	170.974	797
Golfkl. Selfoss	66	546	612	377.814	808
Golfkl. Tuddi	18	27	45	70.983	
Golfkl. Úthlið	2	305	307	76.273	845
Golfkl. Þorlákshafnar	31	354	385	228.967	796
Golfkl. Þverá	0	62	62	0	867
Golfkl. Öndverðarness	23	531	554	195.269	798
Hestamannaf. Geysir	151	480	631	582.333	856
Hestamannaf. Háfeti	10	64	74	32.540	
Hestamannaf. Ljúfur	24	112	136	83.942	816
Hestamannaf. Logi	32	167	199	140.726	
Hestamannaf. Sleipnir	97	451	548	420.941	
Hestamannaf. Smári	61	254	315	209.348	
Hestamannaf. Trausti	7	125	132	38.558	842
Íþróttaf. Dímon	272	466	738	944.676	859
Íþróttaf. Garpur	43	270	313	231.473	855
Íþróttaf. Gnýr	0	54	54	63.005	
Íþróttaf. Hamar	366	1362	1728	2.112.722	810
Íþróttaf. Milan	0	50	50	56.526	
Íþróttaf. Mímir	2	138	140	72.844	843
Íþróttaf. Suðri	8	109	117	88.845	827
Karatef. Suðurlands	0	10	10	1.920	
Knattsp.f. Árborg	15	208	223	177.412	811
Knattsp.f. Rangæinga	236	472	708	646.759	866
Knattsp.f. Ægir	68	467	535	365.258	822
Körfuknattl.f. FSu	67	88	155	192.271	831
Lyftingaf. Hengill	0	97	97	16.538	
Skotf. Skyttur	0	89	89	66.364	795
Skotíþr.félag Suðurlands	1	223	224	97.062	
Torfærskl. Suðurlands	0	92	92	69.244	
UBH	0	188	188	81.483	860
Umf. Ásahrepps	2	49	51	0	853
Umf. Biskupstungna	78	240	318	265.866	803
Umf. Dagsbrún	0	165	165	79.323	865
Umf. Eyfellingur	2	75	77	71.625	863
Umf. Eyrarbakka	35	223	258	113.660	820
Umf. Framtíðin	13	53	66	90.228	
Umf. Gnúpverja	43	371	414	320.077	802
Umf. Hekla	191	416	607	655.054	851
Umf. Hrunamanna	95	384	479	463.406	801
Umf. Hvöt	0	137	137	77.163	809
Umf. Ingólfur	0	107	107	69.724	850
Umf. Laugdæla	76	166	242	395.524	840
Umf. Merkiðvoll	0	57	57	9.119	854
Umf. Selfoss	1508	3020	4528	6.761.705	800
Umf. Skeiðamanna	11	270	281	166.249	799
Umf. Stokkseyrar	104	324	428	329.831	825
Umf. Trausti	0	86	86	14.398	862
Umf. Þjótandi	78	203	281	333.660	
Umf. Þór	210	513	723	960.772	815
Umf. Þórsmörk	0	61	61	61.085	861
Samtals	4.113	16.206	20.319	20.686.161	

Íþróttaiðkendur aðildarfélag HSK

Eitt af árlægum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2016, sem skilað var á árinu 2017.

Aðildarfélag HSK	Konur		Karlur		Bæði kyn		Alls
	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	0	12	0	12	12
Golfkl. Ásatúns	0	58	0	309	0	367	367
Golfkl. Dalbúi	0	40	1	62	1	102	103
Golfkl. Flúðir	1	104	10	156	11	260	271
Golfkl. Geysir	6	10	9	32	15	42	57
Golfkl. Hellu	3	36	8	63	11	99	110
Golfkl. Hveragerðis	4	55	5	106	9	161	170
Golfkl. Kiðjabergs	7	141	13	240	20	381	401
Golfkl. Tuddi	8	6	10	21	18	27	45
Golfkl. Selfoss	24	187	42	358	66	545	611
Golfkl. Úthlíð	0	50	2	101	2	151	153
Golfkl. Þorlákshafnar	4	96	11	210	15	306	321
Golfkl. Þverá	0	0	0	0	0	0	0
Golfkl. Öndverðarness	8	232	15	299	23	531	554
Hestamannaf. Geysir	86	211	65	269	151	480	631
Hestamannaf. Háfeti	8	22	2	42	10	64	74
Hestamannaf. Ljúfur	17	41	7	71	24	112	136
Hestamannaf. Logi	13	67	19	100	32	167	199
Hestamannaf. Sleipnir	57	190	40	261	97	451	548
Hestamannaf. Smári	30	110	31	125	61	235	296
Hestamannaf. Trausti	4	57	3	68	7	125	132
Íþróttaf. Dímon	165	12	134	9	299	21	320
Íþróttaf. Garpur	24	78	18	113	42	191	233
Íþróttaf. Gnýr	0	50	0	55	0	105	105
Íþróttaf. Hamar	82	725	126	668	208	1393	1601
Íþróttaf. Milan	0	0	0	48	0	48	48
Íþróttaf. Mimir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	1	15	6	22	7	37	44
Karatef. Suðurlands	0	0	0	8	0	8	8
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	65	0	65	65
Knattsp.f. Rangæinga	36	2	66	22	102	24	126
Knattsp.f. Ægir	3	49	16	83	19	132	151
Körfuknattleiksf. FSu	9	9	48	24	57	33	90
Lyftingaf. Hengill	0	12	0	13	0	25	25
Skotfélagið Skyttur	0	1	0	75	0	76	76
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	4	0	162	0	166	166
Torfærukлубbur Suðurlands	0	0	0	31	0	31	31
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Ásahrepps	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Biskupstungna	57	34	66	20	123	54	177
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	5	0	5	0	10	10
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	2	5	1	0	3	5	8
Umf. Gnúpverja	18	15	28	127	46	142	188
Umf. Hekla	115	203	95	230	210	433	643
Umf. Hrunamanna	50	94	48	145	98	239	337
Umf. Hvöt	0	7	0	60	0	67	67
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	75	14	81	27	156	41	197
Umf. Merkiðvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Selfoss	1005	344	1141	384	2146	728	2874
Umf. Skeiðamanna	2	3	0	7	2	10	12
Umf. Stokkseyrar	68	38	32	127	100	165	265
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þjótandi	26	8	39	17	65	25	90
Umf. Þór	144	51	96	144	240	195	435
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2162	3503	2334	5630	4496	9133	13629

Íþróttamaður HSK frá upphafi

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Puríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2017	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	júdó

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Guðmundur Pálsson, Umf. Selfoss var valinn matmaður héraðsþingsins í Hveragerði og mun hann velja matmann HSK á þinginu í Þorlákshöfn 2018.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemen Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjöla Guðnadóttir	Borg
2001	Jón Andrússon	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
2011	Helgi S. Haraldsson	Hella	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði			

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3–4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Rut Stefánsdóttir úr Hestamannafélaginu Sleipni vann sleifarkeppnina 2017 og mun hún sjá um keppnina á héraðsþinginu í Þorlákshöfn 2018.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1995	Kristinn Guðnason	Hella
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg
1969-70	Engin keppni		1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1978-81	Engin keppni		2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2008	Jóhanna Lilja Þróðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2015	Sigþróður Harðardóttir	Flúðir
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúð	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði

Fréttapunktur frá ÍSí 2017

Heimsóknir forseta ÍSí til íþróttahéraða

Forseti ÍSí heimsótti á árinu 2017 starfssvæði Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) og Héraðssambands Ströndanna (HSS). Fundað var með fulltrúum sambandanna og sveitarfélaganna. Forseti ÍSí, ásamt foruneyti, hefur heimsótt hin ýmsu íþróttahéruð víða um land síðustu þrjú árin. Á hverjum stað hefur forsetinn fundað með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar og fulltrúum sveitarfélaga og kynnt sér íþróttastarfsemina ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Formannafundur 2017

Formannafundur ÍSí var haldinn þann 17. nóvember í Laugardalshöllinni. Nú var í fyrsta sinn boðað til fundarins skv. breyttum lögum ÍSí en á 73. Íþróttþingi ÍSí í maí 2016 var samþykkt að bæta framkvæmdastjórum sambandsaðila við sem þátttakendum á fundinum. Riflega 100 manns sóttu fundinn.

Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSí fjögur mál fyrir fundinn. Þorvaldur Ingimundarson heilindafulltrúi KSÍ kynnti stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSí og UMFÍ um Felix upplýsti fundinn um stöðuna á nýja Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni Afreksjóðs ÍSí, þær breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og þá vinnu sem framundan er vegna úthlutana úr sjóðnum og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí kynnti verkefni ÍSí og UMFÍ sem ber heitið Betra félag.

Heiðurshöll ÍSí

Á 73. íþróttþingi ÍSí þann 5. maí var Jón Kaldal frjálfsíþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSí.

Á hófi íþróttamanns ársins 2017, þann 28. desember, var Skúli Óskarsson kraftlyftingamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSí. Alls eru nú 17 einstaklingar í Heiðurshöllinni. Heiðurshöll ÍSí er á vefsíðu ÍSí og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2017 voru 127 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 30 m.kr. frá árinu 2016. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2017 var 95 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 10 m.kr. frá árinu 2016.

Úthlutun styrkja úr Afreksjóði ÍSí

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stórukið fé til Afreksjóðs ÍSí. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er



Stjórn ÍSí að loknu Íþróttþingi 2017.

afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda ÍSí um 150 m.kr. og síðar á árinu var úthlutað 100 m.kr. til viðbótar. Miklar breytingar voru gerðar á reglugerð Afreksjóðs ÍSí á árinu 2017 og nú er úthlutað samkvæmt nýju vinnulagi sem felur í sér aukna samvinnu ÍSí og sérsambanda. Nánari úthlutun má sjá á vefsíðu Afreksíþróttasjóðs ÍSí á <http://isi.is/> en þar er sérstakt vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2017 sendi ÍSí þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Erzurum í Tyrklandi 12.–17. febrúar. Ísland átti keppendur í alpagreinum, skíðagöngu, listskautum og á snjóbrettum. Keppendur á leikunum eru á aldrinum 14 til 18 ára, þátttökupjódör eru 34 og þátttakendur eru um 1200.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram í San Marínó frá 29. maí til 3. júní. Tæplega 200 manns voru í íslenska hópnum, þar af 136 keppendur eða 73 karlar og 63 konur. Ísland hafnaði í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 60 verðlaun, þar af 27 gullverðlaun. Lúxemborg er á toppi töflunnar með 97 verðlaun, þarf af 37 gull. Kýpur var í 2. sæti með 83 verðlaun, þar af 30 gull.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Györ í Ungverjalandi frá 23. til 29. júlí. Alls tóku 34 íþróttamenn þátt fyrir Íslands hönd, auk flokksstjóra, þjálfara, dómarar og farastjórnar.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknistaknaðar og kostnaðar vegna sjúkráþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSí standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði almenningisíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSí

Slóðin á vefsíðu ÍSí er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttar og tilkynningar um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig á Fésbók (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir ísiiceland. ÍSí er einnig með Vimeo-síðu (<https://vimeo.com/user33366809>) og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni (<https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands>). Myndasíða ÍSí er sífellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir (<http://myndir.isi.is/>).

Felix - Félagakerfi ÍSí og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvakerfi ÍSí og UMFÍ og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrtækinu Idega. Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017 en við innleiðingu kom í ljós að kerfið var í raun ekki tilbúið til notkunar. Því var farið í gagngerar prófanir á kerfinu og uppfærslur og telst kerfið nú fullbúið. Íþróttafélög innan ÍSí og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Microsoft Edge, Internet Explorer, Google Chrome og Safari. Kerfið fæ sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaus og nýstist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2017 var haldinn þann 4. október. Lesa má meira um verkefnið á www.forvarnardagur.is.

Þróun og fræðsla

ÍSí hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttþátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útrentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglum, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍsÍ stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars í ljósi #metoo byltingarinnar fræðslufundi um forvarnir gegn kynferðislegu áreiti. Einnig var ÍsÍ í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurlíkana (RIG) og HÍ og HR.

Sýnum karakter

ÍsÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogaþæfni og markmiðasetningu. Heimasiða verkefnisins er www.synumkarakter.is, einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.

Þann 29. september var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – allir með!, en hún var ætluð ungmennum á aldrinum 13–25 ára. Markmið ráðstefnunnar var að upplýsa ungmennin um að í þróttahreyfingunni er rými fyrir alla og að störf dómara, þjálfara og stjórnarmanna geti verið spennandi og gefið einstaklingum mikið. Ráðstefnan byggðist upp af fyrirlestrum, vinnuhópum og pallborði, en þar gafst ungmennunum tækifæri til að spyrja ráðamenn innan íþróttahreyfingarinnar. Um 80 ungmenni sóttu ráðstefnuna alls staðar af landinu.

Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun ÍsÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍsÍ sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sérsambandanna.

Fyrirmyndarfélag ÍsÍ og Fyrirmyndarhérað ÍsÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍsÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félöganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélagas ÍsÍ.

Á íþróttþingi ÍsÍ árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍsÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Ungmennasamband Eyjafjarðar fékk í nóvember afhenta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍsÍ, fyrst allra íþróttahéraða. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍsÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. ÍsÍ hefur fengið sérsambönd í lið með sér sem hafa boðið börnum að prófa ýmsar greinar. Íþróttafélög með sumarnámskeið og frístundaheimili hafa tekið þátt á undanförmum árum. Þá hefur Samband Íslenskra Ólympíufara tekið þátt í golfmóti sem skipulagt hefur verið af GSÍ í tilefni dagsins.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 1.–21. febrúar 2017. Þátttakendur voru 16.000 að þessu sinni.

Hjolað í vinnuna fór fram í fimmtánda sinn 3.–23. maí 2017. Þátttakendur voru 5.721. 428.926 kílómetrar voru skráðir, sem samsvarar rúmum 320 hringjum í kringum Ísland. Verkefnið hefur frá upphafi hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.



Vinnuhópur um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍsÍ kynnir tillögur um breytingar á reglugerð um sjóðinn.

Kvennahlaupið fór fram 18. júní 2017. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 6. september – 4. október 2017. 71 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Lyfjamál

Alls voru tekin 151 sýni á árinu 2017, þar af 80 sýni í keppni eða um 53%. Lyfjapróf voru tekin í 17 íþróttgreinum og reyndust þrjú sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍsÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍsÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍsÍ, <http://isi.is/lyfjaeftirlit/>.

Starfsskýrslur ÍsÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍsÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2017

Þann 28. desember 2017 hélt ÍsÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍsÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2017 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttaféttamanna á íþróttamanni ársins 2017 lýst.

Líney Rut í stjórn EOC

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍsÍ var þann 24. nóvember kjörin í stjórn Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC), fyrst Íslendinga. Líney Rut var kjörin í stjórnina til næstu fjögurra ára. Ein önnur

kona verður í stjórn EOC næstu fjögur árin, Daina Gudzeviciute, forseti Ólympíunefndar Litháen. Líney Rut er vel þekkt innan EOC en hún hefur starfað í ýmsum nefndum og ráðum innan EOC og m.a. stýrt eftirlitsnefnd á Ólympíuhátið Evrópuæskunnar.

Það er stór sigur fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi að eiga nú fulltrúa í æðstu samtökum Ólympíuhreyfingarinnar í Evrópu.

Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið 1984. ÍsÍ sér um framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Verkefnið nýtur stuðnings ÍsÍ, Mjólkursamsölnunnar og Evrópuráðsins og er haldið í samvinnu við Íþrótt- og heilsufræðifélag Íslands. Formleg setning hlaupsins fór fram í Giljaskóla á Akureyri að þessu sinni. Þátttaka í hlaupinu var mjög góð en 73 skólar tóku þátt og hlupu 18.947 nemendur 63.988 kílómetra.

Íþróttavika Evrópu

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) var haldin víðsvegar um álfuna, vikuna 23.–30. september 2017. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands heldur utan um verkefnið. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Þetta var í annað sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Heilsuefning eldri aldurshópa

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍsÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍsÍ er að störfum nefnd um íþróttir 60+. Á vefsíðu ÍsÍ má finna yfirlit yfir hreyfitalboð til eldri borgara í öllum landshlutum ásamt ýmsum fróðleik um heilsu og hreyfingu eldri borgara.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2017



COREDATA

UMFÍ og AZAZO gerðu í janúar samning um notkun á hugbúnaðinum AZAZO CoreData til að halda utan um öll gögn hreyfingarinnar, bæta verkefnastýringu og fundarhöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ enda snýr hann að framtíðarsýn hreyfingarinnar. Innleiðingu á kerfinu er lokið og á nú öll skjalavinnsla sér stað í CoreData. Með kerfinu getur UMFÍ haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundarhöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ hafa þegar tekið kerfið í notkun.

Ungt fólk til áhrifa

UMFÍ leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og sterka sjálfsmynd einstaklingsins svo hann geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl. Dagana 5.–7. apríl var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í áttunda sinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var Ekki bara framtíðin – Ungt fólk, leiðtoga nútímans. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni en jafnframt komu Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga (USVH), Sveitarfélagið Árborg og Húnaþing vestra að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Heildarfjöldi þátttakenda var um 70 manns, blanda af ungmennum á aldrinum 16–25 ára sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið.

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að fara af stað með verkefni undir heitinu Umræðupartý UMFÍ. Markmið og tilgangur verkefnisins er að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélags hreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. Einnig er markmið með verkefninu að gefa ungu fólki tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og hafa skoðun á því hvernig UMFÍ vinnur með verkefni sem hugsuð eru fyrir ungt fólk. Verkefnið stendur frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2018.

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 20. maí í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á fundinum flutti markþjálfinn og íþróttakenningarinn Jón Halldórsson erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd einstaklinga. Í erindinu sagði hann m.a. að sé vilji til þess að ná árangri sem hópur þá verði að vinna með styrkleika einstaklinga í hópnum en ekki miða út frá veikleikum þeirra. Jón lýsti því m.a. hvernig fólk leitar oftast að veikleikum sínum og reyni að vinna í því að bæta þá. Það ætti ekki að gera heldur vinna með styrkleikana.

Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 29. maí – 4. júní. Alls voru um 150 boðberar víðs vegar um landið sem stóðu fyrir um 490 viðburðum í 60 bæjarfélögum árið 2017. Áætlað er að um 43.000 þátttakendur hafi tekið þátt.

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrad milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020.

Í Hreyfivikunni leggja áhugasamir boðberar hreyfingar sitt af mörkum í nærumhverfi sínu að fá fólk til að hreyfa sig. Þetta leiðir til þess að margar frumlegar og óhefðbundnar leiðir eru farnar. Dæmi um þetta er, samflot á Akranesi, jarðfræðiganga,



Maria Rósa Einarsdóttir, Valdimar Hafsteinsson og Olga Bjarnadóttir hlutu starfsmerki UMFÍ á þingi HSK 2017.

ringó í Borgarnesi, plankaáskorun, filafótbolti og hreyfipubquiz.

Hreyfivikan fer fram dagana 28. maí – 3. júní 2018.

7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Hveragerði dagana 23.–25. júní 2017. Mótið var haldið í fyrsta sinn árið 2011 og var þetta því sjöunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var mótshaldari.

Mótið var sett við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Hveragerði. Heimamenn komu fram við setninguna. Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson tók lagið og fimleikahópur sýndi listir sínar. Við setningu mótsins var keppt í línudansi. Eftirherman og skemmtikrafturinn Hjörtur Benediktsson var veislustjóri í sameiginlegum kvöldverði þátttakenda. Hljómsveitin Pass spilaði undir dansi.

Á mótinu var keppt í 18 greinum. Vinsælustu greinarnar voru sem fyrr boccía og þútt ásamt stigvélakasti. Áhorfendur höfðu mikinn áhuga á keppni í þönnukökubakstri og er dæmi um að fólk hafi komið langt að til að fylgjast með keppninni. Yngri keppendur á mótinu voru áhugasamir um throwdown, utanvegahlaup og þríþraut auk þess sem allir aldurs hópar kepptu í ringó.

Þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði voru rúmlega 500 sem er mjög gott.

Stjórnendur UMFÍ á landsmóti Dana

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í lok júní árið 2017 fór hópur tæplega fimmtíu sambandsaðila UMFÍ og fólks tengdu UMFÍ og sveitarstjórn Skagafjarðar í nokkurra daga ferð til Álaborgar að fylgjast með landsmóti DGI. Hópurinn hafði fylgst með undirbúningi landsmóts DGI um nokkurt skeið og var tilgangur ferðarinnar að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfbæðiliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipuleggjenda mótsins við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta. Á meðal þeirra sem fóru í ferðina voru Guðriður

Adnegaard, formaður HSK og Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri UMFÍ Selfoss.

20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2017. Þetta var 20. Unglingalandsmót UMFÍ. Mótshaldari var Ungmenn- og íþróttasamband Austurlands (UÍÁ) og Fljótssdalshérað. Ómar Bragi Stefánsson var sem fyrr framkvæmdastjóri mótsins og sá hann um skipulagningu þess ásamt framkvæmdanefnd.

Mótið var sett föstudaginn 4. ágúst á Vilhjálmssvelli á Egilsstöðum. Viðstaddir voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, þá mennta- og menningarmálaráðherra. Mótinu var svo slitið á sama stað að kvöldi 6. ágúst.

Keppendur voru 980 talsins á aldrinum 11–18 ára, 538 strákar og 442 stúlkur. Flestir keppendur voru 12 ára en fæstir 11 ára og 18 ára. Sem fyrr kepptu flestir í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Á síðasta degi mótsins var keppt í kökuskreytingum. Keppnin var nylunda og sló í gegn en rúmlega 100 þátttakendur voru skráðir til keppni.

Ungmenn- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum

UMFÍ hefur starfrækt Ungmenn- og tómstundabúðir á Laugum í Saelingsdal frá árinu 2005. Síðastliðinn vetur komu 1.600 nemendur úr 8. og 9. bekk grunnskóla frá öllu landinu í búðirnar. Þetta er eilítil samdráttur á milli ára. Hann skýrist m.a. af því að nemendur sumra skóla koma stundum bæði haust og vor sama árið en úr öðrum skólum koma nemendur annað hvert ár. Öðru máli gegnir um vorönnina 2018. Hvorki fleiri né færri en 53 skólar hafa bókað dvöl í búðunum og verða nemendurnir um 2.000. Þeir hafa aldrei verið jafn margir og í ár.

Í Ungmenn- og tómstundabúðum UMFÍ spreyta ungmenntin sig í fjölbreyttum verkefnum s.s. ræðumennsku, þrautabrautum, traustagöngu, hraðstefnumótum og laugaleikjum. Í lok dvalar sögðust 91% ungmennanna hafa farið út fyrir þægindarammann og 90% töldu sig hafa fundið fyrir hvatningu frá líðsfélögum.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Árið 2017 fór dagurinn fram 4. október. Þetta var 11. árið sem forvarnardagurinn er haldinn.

Ánægjuvugin 2017

Ánægjuvugin er könnun á vegum UMFÍ og ÍSÍ og tekur púlsinn á stöðu íþróttastarfs, ánægju iðkenda og stöðu áfengis- og tóbaksnotkunar meðal ungmenna í 8. til 10. bekk um allt land. Ánægjuvugin er unnin upp úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining gerir. Könnun Ánægjuvogarinnar var lögð fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúar 2016. Niðurstöðurnar eru að meirihluti barna, sem stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar, er virkur í íþróttastarfi eða öðru skipulögðu tómstundastarfi og lætur áfengi og vímuefni að mestu í friði. Því fylgir aukin lífshamingja, ánægja og betri námsárangur ungmenna.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári og hefur umsóknum frá sambandsaðilum og félögum UMFÍ fjölgað verulega á milli ára. Árið 2017 var 152 verkefnum úthlutað tæpum 14,7 milljónum króna.

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008. Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008. Árið 2017 var 950.000 krónum úthlutað til átta verkefna.

Skráningakerfið NÓRI

Í maí 2017 innsigliðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningakerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota það. Samningurinn gerir UMFÍ kleift að skrá allt móta- og viðburðahald í framtíðinni auk þess sem sambandsaðilar UMFÍ geta fengið aðgang að kerfinu fyrir rekstur sinn. Samkvæmt samningnum mun Greiðslumiðlun, móðurfélag Nóra, hanna og skrifa skráningarkerfi fyrir landsmót UMFÍ og önnur mót og viðburði UMFÍ sem byggja á tengdum kerfum. UMFÍ notaði kerfið í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní og gerði það aftur í aðdraganda Unglingalandsmótsins.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.

Eineltil og annars konar óæskileg hegðun er ekki liðin innan Æskulýðsvettvangsins. Því eru forvarnir og fræðsla um eineltil, hatusorðræðu, ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og



483 keppendur tóku þátt í Landsmóti 50+ í Hveragerði. 108 keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt, þar á meðal þessir briddspilarar.



Timamót urðu á þingi UMFÍ, en þar skrifuðu þeir Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára.

ungmönnum sem og mannréttindafræðsla á meðal verkefna Æskulýðsvettvangsins. Auk þess hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið að því að fletta upp í sakaskrá fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða innan aðildarfélaganna og þrýst hefur verið á stjórnvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot geti ekki starfað með börnum og unglingum.

Æskulýðsvettvangurinn hélt ráðstefnuna „Af hverju hatarðu mig svona mikið“ um miðjan september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og sýndu fjölmiðlar henni mikla athygli.

Opni háskólinn

UMFÍ er einn af samstarfsaðilum opna háskólans um nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. UMFÍ á einn fulltrúa í náminu. Það er Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ. Hún segir námið fróðlegt og gagnlegt fyrir stjórnendur í þriðja geiranum.

Sambandsþing UMFÍ í Hallormsstað

50. sambandsþing UMFÍ fór fram á Hótel Hallormsstað á Héraði í október 2017. Þingið fór vel fram og sátu það um 150 þingfulltrúar, stjórn UMFÍ og starfsfólk. Sambandsþing UMFÍ er haldið á tveggja ára fresti og er það æðsta valdið í málefnum UMFÍ.

Timamót urðu á þinginu en þar skrifuðu Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára. Þetta er timamótasamningur enda í fyrsta sinn sem stjórnvöld semja við félagasamtök í meira en eitt ár í senn. Kristján Þór sagði í ávarpi sínu í tengslum við undirskriftina að í farvatninu væri að gera samninga við fleiri félagasamtök til þriggja ára því það gefi þeim færi á að skipuleggja sig betur til lengri tíma.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2017 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 153 verkefni árið 2017, samtals að upphæð 14.699.500 kr. Af því fengu 23 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 2.030.000 kr.

Hér má sjá þau verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Frjálsíþróttaráð HSK	Frjálsíþróttaskóli UMFÍ	150.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið UEFA-A og -B	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun UEFA Youth – KSÍ	50.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Unglingadómaranámskeið KSÍ	100.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ 3, 4 og 4B	40.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið FSÍ 2A	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Móttökunámskeið FSÍ 1	70.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið FSÍ 1B	25.000
Ungmennafélag Selfoss	Ársskýrslur skannaðar og færðar á stafrænt form	150.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið í Kóreu	100.000
Umf. Selfoss handknattleiksd.	Dómaranámskeið HSÍ	75.000
Umf. Selfoss handknattleiksd.	Þjálfaranámskeið TD	125.000
Umf. Selfoss handknattleiksd.	Þjálfaranámskeið ÞH	75.000
Hestamannafélagið Geysir	Útgáfa á sögu félagsins sem verður 70 ára 2019	100.000
Skotfélagið Skyttur HSK	Þjálfaranámskeið 1 ÍSÍ	50.000
Umf. Hrunamanna	Útbreiðsla á blaki fullorðinna	25.000
Ungmennafélag Laugdæla	Kortavinna á göngu-, skokk- og hjólaleiðum	250.000
Umf. Selfoss	Kynningarveggur Ólympíufara	250.000
Ungmennafélag Selfoss	Þjálfararáðstefna	100.000
Ungmennafélag Selfoss	Tvö skyndihjálparnámskeið	80.000
Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið/fræðsla	50.000
Körfuknattleiksd. Umf. Gnúpverja	Stofnun nýrrar deildar	50.000
Handknattleiksdeild Selfoss	Þjálfaranámskeið HSÍ	45.000

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 900.000 kr. til átta verkefna á árinu 2017.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Umf. Þjótandi	v. salernisuppsætningar	100.000
---------------	-------------------------	---------



Fyrsta hindrunarhlaupið á frjálsíþróttavellinum á Selfossi var hlaupið á Meistararnóti Íslands í júlí. Hér er Ástþór Jón Tryggvason, Umf. Selfoss í vatnsgryfjunni.



Skrifstofuherbergi í Selinu til leigu

Stjórn HSK ákvað á árinu 2017 að bjóða annað af skrifstofuherbergjum HSK í Selinu til leigu. Knattspyrnumenn á Selfossi hafa í mörg ár leigt herbergið, en þeir hafa fengið aðstöðu á Tíbrá.

Og nú er spurt, hafa félögin áhuga á að leigja herbergið? Eða vitið þið af einhverjum sem vantar aðstöðu? Engilbert framkvæmdastjóri HSK veitir nánari upplýsingar.

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Rut Stefánsdóttir, formaður, varastjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Lára Jónsdóttir, Umf. Skeiðamanna, Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2017 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og í skýrslum nefnda hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2017.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs

á Íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á Íþróttamanni HSK og síðan hefur sérstök valnefnd kosið Íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Fundur í valnefndinni var haldinn 19. febrúar 2018 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu:

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Ragnar Sigurðsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfus og fyrrverandi varaformaður HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, í fjarveru Ólafs Arnar Oddssonar íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Rangárbæis eystra og Olga Bjarnadóttir varastjórn HSK, í fjarveru Gestis Einarssonar, íþróttafréttamanns og varastjórnarmanns HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á Íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisi.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á Íþróttamanni HSK 2017: Íþróttamenn í 20 íþróttagreinum voru tilnefndir til kjörs á Íþróttamanni HSK 2017. Átta konur og tólf karlar. Nefndin notaðist við ofangreind viðmið við valið. Eftir að hafa farið gaumgæflega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið Íþróttamaður HSK árið 2017 hlýti Egill Blöndal júdómaður úr Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Þáttaka HSK á 20. Unglingalandsmóti UMÍ á Egilsstöðum

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir, Umf. Selfoss, formaður, María Óladóttir, Umf. Selfoss, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Kristín Sigfúsdóttir, Íþr.fél. Garpi og Hafís Hafsteinsdóttir, Umf. Gnúpverja.

Unglingalandsmótið fór fram á Egilsstöðum í ár. Undirbúningur HSK fyrir unglingalandsmót var hefðbundinn. Nefndin hittist einu sinni til að skipta með sér verkum og skipuleggja starfið.

Eins og undanfarin ár mætti nefndin á mánudegi fyrir mót í Selvíð til að afhenda keppendum HSK treyjur.

Að vanda var góð þátttaka HSK keppenda í skrudgöngu á setningarathöfn mótsins og allir gengu inn í bláum jökkum merktum HSK og Arion banka, en bankinn styrkti þátttöku HSK á mótinu með myndarlegum hætti eins og undanfarin ár. Glæsilegur hópur HSK krakka vakti verðskuldaða athygli. Guðmundur Jónasson var búinn að smíða tunnugrill sem hann gaf HSK, er honum þakkað



Guðrún Tryggvadóttir formaður unglingalandsmótsnefndar og HSK krakkar í skrudgöngunni á setningu Unglingalandsmótsins.

kærlega fyrir þessa gjöf, við erum þá komin með allt nema tjald því ekki var búið að fjárfesta í tjaldi fyrir mótið eins og stefnt hafði verið að. Tjald var leigt hjá Seglagerðinni Ægi og fór það austur með Eimskip ásamt grilli og ýmsu öðru sem nota þurfti á mótinu. Við fengum svo lánaða kerru hjá heimamönnum til að koma dótinu á tjaldstæðið. Mikil ánægja var með að tjalda tjaldinu, einfalt og fljótlegt.

Betur gekk en oft áður að koma peysum á keppendur áður en við fórum austur en slatti fór nú samt með okkur hjónum, ásamt fánastönginni. Þar sem þátttakan varð meiri en björtustu vonir okkar Engilberts gerðu ráð fyrir þegar við pöntuðum peysurnar varð að panta fleiri peysur þegar skráningu fyrir mótið lauk, en Jóhann í JAKO er alltaf til í að redda okkur, pantaði fleiri peysur og sendi með flugi á Egilsstaði þannig að allir gátu fengið peysu sem það vildi.

Ekki var tjaldstæðið of lítið í ár og aðstaðan góð þó staðsetning salerna hafi vakið undrun. 145 krakkar mættu á Egilsstaði í sumar og hefur fjöldinn þrefaldast frá því við fórum síðast á ULM á Egilsstöðum 2011. Mótið fór vel fram innan vallar sem utan.

Fjölmennum í sumar í Þorlákshöfn.

Guðrún Tryggvadóttir



Eva María Baldursdóttir setti Íslandsmet í þristökk 14 ára stúlkna á Unglingalandsmótinu.

Verðlaunahafar HSK á unglingalandsmótinu

Keppnislið okkar stóð sig frábærlega á keppnisvælinum og unnu til fjölda verðlauna. Hér er greint frá öllum verðlaunahöfum HSK í einstökum greinum á mótinu. Hugsanlega hafa fleiri unnið til verðlauna, s.s. í boltagreinum með liðum sem voru ekki skráð undir HSK. Ábendingar um fleiri verðlaunahafa af sambandssvæðinu er vel þegnar á netfangið hsk@hsk.is. Heildarúrlit má sjá á www.umfi.is.

Fimleikalífi

Eitt lið frá HSK tók þátt í keppni í svokölluðu fimleikalífi. Gullpiurnar tóku þátt og fengu gull. Í liðinu voru Bryndís Einarssdóttir, Söldís María Einarssdóttir, Karólína Helga Jóhannsdóttir, Arnheiður Soffía Jónsdóttir, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir, Auður Helga Halldórsdóttir, Katrín Þrastardóttir og Embla Dís Gunnarsdóttir.

Fjallahjólreiðar

Kolbrún Jara Birgisdóttir varð þriðja í flokki 11–14 ára stúlkna.

Frisbíggólf

Tveir keppendur frá HSK náðu verðlaunasetum í frísbíggólf. Ásdís Mjöll Benediktsdóttir varð í öðru sæti í flokki 11–14 ára stúlkna og Heiðar Óli Guðmundsson varð þriðji í flokki 15–18 ára drengja.

Frjálsíþróttir

Keppendur frá Héraðssambandinu Skarphéðni höfðu mikla yfirburði í frjálsíþróttakeppni Unglingalandsmóts UMÍ á Egilsstöðum. HSK fékk langflest verðlaun í frjálsíþróttakeppninni, samtals 133, en sunnlensku krakkarnir unnu 46 gullverðlaun, 46 silfurverðlaun og 41 bronsverðlaun. Auk þess voru 11 HSK-met sett á mótinu, auk Íslandsmets og mótsmeta. Eva María Baldursdóttir setti Íslandsmet í þristökk 14 ára stúlkna þegar hún stókk 11,42 m. og bætti Íslandsmetið um níu centimetra.

11 ára: Veigar Þór Víðisson vann fimm greinar í þessum flokki, hástökk, langstökk, þristökk, kúluvarp og spjótast. Halldór Halldórsson varð annar í langstökki og Þórbjörgur Egill Yngvason varð þriðji í spjótast.



Myndarlegur hópur HSK fólks að lokinni skrudgöngu á setningu Unglingalandsmótsins.

Dagur Rafn Gíslason, Guðmundur Stefánsson, Sesar Örn Harðarson og Birkir Óli Gunnarsson voru í silfursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

Jóhanna Elín Halldórsdóttir varð þriðja í 600 m hlaupi. Álfurín Dilljá Kristínardóttir varð önnur í kúluvarpi. Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir varð önnur í spjótkesti. Jóhanna Elín, Þórhildur Arnarsdóttir, Þórkatla Loftsdóttir og Ásdís Mjöll Benediktsdóttir urðu í 2. sæti í 4 x 100 m boðhlaupi.

12 ára: Daði Kolviður Einarsson vann 200 m hlaup, varð annar í 60 m og þriðji í 600 m og þrístökki og var í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi, ásamt Degi Árnasyni, Hreimi Karlssyni og Olgeir Otr Engilbertssyni. Hreimur Karlsson varð annar í langstökki og hástökki.

Auður Helga Halldórsdóttir vann þrístökk, langstökk og spjótkest, varð önnur í 60 m og varð þriðja í hástökki. Karolína Helga Jóhannsdóttir varð önnur í langstökki, 200 m og 600 m hlaupi og þriðja í 60 m hlaupi og þrístökki.

Auður Magnea Sigurðardóttir vann kúluvarp. Katrín Ósk Þrastardóttir varð þriðja í langstökki. Karolína Helga, Auður Helga, Bryndís Einarisdóttir og Katrín Ósk Þrastardóttir voru í 2. sæti í 4 x 100 m boðhlaupi.

13 ára: Sebastian Þór Bjarnason vann 80 m, 200 m, langstökk og þrístökk, varð annar í kúlu og þriðji í spjóti. Sæþór Atlason vann spjótkest, varð annar í langstökki og þrístökki og þriðji í kúlu. Haukur Arnarsson varð þriðji í hástökki, langstökki, 80 m og 200 m hlaupi. Goði Gnýr Guðjónsson vann 600 m hlaup og varð annar í 80 m hlaupi. Brynjar Logi Sölvason vann hástökk. Haukur, Sæþór, Goði og Sebastian voru í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

Hrefna Sif Jónasdóttir vann 200 m hlaup, varð önnur í 80 m og þriðja í 600 m, langstökki og þrístökki. Ragnheiður Jónsdóttir varð önnur í kúlu og Guðný Vala Björgvinsdóttir varð önnur í spjótkesti. Í þeirri grein varð Ásrún Aldís Hreinsdóttir þriðja.

14 ára: Sindri Freyr Seim Sigurðsson vann 200 m, 800 m, langstökk, þrístökk og hástökk og varð annar í 100 m hlaupi. Jens Johnny Khorchai vann spjótkest og endaði í þriðja sæti í kúluvarpi og þrístökki. Ólafur Magni Jónsson varð annar í kúluvarpi.

Eva María Baldursdóttir vann hástökk og þrístökk, varð önnur í 200 m, langstökki og kúlu og varð þriðja

í 100 m. Guðný Salvör Hannesdóttir varð þriðja í 800 m hlaupi. Eva María, Birta Sigurborg Úlfarsdóttir, Jóna Kolbrún Helgadóttir og Helga Ósk Gunnsteinsdóttir voru í silfursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

15 ára: Dagur Fannar Einarsson vann 200 og 800 m hlaup, varð annar í 100m og hástökki og þriðji í langstökki, þrístökki og spjótkesti. Hákon Birkir Grétarsson vann 100 m hlaup, varð annar í langstökki og 200 m hlaupi, og þriðji í hástökki og kúluvarpi. Tryggvi Þórisson vann kringlukast og varð annar í kúluvarpi. Kolbeinn Loftsson vann hástökk og varð annar í kringlu og spjóti. Jónas Grétarsson varð annar í 200 m hlaupi, þriðji í 100m og þrístökki. Viktor Karl Halldórsson vann spjótkest. Hákon Birkir, Dagur Fannar, Jónas og Kolbeinn voru í sigursveitinni í 4x100 m hlaupi.

Briet Bragadóttir vann 100 m hlaup, 200 m og langstökk og varð þriðja í hástökki. Hildur Helga Einarisdóttir vann kúlu og kringlu og varð önnur í spjótkesti. Lára Björk Pétursdóttir varð önnur í 200 m hlaupi og 800 m og þriðja í 100 m og langstökki. Hildur Helga, Lára Björk, Briet og Sólveig Þóra Þorsteinsdóttir voru í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.



Hluti af sigurliði Selfoss í knattspyrnu í flokki 11 - 12 ára stráka.

16-17 ára: Stefán Narfi Bjarnason vann kringlu og spjót og varð þriðji í 100 m, langstökki og kúlu. Brynjar Jón Brynjarsson varð svo annar í 800 m.

Marta María Bozovic Siljudóttir varð önnur í kringlu og þriðja í hástökki. Helga Margrét Óskarsdóttir varð önnur í kúlu og þrístökki og þriðja í kringlu og spjóti.

18 ára: Róbert Khorchai Angelusson vann spjót og kringlu og varð þriðji í þrístökki. Bjarki Óskarsson vann 800 m hlaup, varð annar í hástökki og þriðji í 100 m, 200 m, langstökki og þrístökki. Brynjar Jón, Stefán Narfi, Bjarki Óskarsson og Anthony Karl Flores voru í silfursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

Glima

Tíu keppendur frá HSK tóku þátt í glímu og unnu sex verðlaun. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir varð meistari í flokki 11-12 ára stúlkna og Olgeir Otri Engilbertsson varð þriðji í sama aldursflokki hjá strákum. Sigurður S. Á. Sigurjónsson sigraði í 13-14 ára flokki og Þóra Björg Yngvadóttir varð önnur í sama flokki. Heiðar Óli Guðmundsson vann 15-16 ára flokkinn og Laufey Ósk Jónsdóttir vann í flokki 17-18 ára stúlkna.

Golf

Þóra Björg Yngvadóttir varð unglíngalandsmóts-meistari í flokki 14-15 ára stúlkna á 167 höggum.

Knattspyrna

Lið Selfoss varð meistari í flokki stráka 11-12 ára. Í liðinu voru Birkir Óli Gunnarsson, Daði Kolviður Einarsson, Dagur Rafn Gíslason, Gísli Steinn Hjaltason, Guðmundur Stefánsson, Halldór Halldórsson, Sesar Örn Harðarson og Logi Freyr Gissurarson.

Justice League varð meistari í flokki 15-16 ára stráka og í liðinu voru Haukur Þrastarson, Erlingur Birgisson, Alexander Hrafnkelsson, Þorvarður Hjaltason, Heiðar Óli Guðmundsson og Máni Snær Benediktsson.

Selfossdætur unnu keppnina í 13-14 ára flokki stúlkna með fullt hús stiga. Í liðinu voru Brynja Líf Jónsdóttir, Anna María Bergþórsdóttir, Thelma Lind Sigurðardóttir, Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir, Nadía Rós Axelsdóttir, Íris Embla Gissurardóttir, Emillía Torfadóttir, Aníta Dögg Sigurðardóttir, Sóllilja Svava Þorsteinsdóttir og María Ísabella Snorrardóttir.

Gullpiur urðu í þriðja sæti í flokki 11-12 ára stúlkna. Í liðinu voru Sólís María Einarisdóttir, Arnheiður

Soffía Jónsdóttir, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir, Auður Helga Halldórsdóttir, Katrín Prastardóttir og Embla Dís Gunnarsdóttir.

Kökuskreytingar

Guðný Salvör Hannesdóttir varð meistari í kökuskreytingum í 11–14 ára flokki og Álfrún Diljá Kristínardóttir varð þriðja í sama flokki.

Einnig var keppt í liðakeppni og Þóra Erlingsdóttir og Lára Pétursdóttir urðu í 2. sæti í flokki 15–18 ára. Liðið þeirra hét Beljunar, í stíl við kökuna.

Körfuknattleikur

Lið Selfoss varð í þriðja sæti í flokki stráka 11–12 ára. Í liðinu voru Birkir Óli Gunnarsson, Dagur Rafn Gíslason, Guðmundur Stefánsson, Sesar Örn Harðarson og Logi Freyr Gissurarson.

Gullpiur urðu í öðru sæti í flokki 11–12 ára stúlkna. Í liðinu voru Söldís María Einarisdóttir, Arnheiður Soffía Jónsdóttir, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir, Katrín Prastardóttir og Embla Dís Gunnarsdóttir.

Motocross

Sigurður S. Á. Sigurjónsson varð í þriðja sæti í 85cc flokki og Ármann Baldur Bragason varð annar í MX flokki.

Skák

Þóra Björg Yngvadóttir varð meistari í flokki 11–14 ára stúlkna.

Stafsetning

Sigurbjörg Guðmundsdóttir varð meistari í flokki 15–16 ára stúlkna með engu villu og Laufey Ósk Jónsdóttir varð önnur í 17–18 ára flokki með eina villu.

Sund

Fjórir keppendur frá HSK tóku þátt í sundi og unnu allir til verðlauna í 50 m skriðsundi. Bjarki Óskarsson vann í flokki 17–18 ára, Jens Johnny Khorchai varð annar í 13–14 ára flokki, Olgeir Otri Engilbertsson varð þriðji í 11–12 ára flokki og Antony Karl Flores varð þriðji í 15–16 ára flokki.

Upplæstur

Laufey Ósk Jónsdóttir varð unglíngalandsmóts-meistari í upplæstri í flokki 15–18 ára og Ragna Friðla Sævarsdóttir varð þriðja í sama aldursflokki.

Ungmennaráð HSK

Ungmennaráð HSK var stofnað árið 2016. Þau sem áttu sæti í ráðinu voru Karen Óskarsdóttir Umf. Framtíðinni, Axel Örn Sæmundsson Umf. Þór, Daði Geir Samúelsson Umf. Hrunamanna, Eva Þórisdóttir, Umf. Selfoss og Jana Lind Ellertsdóttir Íþróttafélaginu Garpi.

Stjórn HSK ákvað á árinu að auglýsa í fjölmiðlum eftir áhugasömum ungmennum til að taka sæti í ráðinu, en ljóst var að Karen og Eva gáfu ekki kost á sér áfram.

Á fundi stjórnar HSK í nóvember 2017 voru eftirtaldir kjörnir í Ungmennaráð HSK: Axel Örn Sæmundsson Umf. Þór, Daði Geir Samúelsson Umf. Hrunamanna, Dagný Rós Stefánsdóttir, Íþr.f. Garpi, Harpa Svansdóttir, Umf. Selfoss, Jana Lind Ellertsdóttir, Glimuráði HSK og Sóley Kristjánsdóttir, Íþr.f. Garpi.

Framkvæmdanefnd landsmóts 50+ í Hveragerði 2017

Helgina 23.–26. júní síðastliðið sumar var haldið 50+ mót í Hveragerði. Undirbúningur vegna mótsins hófst í byrjun árs 2016 með skipun landsmótsnefndar 50+.



Hressir piltar úr HSK, tilbúnir í keppni í spjótkaсти 13 ára á unglíngalandsmóttinu á Egilsstöðum.



Gísli Páll Pálsson formaður framkvæmdanefndar landsmóts 50+ í Hveragerði.

Hana skipuðu undirritaður sem formaður, fulltrúar HSK voru þau Guðrður Aadnegard og Guðmundur Jónasson, fulltrúar UMFÍ þeir Flemming Jessen og Örn Guðnason og svo fulltrúar Hveragerðisbæjar þau Hjalti Helgason, Sigrún Kristjánsdóttir og Þórhallur Einisson. Með nefndinni störfuðu þau Jóhanna M. Hjartardóttir frá Hveragerðisbæ, Engilbert Olgeirsson frá HSK og Ómar Bragi Stefánsson frá UMFÍ. Á löngum starfstíma nefndarinnar bættust við hópinn Hallgrímur Óskarsson og Friðrik Sigurbjörnsson frá Hveragerðisbæ. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim öllum kærlega fyrir feikn gott samstarf og markvissa fundi. Einnig var afar mikilvægt að geta útdelt verkefnum á nefndarmenn sem undantekningalaust afgreiddu og sinntu því sem þeim var falið með miklum sóma.

Keppt var í 18 eftirfarandi greinum og tóku þátt í þeim alls 866 keppendur, en einhverjir kepptu í fleiri en einni grein. Í badminton kepptu fimm einstaklingar, boccia 146, bridds 96, frjálsum íþróttum 162, fuglagreiningu átta, golfi 40, jurtagreiningu

fimm, crossfit throwdown þrír, línudansi 47, pútti 175, pönnukökubakstri sex, ringó 38, skák fjórir, stígvélakasti 49, strandblaki sex, sundi 56, utanvegahlaupi 11 og þríþraut átta.

Nefndin valdi keppnisgreinar í samræmi við þá aðstöðu sem við búum að í okkar góða fallega bæ. Vísir að frjálssíþróttavelli var útbúinn á Ulló, sem er grassvæðið sunnan við Hamarinn. Hlaupið á grasi og allir kátir með það. Þá kom sér vel að geta keppt í boccia í Hamarshöllinni upp í dal. Golfvöllur, íþróttahús og sundlaug til fyrirmyndar auk fyrsta flokks strandblaksvallar. Tókst vel til í keppnishaldi allra greina og var leyst úr þeim smávægilegu hnökrum um leið og þeir komu upp, sem voru afar fáir.

Svona umfangsmikið mót hefði aldrei gengið svo vel ef ekki hefði komið til mikið sjálfbærni vinnuframlag frá 24 deildum og félögum í Hveragerði og nágrennsveitarfélögum. Alls unnu 165 manns í 1.714,5 klukkustundir við undirbúning, mótshald og frágang mótsins. Kann ég þeim öllum miklar þakkir fyrir. Fjárhagsleg afkoma mótsins var góð og skiptist rekstrarafgangur hlutfallslega á milli þeirra deilda og félaga eftir vinnuframlagi. Fyrirkomulag sem er að mínu mati mjög gott og þeir fjármunir sem komu til félaganna vegna þessa skipta miklu máli í því að gera gott starf þeirra enn betra. Þar að auki nutum við góðs stuðnings allnokkurra styrktaraðila og ber þar helst að nefna Arion banka, Dvalarheimilið Ás, Eimskip, Kjörís og Nettó. Þess ber þó að geta að langmesti stuðningurinn kom frá Hveragerðisbæ annars vegar og UMFÍ hins vegar. Bærin lagði til starfsmenn og fjármagn í framkvæmdir og undirbúning og UMFÍ lagði til starfsmenn og fjármagn til mótshaldsins. Þá lögðu allmörg fyrirtæki og einstaklingar okkur lið með því að gefa verðlaunapeninga og greiða fyrir auglýsingar og styrktarlínur til handa móttinu. Fyrir öll þessi framangreindu góðu framlög, hvaða nafni sem þau nefnast, þakka ég kærlega fyrir.

Gísli Páll Pálsson,
formaður undirbúningsnefndar 50+ í Hveragerði.

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMF í Þorlákshöfn 2018

Undirbúningur Unglingalandsmóts UMF 2018 sem haldið verður í Þorlákshöfn gekk vel á árinu 2017 og það sem af er landsmótsárinu sjálfu. Unglingalandsmótsnefndin fundaði fjórum sinnum árið 2017 og einn fundur hefur verið haldinn á þessu ári. Auk þess voru haldnir fjöldi vinnufunda þar sem farið var yfir mótsfyrirkomulag og fjárhagsleg málefni.

Formlegur samstarfssamningur um unglingalandsmótið var undirritaður 19. maí 2017 af hálfu Ungmennafélags Íslands, Sveitarfélagsins Ölfuss og Héraðssambandsins Skarphéðins. Í samningnum er kveðið á um markmið, skipulag, fjármál og ábyrgðarsvið vegna mótshaldsins og allar megin línur í þessum efnunum liggja nú þegar fyrir. Ábyrgð þessara þriggja aðila á mótshaldinu skiptist í meginráttum á þessa leið:

Sveitarfélagið Ölfus leggur til endurgjaldslaus afnot af mannvirkjum fyrir mótshaldið. Á það hvort heldur við um íþróttamannvirki og önnur mannvirki, s.s. vegna stjórnstöðvar mótsins og útvegar öll áhöld og tæki sem þarf til keppni á mótinu. Einnig sér sveitarfélagið til þess að starfsfólk verði við öll mannvirki og stendur straum af launakostnaði þar sem það á við. Þar sem þörf er á hljóðkerfi, s.s. við mótssetningu og mótsslit, leggur sveitarfélagið til hljóðkerfi. Síðast en ekki síst leggur sveitarfélagið til tjaldsvæði fyrir gesti mótsins þeim að kostnaðarlausu. Svæðið verður með snyrtingum, skv. úttekt heilbrigðiseftirlits og tryggir þríf á þeim alla mótsdagana og greiðir fyrir. Á tjaldsvæðinu verður rennandi vatn, vaskar og aðgengi að rafmagni. Gestir sem nota rafmagn munu greiða fyrir þau afnot.

UMF leggur m.a. mótinu til framkvæmdastjóra og ræður verkefnastjóra auk þess sem það leggur fram ymsan búnað og kerfi til mótshaldsins. Í þessu sambandi má nefna skráningar- og úrslitakerfi, dreifikerfi rafmagns inni á tjaldsvæðið, fánaborgir, fána, starfsmannavesti o.fl. UMF heldur utan um fjárreiður mótsins, sér um kynningamál, auglýsingar og markaðssetningu en mótið er auglýst í nafni UMF og HSK.

HSK er formlegur mótshaldari Unglingalandsmóts UMF árið 2018 í Þorlákshöfn. Sambandið tryggir sjálfbærni til mótshaldsins, s.s. á mótssetninguna og mótsslitin og til annarra verkþátta sem manna þarf í tengslum við mótið. Ef þörf krefur tryggir HSK sjálfbærni til gæslustarfa og annast innheimtu mótsgjalds á mótstað hjá þeim sem ekki hafa gengið frá greiðslu rafrænt fyrir mót.

Mikil vinna liggur í mótshaldinu og margar hendur þarf til svo að vel fari. Mót sem þetta þarfnast mikils og góðs undirbúnings en sú mikla vinna hvílir fyrst og fremst á herðum landsmótsnefndarinnar og starfsmönnum hennar. Nefndin hefur tekið nokkrum breytingum á liðnu ári og stækkað en í dag sitja í henni Anna Júlíusdóttir, Guðrún Aadnegard, Guðbjörg Heimisdóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson, Helgi Sigurður Haraldsson, Örn Guðnason, Ragnar Sigurðsson, Hólmfríður Fjola Smáradóttir, Jakob Unnar Sigurðarson, Sandra Dís Jóhannesdóttir, Anna Margrét Smáradóttir, Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir, Sigurður Jónsson og Davíð Halldórsson. Hver og einn nefndarmaður hefur ákveðnu hlutverki að gegna með það að markmiði að mótshaldið takist sem best. Með nefndinni starfa svo hinir kraftmiklu Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri mótsins, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK og Garðar Geirfinnsson sem ráðinn hefur verið verkefnisstjóri mótsins.

Hópurinn hefur tekið ákvörðun um framboð greina á mótinu og eins eru línur að skýrast



Framkvæmdanefnd unglingalandsmóts UMF 2018.



Skrifað undir samning um framkvæmd unglingalandsmóts í Þorlákshöfn.

varðandi alla þá afþreyingu sem í boði verður fyrir gesti mótsins á öllum aldri. Á mótinu verður keppt í bogfimi, dorgveiði, fimleikalífi, fríbigolfi, frjálsum íþróttum, glímu, golfi, götuhjólreiðum, hestaíþróttum, knattspyrnu, kókuskreytingum, körfubolta, motocross, ólympískum lyftingum, skák, skotfimi, stafsetningu, strandblaki, strandhandbolta, sundi og upplestri. Einnig verður keppni í ýmsum greinum þó þær séu skilgreindar sem afþreying á mótinu, s.s. boccia, frjálsíþróttaleikjum barna og sandkastalagerð. Eins og áður segir verður svo mikið úrval annarrar afþreyingar fyrir alla aldurshópa.

Forsvarsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss líta á mótshaldið í Þorlákshöfn sem mikilvægan þátt í forvarnastarfi sveitarfélagsins og til eflingar þátttöku barna og unglinga í íþrótt- og æskulýðsstarfi því í öflugum íþrótt- og æskulýðsstarfi felast mikil verðmæti fyrir samfélagið. Það felast líka stór tækifæri í vel heppnuðu mótshaldi fyrir sveitarfélag sem er í örur vexti og hefur mjög sterka innviði. Öll sú jákvæða kynning sem mótinu fylgir mun án efa vekja athygli

á svæðinu sem búsetukosti og einnig sem kosti til atvinnuuppbyggingar. Þó veðrið leiki stórt hlutverk á unglingalandsmótum höfum við ekki áhrif á þann þátt en þá er mikilvægt að huga vel að þeim þáttum við getum haft áhrif á og bætt innan marka skynsemi. Sveitarfélagið hefur á síðustu árum lagt verulega vinnu og fjármagn í uppbyggingu fyrir mótið. Sérstök áhersla hefur verið á tjaldsvæðið og innviði þess. Knattspyrnusvæðið var stækkað og umhverfi þess lagfært. Unnið hefur verið að gerð tveggja strandblakvalla og settur verður upp fríbigolfvöllur á komandi vori. Aðstaða í íþróttahúsinu hefur verið bætt, m.a. með fjölgun karfa. Nýir heitir pottar verða settir upp við sundlaugina, golfvöllurinn hefur verið bættur mikið á síðustu árum ásamt ýmsum öðrum verkefnum. Það er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að vel sé staðið að mótinu og að vel takist til.

Gunnsteinn R. Ómarsson, formaður undirbúningsnefndar

Skýrslur nefnda og sérráða HSK:

Almenningsíþróttanefnd

Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, formaður, Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss, Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt. Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss.

Bláskógaskokkið

Bláskógaskokk HSK var haldið í blískaparveðri 25. júní 2017. 26 hlauparar tóku þátt í hlaupinu. Að loknu hlaupi bauð Fontana keppendum í gufu og er fyrirtækinu þakkaður stuðningurinn. Hlaupið var frá Gjabakka, austan Þingvallavatns eftir gamla Gjabakkavegi til Laugarvatns, samtals 10 mílna leið. Katrín Lilja Sigurðardóttir vann í kvennaflokki á tímanum 1:19,01 klst. og Arnar Karlsson vann í karlaflokki, hljóp á 1:10,25 klst.

Badmintonnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór. Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór.

Innan vébanda HSK var badminton iðkað sem keppnisíþrótt hjá þremur félögum árið 2017 en þau voru Dímon, Hamar og Umf. Þór. Iðkenda fjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku en iðkenda fjöldinn hélst svipaður þetta árið.

Þrír leikmenn voru valdir í úrtakshópa unglingalandsliðs Íslands í badminton, þær Þórey Katla Brynjarsdóttir (Umf. Þór) U17-19 ára, Svanlaug Halla Baldursdóttir (Umf. Þór) U13-15 ára og Margrét Guangbing Hu (Hamar) U13-15 ára. Stelpurnar mættu á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið en engin þeirra náði að vera í keppnishópi fyrir Íslands hönd.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Það félag sem heldur mótið hverju sinni sér um fjármögnun og skipulag mótanna. Auk þess voru haldin tvenn stór barna- og unglingamót innan vébanda HSK á árinu.

Í febrúar hélt Umf. Þór sitt árlega Þórsmót sem er mót fyrir börn og unglinga. Þetta mót er svokallað byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn. Þátttakendur voru um 80 talsins. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu, alls frá 8 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótið á settum tíma.

Í apríl var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 61 talsins frá fjórum félögum; Dímon, Hamar, UMFL og Umf. Þór. HSK-meistaratitillinn hlaut Hamar en þeir sigruðu með 82 stig, Umf. Þór var í öðru sæti með 59 stig og Dímon var í þriðja með 8 stig.

Í nóvember hélt Hamar Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglinga. Það var byrjendamót líkt og Þórsmótið og voru þeir bestu á landinu því ekki gjaldgengir á Kjörismótið heldur. Þátttakendur voru 104 talsins frá 7 félögum, alls staðar að af landinu. Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda. Við fögnum því að haldin séu tvö stór unglingamót á ári innan vébanda HSK og verður það eflaust til þess að efla badmintoniðkun á svæðinu enn frekar.

Í október hélt Umf. Þór Unglingamót HSK í Hveragerði. Keppendur voru 22 talsins frá tveimur félögum; Hamar og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. HSK-meistara titillinn hlaut Hamar sem fór með sigur úr býtum með 48 stig og Þór var í öðru sæti með 22 stig.

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framur í ársskýrslunni á bls. 14-15.



Keppendur í Bláskógaskokkinu 2017.

Blaknefnd 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Össur Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri, formaður, María Rósa Einarsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon, Freyja Þorkelsdóttir, Umf. Hrunamanna. Varamaður: Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri.

Starf blaknefndar HSK var með hefðbundnum hætti á árinu 2017 með héraðs- og hraðmótum

Héraðsmót HSK 2016-17

Kept var í tveimur hlutum í karla- og kvennaflokki og eitt mót var í unglingaflokki drengja og stúlkna.

Í karlaflokki voru sex lið skráð til leiks. Fyrri hlutinn var spilaður í Hveragerði þriðjudaginn 10. janúar og seinni hlutinn á Hvolsvelli fimmtudaginn 6. apríl og urðu úrslit þessi:

- Héraðsmeistarar - Hamar 1 með 14 stig
- UMFL með 11 stig
- Hrunamenn með 8 stig
- Hamar A með 5 stig
- Dímon með 4 stig
- Þjóandi með 3 stig

Í kvennaflokki voru 7 lið skráð til leiks fyrri hlutinn var spilaður á Flúðum þriðjudaginn 29. nóvember og

seinni hlutinn að Laugarvatni fimmtudaginn 6. apríl og urðu úrslit þessi:

- Hamar 1 með 17 stig
- Dímon/Hekla 1 með 15 stig
- UMFL með 10 stig
- Hrunamenn 2 með 10 stig
- Hamar 2 með 5 stig
- Dímon/Hekla 2 með 3 stig
- Hrunamenn 1 með 2 stig

HSK mót í unglingaflokki var haldið á Hvolsvelli 22. maí.

Tvö stúlkalið og þrjú drengjalið voru skráð til keppni á mótið og urðu úrslit eftirfarandi:

- Í stúlknaflökki
- Héraðsmeistarar – Dímon A
- Dímon B
- Í drengjaflökki
- Héraðsmeistarar – Dímon A
- Dímon B
- Dímon C

Öll liðin sem mættu á unglingamótið voru frá Dímon og væri gaman að sjá fleiri félög á næsta móti.

Hraðmót HSK 2017

Hraðmót ársins voru spiluð í október sl. karlamótið á



Sigurlið Hamars á unglingamóti HSK í badminton 2017.



HSK meistaralið Dímonar í stúlknafllokki í blaki.

Flúðum 24. október og kvennamótið í Hveragerði 26 október. Að þessu sinni spiluðu karlar 2 hrinur upp í 25 stig en konurnar spiluðu tvær hrinur á tíma.

Úrslitin á hraðmóti karla:

- Hraðmótsmeistarar – Hrunamenn
- Laugdælir
- Hamar
- Dímon

Úrslitin á hraðmóti kvenna:

- Hraðmótsmeistarar – Hamar 1
- UMFL
- Dímon-Hekla 2

Önnur lið sem tóku þátt voru:

Dímon-Hekla, Dímon-Hekla 1, Hamar 2, Hrunakonur 1 og Hrunakonur 2.

Bikarkeppni BLÍ 2016-17

HSK teflir ekki fram eigin liði í Bikarkeppni BLÍ en Hamar og Laugdælir sendu bæði karla- og kvennalið til þátttöku auk þess sem Hrunamenn tefldu fram karlaliðinu sínu í Kjörisbikarnum. HSK átti því 5 lið af 30 liðum alls í Kjörisbikarnum sem verður að teljast gott.

Í kvennaflokki lagði Hamar lið Laugdæla í fyrstu umferð en Hamarsliðið lá svo fyrir liði Þróttar N2 í annarri umferð og lauk þar með þátttöku kvennaliðs okkar í bikarkeppninni.

Í karlaflokki lögðu Hrunamenn lið Laugdæla í fyrstu umferð en féllu síðan úr leik á móti Vestra í annarri umferð, karlalið Hamars hóf ekki leik fyrr en í annarri umferð og vann HK C, Hamarsmenn sátu svo hjá í þriðju umferð og en féllu svo úr leik á móti bikarmeisturum Aftureldingar í 8 liða úrslitum.

Íslandsmót 2016–2017

Mörg lið innan HSK tóku þátt í Íslandsmóti, vorið 2017 luku karlalið leik þannig að Hamar varð í öðru sæti í 1. deild og karlalið Laugdæla lauk mótið í 5. sæti í 2. deild.

Hamarskonur unnu aðra deild og komust aftur upp í fyrstu deild síðasta vor og spila þar þennan veturinn, Hrunakonur luku keppni í þriðja sæti í 2. deild, Dímon-Hekla kláraði sitt tímabil í 6. sæti í 3. deildinni, Laugdælir urðu í sjöunda sæti í 4. deild, Hrunamenn B kláruðu í 5. sæti og Hamar B í sjötta sæti í fimmtu deild. Hrunamenn C luku keppni í sjötta sæti í 6. deild.

Önnur mót

HSK liðin tóku að vanda þátt í fjölmörgum smærri mótum að ógleymdu öldungamótið einum stærsta íþróttaviðburði á Íslandi. Mótið var haldið í Mosfellsbæ síðastliðið vor þar sem fjölmörg félög innan vébanda HSK sendu lið til keppni auk annarra liða sem eiga sterka tengingu við Suðurlandið.

Össur Björnsson, formaður blaknefndar HSK

Borðtennisnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon, formaður, Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi, Gunnar Þorgilsson, Umf. Heklu. Varamaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon.

Héraðsmót

Þann 28. maí 2017 fór fram héraðsmót HSK í borðtennis á Hvolsvelli. 29 keppendur mættu til leiks frá 3 félögum. Dímon vann stigakeppni félaga eins og undanfarin ár með 105 stig, Hekla varð í 2. sæti og Selfoss varð í því þriðja 6 stig.

Heildarúrslit má finna inná heimasíðu HSK www.hsk.is.



Verðlaunahafar í 14–15 ára flokki á héraðsmótið í borðtennis.



HSK meistarar í tvímenningi í bridds 2017.

Briddsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss, formaður, Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi, Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímon. Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja.

Tvímenningur HSK 2017

Hinn árlegi HSK tvímenningur í bridds var haldinn í Selinu á Selfossi 5. janúar 2017. 16 pör mættu til leiks. Gunnar B Helgason og Sigurður Páll Steindórsson urðu HSK-meistarar, Baldur Kristjánsson og Guðmundur Þorkelsson urðu í öðru sæti og Þórður Sigurðsson og Gísli Þórarinnsson hlutu brons.

Heildarúrslit og fleiri myndir má sjá á www.hsk.is.

HSK-mótið í sveitakeppni

HSK-mótið í sveitakeppni í bridge var spilað á Flúðum laugardaginn 18. febrúar 2017 með þátttöku átta sveita og spiluðu allir við alla. HSK-meistarar urðu sveit Tryggingamiðstöðvarinnar á Selfossi með 105,59 stig. Meistararnir heita Kristján Már Gunnarsson, Gunnlaugur Sævarsson, Björn Snorrason og Höskuldur Gunnarsson. Í öðru sæti varð sveit Þrastar með 83,7 stig og þriðju urðu heimamennirnir Fjórir frækni, með 73,44 stig.

Fimleikanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Anna Lind Friðriksdóttir, Umf. Selfoss, formaður, Unnar Freyr Bjarnason, Umf. Selfoss, Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri. Varamaður: Kristín Lára Hauksdóttir, Íþróttafélaginu Hamri.

Ekkert héraðsmót var haldið í ár.

Frjálsíþróttaráð HSK

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Tómas Karl Guðsteinsson, Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Bryndís Eva Óskarsdóttir Umf. Gnúpverja, Silja Dögg Jensdóttir, Umf. Þór og Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss.

Aðalfundur ráðsins var haldinn 28. mars 2017. Einn maður gaf ekki lengur kost á sér til setu í stjórn ráðsins en það var Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamönnum en hann hefur setið í stjórn ráðsins frá árinu 2005. Í hans stað var Bryndís Eva Óskarsdóttir Umf. Gnúpverja kosin. Haustfundur ráðsins var svo haldinn 13. nóvember. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu en samskipti ráðsins fóru yfirleitt fram á facebook og svo á hliðarlínunni á íþróttavellinum.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Selfossi dagana 11.–15. júní í frábæru veðri. Alls voru 62 krakkar sem kláruðu skólann og var uppselt í hann

löngu áður en hann hófst. Skólinn er haldinn út um allt land og var þetta níunda starfsár hans á HSK-svæðinu. Umsjónarmenn hans voru líkt og síðustu ár Ágústa Tryggvadóttir og Fjóla Signý Hannesdóttir en þær eru orðnar mjög sjóðar á skipulagningu skólans. Að þessu sinni voru krakkarnir í Frjálsíþróttaskólanum á aldrinum 11 til 14 ára. Flest börnin komu af sambandssvæði HSK en einnig frá Vík, Hafnafirði og Blönduósi. Dagskrá skólans var mjög fjölbreytt þar sem t.d. voru kvöldvökur á hverju kvöldi ásamt fjölbreyttri hreyfingu. Allt frá hefðbundnum frjálsíþróttæfingum, til sundsprells og ratleiks. Alls voru það 12 þjálfarar og aðstoðarmenn sem hjálpuðu til í skólanum enda að mörgu að hyggja svo sem matartímum, frítímum, æfingum og öðrum dagskrárliðum. Skólinn fór fram við frábærar aðstæður þar sem stutt er í alla aðstöðu sem nota þarf, til að mynda gistiaðstöðu, frjálsíþróttavöllinn og sundlaugin. Frjálsíþróttaskólanum lauk með vel heppnuðu frjálsíþróttamóti á fimmtudeginum.

Frjálsíþróttaráðið keypti gula stuttermaboli á keppnislið sitt fyrir öll meistaramót innan- og utanhúss. Bolirnir settu svo sannarlega lit á liðið og gerði það að verkum að auðvelt var að þekkja okkar iðkendur úr langri fjarlægð. Leitað var eftir styrkjum frá fyrirtækjum vegna bolakaupana og var vel tekið í beiðni okkar. Þau fyrirtæki sem styrktu voru Eimskip/ Flytjandi, Laugarvatn-fontana, Rafnhönnun og ráðgjöf og Vélsmiðja Ingvars Guðna.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/Selfoss á meistaramótum og áttum við mjög góðu gengi að fagna á þeim öllum. Við sigruðum MÍ 11–14 ára innanhúss með rúmlega helmings forskot en HSK/Selfoss hlaut 1029 stig en liðið í öðru sæti var með 480 stig. Sömu sögu var að segja á MÍ 11–14 ára utanhúss en þar sigraði okkar lið með 1301,2 stigum en liðið í öðru sæti náði 377,5 stigum. Nærri því 1000 stiga munur og mun slíkt vera fáheyrt. Lið HSK varð einnig bikarmeistari á Bikarkeppni 15 ára og yngri innan- og utanhúss. Í þessum aldursflokkum voru bæði A og B lið skráð til leiks bæði innan- og utanhúss. Það sýnir okkur að mikil breidd er innan hópsins og árangurinn er eftir því. Vel gekk að koma saman bikarliðum innan og utanhúss í flokki fullorðinna en þorri liðsins var ungur og margir valdir í liðið í fyrsta sinn. Mesta framförin milli ára er hjá unglingaflokkum HSK/Selfoss en á MÍ unglinga utanhúss fór liðið úr 6 gullverðlaunum árið 2016 í 23 gullverðlaun árið 2017. Munar þar mest um sterkan 2002 árgang sem kom upp í meistaraflokkinn auk mikilla bætinga hjá öðrum iðkendum. Vonandi mun þessi hópur halda áfram að eflast og skila sér í fremstu röð í fullorðinsflokki þegar fram liða stundir.

Úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ 11–14 ára innanhúss

1. sæti 16 Íslandsmeistarattitlar

MÍ Aðalhluti innanhúss

10. sæti 0 Íslandsmeistarattitlar

MÍ Unglinga innanhúss

2. sæti 11 Íslandsmeistarattitlar

MÍ Öldunga innanhúss

3. sæti 10 Íslandsmeistarattitlar

Bikarkeppni innanhúss

5. sæti 2 bikarmeistarattitlar

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss

1. sæti 8 bikarmeistarattitlar

MÍ 11–14 ára utanhúss

1. sæti 21 Íslandsmeistarattitlar

Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

5. sæti 1 bikarmeistarattill

MÍ aðalhluti utanhúss

5. sæti 3 Íslandsmeistarattitlar



Það var fjör í frjálsíþróttaskólanum.



Bikarlið HSK í frjálsíþróttum utanhúss 2017.

Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

1. sæti 8 bikarmeistarattitlar

MÍ unglinga utanhúss

2. sæti 23 Íslandsmeistarattitlar

MÍ öldunga utanhúss

1. sæti 22 Íslandsmeistarattitlar

Keppendur HSK kepptu á nokkrum mótum á erlendri grundu á árinu, flestir á eigin vegum en einnig með landsliði Íslands. Kristinn Þór Kristinsson Umf. Selfoss hélt sæti sínu í landsliði Íslands í frjálsum íþróttum árið 2017. Hann keppti á Smáþjóðaleikunum í San Marino í 800 og 1500m hlaupum. Hann keppti einnig í Evrópukeppni landsliða í sömu greinum og gekk vel. Helga Margrét Óskarsdóttir Umf. Selfoss var valin í fámennan hóp sem keppti á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Gyor í Ungverjalandi. Hún keppti þar í spjótkaсти og var nálægt sínu besta.

HSK á 12 einstaklinga í úrvalshópi unglinga hjá FRÍ en valið var gefið út í desember 2017. Þetta er fjölgun um fjóra einstaklinga í hópnum miðað við síðasta ár og það er glæsilegur árangur. Þeir sem voru valdir í úrvalshópinn eru: Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss, Briet Bragadóttir Umf. Selfoss, Hildur Helga Einarsdóttir Umf. Selfoss, Lára Björk Pétursdóttir Umf. Laugdælum, Helga Margrét Óskarsdóttir Umf. Selfoss, Ragnheiður Guðjónsdóttir Umf. Hrunamanna, Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu, Dagur Fannar

Einarsson Umf. Selfoss, Hákon Birkir Grétarsson Umf. Selfoss, Máni Snær Benediktsson Umf. Hrunamanna og Viktor Karl Halldórsson Umf. Þór. Þess má geta að flest þessara ungmenna komust í úrvalshópinn fyrir árangur í fleiri en einni grein.

Frjálsíþróttamaður ársins 2017 var valinn af Frjálsíþróttaráði en það er Kristinn Þór Kristinsson úr Umf. Selfoss en hann hefur um nokkurra ára skeið verið besti millivegalengdahlaupari landsins og á fast sæti í landsliði Íslands. Kristinn Þór varð á árinu Íslandsmeistari í 800 og 1500m hlaupum innanhúss en hann náði ekki að keppa á Meistaramótinu utanhúss vegna veikinda. Hann varð einnig bikarmeistari í sínum greinum innan og utanhúss. Hann keppti með landsliði Íslands á smáþjóðaleikunum í San Marino og í Evrópukeppni landsliða bæði í 800m og 1500m og stóð sig mjög vel. Kristinn Þór er burðarás í keppnisliði HSK í frjálsum íþróttum og er yngri iðkendum góð fyrirmynd.

Árið 2017 voru sett 224 HSK met í frjálsum íþróttum og er það nýtt met í fjölda meta innan sambandssvæðisins. Fatlaðir settu þrjú met, keppendur 11–22 ára settu 156 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu 12 met og keppendur í öldungaflokkum settu 53 met. Nokkur þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki. Dagur Fannar Einarsson keppandi í 15 ára flokki setti flest einstaklingsmet á árinu eða 19 talsins og setti auk



Sigurlið Umf. Selfoss á héraðsmóti fullorðinna utanhúss.



Keppendur í kúluvarpi í 11 ára flokki á aldursflokksamóti innanhúss 2017.

Þess 14 boðhlaupsmet með félögum sinnum, eða samtals 33 met. Eva María Baldursdóttir Selfossi, sem keppti í 14 ára flokki, setti samtals 28 HSK met. Næst kom Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Umf. Heklu. Hann keppti í 14 ára flokki og setti 13 einstaklingsmet og 11 boðhlaupsmet, eða samtals 24 met. Hann setti auk þess flest Íslandsmet keppenda HSK á árinu, eða þrjú einstaklingsmet og eitt boðhlaupsmet. Guðrún Heiða Bjarnadóttir, keppandi í 20–22 ára flokki og Bríet Bragadóttir, keppandi í 15 ára flokki, settu flest HSK met í fullorðinsflokki, en þær settu báðar tvö met. Auk þess setti Bríet 15 met í yngri flokkum og Guðrún Heiða setti fimm met í sínum flokki. Guðmundur Nikulásson setti flest met í öldungaflokkum, en hann setti 15 met á árinu í flokki 55–59 ára. Árni Einarsson setti 10 met í flokki 85–89 ára. Hann var sá elsti sem setti met á árinu, en hann varð 86 ára á árinu. Hulda Sigurjónsdóttir Suðra var sú eina sem setti HSK met í flokkum fatlaðra á árinu, eða þrjú talsins.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 12 mótum á árinu. Haldið var áfram að halda innanhúsmót HSK í Kaplakrika í góðu samstarfi við frjálsíþróttadeild FH. Aldursflokksamót, Unglingamót og Héraðsmót HSK voru haldin samhliða á stórum frjálsíþróttadegi í Kaplakrika í annað sinn og tókst vel. Eini gallinn við þetta fyrirkomulag eru fáir þátttakendur í flokki fullorðinna og verður reynt að ráða bót á því árið 2018. Áhorfendur fylltu stúkuna

þennan dag og auðvelt var að fá starfsfólk til starfa. Við kunnum vinum okkar hjá frjálsíþróttadeild FH bestu þakkir fyrir alla veitta aðstoð á HSK-mótunum í Kaplakrika. Stærsti viðburður Frjálsíþróttaráðs var Meistaramót Íslands aðalhluti sem haldinn var á Selfossvelli í júlí og tókst vel.

Hér verður farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2017.

Mót á vegum HSK 2017

Aldursflokksamót HSK 11–14 ára innanhúss

Aldursflokksamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 15. janúar. Á mótið voru skráðir 140 keppendur frá níu félögum en árið áður voru keppendurnir 106 svo um talsverða fjölgun keppenda er að ræða. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 270 stig, í öðru sæti varð umf. Hrunamanna með 145 stig og íþróttafélagið Garpur í þriðja sæti með 98 stig.

Unglingamót HSK 15–19 ára innanhúss

Unglingamót HSK fór fram 15. janúar, samhliða Aldursflokka- og Héraðsmótinu. Á Unglingamótið voru 40 keppendur skráðir frá níu félögum en það er svipaður fjöldi og á síðasta ári. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppni mótsins með 294 stig og í öðru sæti varð umf. Þór með 113 stig. Umf. Þjótandi varð svo í þriðja sæti með 68 stig.

Héraðsmót HSK fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK fullorðinna var frekar fámennt þetta árið en það skýrist helst af því að aðeins 20 ára og eldri gátu keppt á mótinu þar sem það var haldið á sama tíma og hin mótin tvö. Gestapátttaka var leyfð á mótinu og það hjálpaði til við að lyfta mótinu upp. Heildarstigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 77 stig, íþróttafélagið Garpur var í öðru sæti með 28 stig og íþróttafélagið Dímon var í þriðja sæti með 18 stig.

Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK í frjálsíþróttum fóru fram í íþróttahúsinu á Hellu sunnudaginn 5. mars. 123 keppendur voru skráðir til leiks og íþróttahúsið iðaði af lífi. Keppendur 8 ára og yngri kepptu í þrautabraut en 9–10 ára öttu kappi í hefðbundnum greinum. Að móti loknu fengu svo allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna. Mótið gekk mjög vel fyrir sig.

Vormót HSK

Vormót HSK fór fram á Selfossvelli laugardaginn 20. maí og hefur annað eins blíðskaparveður sjaldan sést á Vormótinu. Um 90 einstaklingar voru skráðir til leiks og er það svipaður fjöldi og á síðasta ári. Á mótinu var keppt í fullorðinsflokki og það var opið fyrir keppendur úr öllum félögum. Fjölmargir keppendur komu af höfuðborgarsvæðinu og greinilegt að þeir telja það ekki eftir sér að aka á Selfoss til að keppa. Lið HSK lét ekki sitt eftir liggja á mótinu. Ein gullverðlaun unnust en Eva María Baldursdóttir sigraði hástökk kvenna þegar hún stökk 1,55m. Fjögur HSK met féllu á mótinu.

Aldursflokksamót HSK 11–14 ára utanhúss

Aldursflokksamót HSK var haldið í Þorlákshöfn 11. júní. Níu félög sendu keppendur til leiks og keppendur voru um 90 talsins. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss sigraði mótið með yfirburðum og náði í 329 stig. Næstir á eftir þeim kom Umf. Hrunamanna með 200,5 stig og í þriðja sæti var Umf. Þór með 108 stig.

Krakkarnir stóðu sig mjög vel á mótinu og 143 persónuleg met litu dagsins ljós. Hæst bar þó Íslandsmet Evu Maríu Baldursdóttur í hástökki 14 ára þegar hún stökk 1,68m og átti góðar tilraunir við 1,70m.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Tæplega 60 krakkar á aldrinum fjögurra til tíu ára komu saman á Héraðsleikum HSK í frjálsíþróttum 12. júní, samhliða Aldursflokksamóti HSK. Frábært keppnisveður var á vellinum þennan dag, enda sumarblíða. Krakkarnir stóðu sig mjög vel á mótinu og allir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossi dagana 27.–28. júní. Á mótinu voru 59 keppendur úr níu félögum af sambandsvæði HSK auk 30 gestakeppenda. Aðstæður til keppni voru ágætær en dálítill kuldur var fyrri keppnisdaginn og þann seinni var vindur of mikill. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss vann stórsigur með 278 stig. Umf. Þjótandi var í öðru sæti stigakeppinnar með 52 stig og í þriðja sæti var svo íþróttafélagið Garpur með 57 stig. Að venju voru afhent verðlaun til stigahæstu keppenda mótsins en Telma Björk Einarisdóttir Umf. Selfoss var stigahæsta konan með 19 stig og stigahæsti karl var Stefán Narfi Bjarnason Umf. Þjótanda með 35 stig. Jónshlaupið sigraði að þessu sinni Arnar Pétursson úr ÍR en hann hljóp á tímanum 15:46,14 mín.

Héraðsmót fatlaðra

Samhliða Héraðsmóti fullorðinna var haldið Héraðsmót fatlaðra í frjálsum en þar mættu þrír keppendur til leiks, allir í kvennaflokki. Keppnisgreinar á mótnu voru 200m hlaup, langstökk, kúluvarp og kringlukast. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir setti Íslandsmet á mótnu í sleggjukasti í sínum flokki þegar hún kastaði 23,82m.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálslíþróttum fór fram miðvikudaginn 19. júlí á Selfossvelli. Algert logn var á vellinum og því gott bætingaveður þrátt fyrir stöku skúr. Á mótnu voru 44 keppendur skráðir til leiks frá aðildarfélögum HSK auk gestabátttakenda frá öðrum félögum. Keppendur Umf. Selfoss stóðu fyrir sínu að vanda og sigruðu mótið með 362 stig. Í öðru sæti varð Umf. Þór með 106 stig og í þriðja sæti var Umf. Þjótandi með 73 stig.

Meistaramót Íslands- Aðalhluti

91. meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum var haldið á Selfossvelli dagana 8.–9. júlí 2017. Um var að ræða stærsta verkefni ársins. Á haustfundi ráðsins 2016 var kjörin nefnd fyrir mótið sem sá um undirbúning þess. Í nefndinni voru Guðmunda Ólafsdóttir Umf. Þjótanda og formaður Frjálslíþróttaráðs, Guðmundur Jónasson Umf. Heklu, Helgi S. Haraldsson Umf. Selfoss, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson Umf. Heklu og Þuríður Ingvarsdóttir Umf. Selfoss. Það var í mörg horn að líta í aðdraganda mótsins en mestan tíma tók að manna mótið starfsmönnum. Ákveðið var að gefa aðildarfélögum ráðsins kost á því að nota mótið sem fjórflun. Tekjum mótsins var þess vegna deilt út til félögana í samræmi við unnar vinnustundir. Á mótnu störfuðu 55 sjálfbóðaliðar sem unnu samtals 417 klst. Miðað við hagnað mótsins sem var 412,242kr varð tímakaup sjálfbóðaliðanna 988,58 kr. Það má því með sanni segja að það að senda starfsmenn á mótið hafi borgað sig fyrir félögin. Veður var sæmlegt báða keppnisdaga og tókst að greiða ágætlega úr öllum þeim vandamálum sem upp komu. Þó er ýmislegt sem við lærðum af þessu móti og verður gert betur á næstu stóru mótum sem haldin verða á sambandsvæðinu. Á mótnu var notast við tímátökutæki og þjófstartsbúnað frá FRI og reyndur maður fenginn á launum til þess að starfa við þessi tæki. Sú ákvörðun að gera það var án nokkurs vafa rétt og gerði það að verkum að ekkert stress var í kringum tímátökuna á mótnu.

Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum

Samhliða Meistaramóti Íslands fór Íslandsmót Íþróttafélags Fatlaðra fram. Á mótnu voru 19 keppendur og mikið um bætingar. Greinar mótsins voru að mestu keyrðar áfram samhliða greinum á meistaramótnu en fjölmennari greinar voru hafðar sér.

Öll úrslit af mótum ársins má finna á mótaforritinu Þór sem haldið er út af Frjálslíþróttasambandinu. Á öllum mótunum sem við höldum hjálpuðust félögin innan ráðsins að við að útvega starfsmenn og gekk það í flestum tilfellum vel. Sum félög virðast þó eiga erfiðara með að sinna þessum málum en önnur og það er mín von að þeim félögum gangi betur við þetta á komandi ári. Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum félaga, sjálfbóðaliðum, þjálfurum og iðkendum kærlega fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir vil ég þó færa foreldrum sem virðast taka sífellt virkari þátt í starfinu og þetta raðirnar á áhorfendapöllum. Áhugi foreldrana skilar sér áfram til krakkana drífur þau áfram í íþróttinni. Sjáumst á frjálslíþróttavellinum 2018!

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður



Bikarlið HSK í frjálslíþróttum 15 ára og yngri stóðu sig frábærlega á árinu.

Glimuráð HSK

Stjórn glímuráðs HSK kosin á aðalfundi 2017: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/varaform.: Guðrún Inga Helgadóttir, Umf. Þjótanda. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi og Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda.

Glimuráð HSK hélt merkjum glímunnar á lofti innan vébanda HSK árið 2017 líkt og endranær. Ráðið stóð fyrir þremur mótum á héraðsvisu auk þess sem keppendur úr röðum HSK tóku þátt í mótum Glimusambandsins sem og utanferðum á vegum GLÍ til keppni í þjóðlegum fangbrögðum annarra evrópuþjóða.

Alls iðkuðu 188 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ árið 2017. Af þeim hóp tóku 94 þátt í keppni og þar af tóku 26 þátt í keppni á mótum Glimusambandsins.

Aðalfundur glímuráðs HSK var haldinn í Selinu 1. mars. Á fundinum var farið yfir starf ráðsins 2016 og málefni glímunnar reifuð vítt og breitt. Fjárhagur ráðsins er traustur og var stjórn glímuráðsins endurkosin óbreytt.

Ólafur Oddur Sigurðsson Umf. Laugdæla var endurkjörin formaður Glimusambandsins á ársþingi GLÍ auk þess sem hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri GLÍ síðan 1. janúar 2009. Ólafur Oddur var síðan kosinn formaður Keltneska fangbragðasambandsins til fjögurra ára á aðalfundi þess í Bruck í Austurríki í apríl. Kjartan Lárusson var endurkjörin formaður Glimudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Erland samskipti

Íslenskt glímufólk hélt í fjórar keppnisferðir árið 2017 út fyrir landsteinana og atti kappi við Skota, Englendinga, Frakka og fleiri Evrópuþjóðir í keltneskum fangbrögðum. Skarphéðinsfólk átti sæti í öllum þessum ferðum sem voru skipulagðar af Utanríkis- og landsliðsnefnd GLÍ undir formennsku og fararstjórn Ólafs Odds Sigurðssonar.

Helgina 3.-6. mars fór Marín Laufey Davíðsdóttir ásamt tveimur öðrum keppendum til Quimper í Frakklandi þar sem þau keppti í backhold á opna franska meistaramótnu. Marín Laufey gerði sér lítið fyrir og sigraði +70 kg flokk kvenna.

Evrópumeistaramót í keltneskum fangbrögðum var haldið í Bruck í Austurríki dagana 8.-11. apríl. Íslenskalandsliðsfólk stóð sig þar afar vel og hampaði fjórum evrópumeistaratitlum auk þess að vinna sex silfur og átta brons. Marín Laufey Davíðsdóttir keppti í -80 kg flokki og varð Evrópumeistari í backhold, náði 2. sæti í gouden auk þess að sigra keppni í rangglen sem er fangbragðaiþrótt heimamanna í Austurríki. Jana Lind Ellertsdóttir náði ekki síðri árangri í -56 kg flokki kvenna, hampaði Evrópumeistaratitli í backhold, náði 4. sæti í gouden auk þess að sigra keppni í rangglen. Jana Lind var í mótslok kosin besta rangglen fangbragðakona mótsins.

Dagana 3.-7. ágúst hélt 14 manna hópur á vegum GLÍ til Skotlands til æfinga í backhold, gouden og glímu ásamt innfæddum og Bretönnum. Jana Lind Ellertsdóttir átti sæti þessum hóp en keppti ekki sökum meiðsla sem hún hlaut í ferðinni.

18. til 28. ágúst fór síðan sjö manna hópur glímufólks til Skotlands og Englands til keppni í backhold. Jón Gunnþór Þorsteinsson var fulltrúi HSK í hópnum sem keppti alls á fimm mótum þessa daga. Jón Gunnþór náði ekki í verðlaunaseti í ferðinni en lenti hæst í 5. sæti í opnum flokki karla á þremur mótanna.

Mót á vegum HSK

Grunnskólámót HSK 2017

Grunnskólámót HSK 2017 fór fram miðvikudaginn 1. febrúar í íþróttahúsinu á Hvolssvelli. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 59 þátttakendur frá fjórum grunnskólum á sambandsvæði HSK. Glimt var á þremur dýnlögðum völlum samtímis. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómarar og annað starfsfólk mótsins komu úr röðum HSK.

5. bekkur stelpna

1. Guðrún Margrét Sveinsdóttir, Hvolsskóla

5. bekkur stráka

1. Ragnar Dagur Hjaltason, Bláskógaskóla

6. bekkur stelpna

1. Hrefna Dögg Ingvarsdóttir, Hvolsskóla

6. bekkur stráka

1. Ísak Guðnason, Hvolsskóla

7. bekkur stúlkna

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Laugalandsskóla



Keppendur á héraðsmóti yngri flokka í glímu 2017.

7. bekkur stráka

1. Veigar Páll Karelsson, Hvolsskóla

8. bekkur stúlkna

1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

8. bekkur stráka

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla

9. bekkur stúlkna

1. Birgitta Saga Jónasdóttir, Hvolsskóla

9. bekkur drengja

1. Kristján Bjarni Indriðason, Hvolsskóla

10. bekkur stúlkna

1. Rósa Kristín Jóhannsdóttir, Bláskógaskóla

10. bekkur drengja

1. Sölvi Freyr Jónasson, Bláskógaskóla

Stigakeppni skóla

Stigakeppni skóla er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

5.-7. bekkur stráka stig

1. Hvolsskóli	22
2. Bláskógaskóli	15
3. Laugalandsskóli	13

5.-7. bekkur stelpna stig

1. Hvolsskóli	22
2. Laugalandsskóli	12,5
3. Bláskógaskóli	7,5
4. Flóaskóli	7

8.-10. bekkur drengja stig

1. Bláskógaskóli	22
2. Hvolsskóli	19
3. Laugalandsskóli	3

8.-10. bekkur stúlkna stig

1. Hvolsskóli	22
2. Bláskógaskóli	9
3. Laugalandsskóli	5

Héraðsglíma HSK 2017 - barnaflokkar

Héraðsglíma HSK í flokkum drengja og stúlkna 15 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu í Reykholti í Bláskógabyggð laugardaginn 25. febrúar 2017 og hófst keppni kl. 13:00. 37 keppendur komu til leik frá sex félögum á HSK svæðinu.

15 ára strákar

1. Kristján Bjarni Indriðason, Dímon

13-14 ára strákar

1. Sindri Sigurjónsson, Dímon

13 ára stelpur

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Garpi

12 ára strákar

1. Ísak Guðnason, Dímon

12 ára stelpur

1. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir, Garpi

11 ára og yngri strákar

1.-2. Bjarni Þorvaldsson, Dímon

1.-2. Rúnar Þorvaldsson, Dímon

11 ára og yngri stelpur

1. Hanna Birna Hafsteinsdóttir, Dímon

Stigakeppnin:

Drengir 19 ára og yngri:

1. Dímon	59,5 stig
2. Umf. Bisk.	12,5 -
3. Umf. Laugdæla	2

Stúlkur 16 ára og yngri:

1. Dímon	29 stig
2. Garpur	12 -
3. Umf. Laugdæla	8
4. Umf. Þjótandi	5

Fjórðungsglíma Suðurlands 2017

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram að Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 14. desember og hófst keppni kl. 18:00. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í



Stefán Geirsson að tryggja sér fjórðungsmeistaratitilinn í glímu.

fjórum flokkum stúlkna og fimm flokkum drengja auk karlaflokks. Keppni í kvennaflokki féll niður sökum þátttökuleysis. Alls sendu fjögur félög 30 keppendur til leiks en rétt til þátttöku eiga allir félagar íþrótt- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

Karlar 16 ára og eldri

1. Stefán Geirsson, Þjótanda

Piltar 15 ára

1. Kristján Bjarni Indriðason, Dímon

Strákar 13 ára

1. Sindri Sigurjónsson, Dímon

Stúlkur 13 ára

1. María Sif Indriðadóttir, Dímon

Strákar 12 ára

1. Matthías Ármann, Bisk.

Stelpur 12 ára

1. Svanhvít Stella Þorvaldsdóttir, Dímon

Strákar 11 ára

1. Fróði Larsen, Bisk.

Stelpur 11 ára

1. Hanna Birna Hafsteinsdóttir, Dímoni

Strákar 10 ára og yngri

1. Sæþór Leó Helgason, Þjótanda

Stúlkur 10 ára og yngri

1. Hulda Guðbjörg Hannesdóttir, Garpi.

Skjaldarglíma Bergþóru og Skarphéðins

Héraðsglíma HSK í fullorðinsflokkum, Skjaldarglíma Bergþóru og Skjaldarglíma Skarphéðins, var glímd að Laugarvatni fimmtudaginn 28. desember 2017 og hófst keppni kl. 13:00. Keppninni hafði verið frestað vegna skorts á keppendum síðastliðinn vetur en fór nú loks fram. Tveir keppendur mættu til leiks í hvorn flokk Skjaldarglímunnar og var glímd jafnaðarglíma í báðum flokkum. Úrslit fóru á þá leið að Stefán Geirsson Umf. Þjótanda sigraði glímuna um Skarphéðinsskjöldinn í 13. sinn en hann glímdi fyrst um skjöldinn 1999. Jana Lind Ellertsdóttir Garpi sigraði glímuna um Bergþóruskjöldinn annað árið í röð.

Árangur Skarphéðinsmanna á mótum GLÍ

Bikarglíma Íslands 2017

45. bikarglíma Íslands fór fram 20. janúar í íþróttahúsi Kennaraskólans í Reykjavík.

Unglingaflokkur +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur -65 kg

2. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Landsflokkaglíman 2017

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Karlar +90 kg

2. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Karlar opinn flokkur

4. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Grunnskólamót GLÍ 2017

Grunnskólamót GLÍ fór fram í Ármannshöfðinu, Skelli, 18 mars 2017.

Grunnskólameistarar úr röðum HSK urðu:

5. bekkur stúlkna, stærri

1. Hanna Birna Hafsteinsdóttir, Hvolsskóla

6. bekkur stúlkna, stærri

1. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir, Laugalandsskóla

7. bekkur stúlkna

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Laugalandsskóla

5. bekkur stráka

1. Fróði Larsen, Bláskógaskóla

8. bekkur stráka

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla

9. bekkur stráka

1. Kristján Bjarni Indriðason, Hvolsskóla

Íslandsglíman 2017

Hundraðasta og sjöunda Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsinu lðu á Selfossi 1. apríl 2017. Jón Gunnþór Þorsteinsson keppti í sinni fyrstu Íslandsglímu og hafnaði í fjórða sæti af fimm keppendum: Ásmundur Hálfðán Ásmundsson UÍA hampaði beltinu í annað sinn. Átta konur glímdu um Freyjumenið og átti HSK þar af tvo keppendur sem enduðu keppni í fyrsta og öðru sæti. Marín Laufey Davíðsdóttir hlaut sæmdarheitið glímdrottning Íslands í fimmta sinn og Jana Lind Ellertsdóttir náði öðru sæti eftir úrslitaglímu. Heiðursgestur mótsins var Jóhannes Sveinbjörnsson fyrrum glímukóngur úr röðum HSK og afhenti hann verðlaun í mótslok.

1. umferð í meistaramótaröð GLÍ 2017–2018

Haldið á Hvolsvelli 28. október 2017.

Unglingar karla +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Unglingar kvenna +70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Karlar opinn flokkur

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

2. umferð í meistaramótaröð GLÍ 2017–2018

Haldið á Reyðarfirði 11. nóvember 2017.

Unglingar kvenna +70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

4. Jana Lind Ellertsdóttir

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri

Mótið fór fram á Hvolsvelli 28. október 2017.

Íslandsmeistarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

Stúlkur 10 ára

1. Arna Danielsdóttir (gestur 9 ára)

Strákar 10–11 ára

1. Rúnar Þorvaldsson

Stúlkur 11 ára

1. Hanna Birna Hafsteinsdóttir



Marín Laufey var útnefnd glímukona ársins af GLÍ.

Stúlkur 12 ára

1. Svanhvít Stella Þorvaldsdóttir

Strákar 12 ára

1. Sindri Sigurjónsson

Stúlkur 13 ára

1. María Sif Indriðadóttir

Strákar 13 ára

1. Sindri Sigurjónsson

Strákar 15 ára

1. Kristján Bjarni Indriðason

Unglingalandsmót UMFÍ 2017

ULM 2017 fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina og var keppt á grasi við Vilhjálmsvöll.

Unglingalandsmótsmeistarar úr röðum HSK urðu:

Stúlkur 11–12 ára

1. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir

Strákar 13–14 ára

1. Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson

Stúlkur 17–18 ára

1. Laufey Ósk Jónsdóttir

Staða HSK fólks á styrkleikalista glímumanna 31. desember 2017

Karlar

4. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

2. Jana Lind Ellertsdóttir

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2017. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.

Golfnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðmundur Bergsson, Golfklúbbi Selfoss, formaður, Jón Sveinberg Birgisson, Golfklúbbi Selfoss, Sigríður Gunnarsdóttir, Golfklúbbi Selfoss. Varamaður: Helgi Guðmundsson,

Golfklúbbum Flúðum.

Nefndin sá um að velja golfíþróttamann HSK en engin héraðsmót voru haldin þetta árið.

Handknattleiksnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss, formaður, Atli Kristinsson, ÍF Milán, Örn Þrastarson, ÍF Milán. Varamaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss.

Nefndin valdi Perlu Ruth Albertsdóttur sem handknattleiksmann HSK fyrir árið 2017, en engin héraðsmót voru haldin á árinu.

Hestaíþróttanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sigmar Ólafsson, Hestamannafélaginu Sleipni, formaður, Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni, Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi. Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi.

Nefndin sá um að velja hestaíþróttamann HSK, en engin héraðsmót voru haldin á árinu.

Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss, formaður, Markús Ívarsson, Umf. Samhyggð, Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon. Varamaður: Ásberg Lárentzínsson, Umf. Þór.

Þátttaka HSK á 7. Landsmóti UMFÍ 50+ 2017

Landsmót UMFÍ 50+ fór fram í Hveragerði 23.–25. júní 2017. Alls tóku 108 keppendur af sambandssvæðinu þátt og stóðu sig með sóma. Keppendur af sambandssvæðinu tóku þátt í öllum keppnisgreinum mótsins nema skák og unnu til verðlauna í öllum greinum sem þeir tóku þátt í nema boccaia.

Hér er getið um verðlaunahafa í einstökum greinum.

Badminton

Hallgrímur Óskarsson varð í þriðja sæti í einliðaleik.

Bridge

Sex bridgesveitir af sambandssvæði HSK tóku þátt í mótnu. Ein af þeim vann til verðlauna, en sveitin Rangæingarnir varð í þriðja sæti. Í sveitinni voru Helgi Hermannsson, Brynjólfur Gestsson, Sigurður Skagfjörð og Þorgils Torfi Jónsson.



Keppendur HSK í sundi á landsmóti 50+.

Boccia

Fjöldi liða af HSK svæðinu tók þátt, en náði ekki að vinna til verðlauna.

Frjálsíþróttir

12 keppendur af sambandssvæðinu tóku þátt og unnu flestir til verðlauna. Yngvi Karl Jónsson vann langstökk og 100 og 800 metra hlaup í flokki 50–54 ára og varð þriðji í spjótkesti. Guðmundur Ingimarsson varð annar í 800 og langstökki í sama flokki og þriðji í 100 m. Guðmundur Nikulásson vann 100 m og spjótkest í 55–59 ára flokki og varð annar í kúlu. Pétur Ingi Frantzson vann 800 m hlaup og varð annar í 100 m í flokki 60–64 ára. Marteinn Sigurgeirsson vann 100 metra hlaup í flokki 70–74 ára karla og Sigmundur Stefánsson varð annar í spjótkesti í sama aldursflokki. Guðni Guðmundsson

vann 800 metra hlaup í flokki 80–84 ára og varð annar í 100 metra hlaupi. Árni Einarsson vann kúlu og spjót í flokki 85–89 ára. Hildur Harðardóttir var eina konan í keppnisliði HSK og hún vann kúluvarp og spjótkest og varð önnur í 100 metra hlaupi.

Fuglagreining

Kolbrún Júlíusdóttir varð önnur í fuglagreiningu og Jón M. Ívarsson varð í 3. sæti.

Golf

Vilhjálmur Pálsson varð í 2. sæti í flokki karla 70 ára og eldri og Soffía Theodórsdóttir varð í þriðja sæti í flokki kvenna 50–64 ára.

Jurtagreining

Kristín Stefánsdóttir varð landsmótsmeistari í jurtagreiningu.



Lárus Ingi varð annar í þútti og Gísli Páll, sem vann þessa grein, fylgist með.

Línudans

Flækjufótur sem er lið frá Selfossi varð í 3.–4. sæti á mótinu. Þjálfari liðsins er Jón Þór Antonsson. Auk hans voru í liðinu þau Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir, Hjördís Þorsteinsdóttir, Magnea Magnúsdóttir, Hrefna Kristinsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Kolbrún Sveinbjörnsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir, Þórný Kristmannsdóttir og Guðrún Jóna Hilmarsdóttir.

Ringó

Sjö lið voru skráð til leiks og tvö þeirra voru frá HSK. HSK 1 varð í þriðja sæti á mótinu. Í liðinu voru Guðbjörn Árnason, Guðmundur Nikulásson, hjónin Ásta Laufey Sigurðardóttir og Ólafur Elí Magnússon og bræðurnir Jason Ívarsson og Jón M. Ívarsson.

Pútt

Gísli Páll Pálsson varð landsmótsmeistari í þútti í flokki 50–69 ára og Lárus Ingi Friðfinnsson varð annar í sama aldursflokki. Soffía Theodórsdóttir varð önnur í 50–69 ára flokki kvenna.

Pönnukökubakstur

Hjördís Þorsteinsdóttir varð landsmótsmeistari.

Stígavélakast

Guðmundur Ingimarsson varð í þriðja sæti í flokki 50–69 ára.

Strandblak

Valdimar Hafsteinsson og Kent Lauridsen urðu landsmótsmeistarar í karlaflokki.

Sund

Páll G. Sigurbórsson varð annar í 50 og 100 m skriðsundi í flokki 70–79 ára. Karl Gunnlaugsson varð landsmótsmeistari í 50 m baksundi og 50 m skriðsundi í flokki 80 ára og Tómas Jónsson varð meistari í 100 m bringusundi í sama aldursflokki.

Throwdown

Katrín Ösk Þorgeirsdóttir sigraði í flokki kvenna 60–69 ára.

Útanvegahlaup

Keppendur af sambandssvæðinu unnu þrefalt í flokki 50–59 ára. Sverrir G. Ingibjartsson sigraði, Valdimar Hafsteinsson varð annar og Jón Gísli Guðlaugsson þriðji. Ólöf Jónsdóttir varð önnur í sama aldursflokki hjá konum og Íris Judith Svavarsdóttir varð önnur.

Þríþraut

Valdimar Hafsteinsson varð landsmótsmeistari í flokki karla 50–59 ára og Sveinbjörn Sveinbjörnsson sigraði í flokki 60–69 ára.



Hörkukeppni í 100 metra hlaupi kvenna á Landsmóti 50+. Hildur Harðardóttir fyrir miðju.

Íþróttanefnd fatlaðra

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Þorbjörg Vilhjálmssdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, formaður, Guðrún Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný. Varamaður: Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra.

Það helsta sem gert var á þessu ári var að halda héraðsmót í nokkrum þeirra íþróttagreina sem boðið er upp á fyrir fatlað fólk á svæði HSK. Keppendur á þessum mótum voru úr íþróttafélögunum Gný og Suðra en að sjálfsgöðu var allt fólk með fötlun á svæðinu velkomið að keppa. Mótin tókust vel og voru eftirfarandi.

- Héraðsmót í sundi fór fram í Sundhöll Selfoss þann 26. mars samhliða Páskamóti sunddeilda Selfoss og tóku tveir keppendur þátt.

Katla Sif Ægisdóttir keppti í 50m skriðsundi og 50m bringusundi og Skúli Bárðarson í 50m skriðsundi og 50m bringusundi.

- Héraðsmót í boccia, liðakeppni, fór fram í 13. maí. Keppendur voru 26 og voru liðin níu.

Sigurvegari var Suðri 4: Birgir Örn Viðarsson, Guðmundur Ásbjörnsson og Þorgeir Sigurðsson.

- Héraðsmót í golfi fór fram 28. ágúst á Ljósafossvelli og spilaðar voru 6 holur. Keppendur voru átta.

Sigurveggarar voru: María Sigurjónsdóttir í kvennaflakki og Reynir Ingólfsson í karlaflakki.

- Héraðsmót í lyftingum, réttstöðulyftu, fór fram í Crossfit Selfoss 2. desember. Keppendur voru sex. Gullverðlaunahafar voru Valdís Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Aron Einarsson og Sigurjón Ægir Ólafsson.

- Héraðsmót í frjálsum íþróttum fór fram 22. júní samhliða móti ófatlaðra.

Tveir keppendur, María Sigurjónsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir tóku þátt í flokkum fatlaðra og Hulda Sigurjónsdóttir keppti í flokki ófatlaðra.

Íþróttanefnd fatlaðra hjá HSK vinnur að íþróttamálum fyrir fólk með fötlun sem æfir íþróttir í Árnas- og Rangárvallasýslu. Áhugi er hjá nefndarfólki að ná til allra fatlaðra barna og unglunga hvort sem þeir æfa með íþróttafélögum fatlaðra, almennum íþróttafélögum eða æfa enga íþrótt. Mjög margir möguleikar eru á sviði íþróttar til æfinga og keppni og samkvæmt rannsóknunum á þátttöku fatlaðs fólks í íþróttum efla þær mjög líkamlega getu, félagslega stöðu og sjálfstraust. Við erum tilbúin til að veita nánari upplýsingar um þessi mál.

Þorbjörg Vilhjálmssdóttir

Knattspyrnunefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja, formaður, Hafþór Theodórsson, Knattspyrnufélagi Árborgar, Jón Þorberg Steindórsson, Knattspyrnufélagi Rangæinga. Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri.

Nefndin sá um að velja knattspyrnumann HSK en engin héraðsmót voru haldin þetta árið. Þá fór formaður nefndarinnar á KSÍ þingið, sem fulltrúi HSK.

Körfuknattleiksnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri, formaður, Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna, Þorsteinn Darri Sigurgeirsson, Umf. Heklu. Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi FSU.

Nefndin sá um að velja körfuknattleiksmann HSK 2017. Engin HSK mót voru haldin á árinu.

Skáknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss, formaður, Björgvin Helgason, Umf.



Keppendur og þjálfari á fyrsta HSK mótinu í lyftingum fatlaðra.

Heklu, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu. Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja.

Hraðskákmót HSK

Miðvikudagskvöldið 18. janúar 2017 fór fram hraðskákmót HSK í Fichersetrinu á Selfossi þar sem til leiks skráðu sig 12 keppendur og kepptu allir við alla. Umhugsunartíminn var 2x4 mín og urði þessir í þremur efstu sætum.

1. Sverrir Unnarsson Umf. Selfoss 9½.
2. Björgvin Guðmundsson Umf. Hekla 9 v.
3. Ingimundur Sigurmundsson Umf. Selfoss 8 v.

Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri

Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri fór fram í Grunnskólanum á Hellu 11. febrúar 2017. Óvenju fáir keppendur voru á mótinu miðað við síðustu ár, eða 12 talsins frá þremur félögum. Keppt var í einum hóp þar sem allur aldur atti kappi saman.

Stigakeppni félaga

- | | | |
|----|-----------------|---------|
| 1. | Umf. Hekla | 29 stig |
| 2. | Umf. Hrunamanna | 15 stig |
| 3. | Íþr.f. Dímon | 9 stig |

Héraðsmót HSK í skák

Héraðsmót HSK í skák fór fram í Selinu þriðjudaginn

21. nóvember 2017 og mættu til leiks fimm sveitir og urðu úrslitin eftirfarandi:

- Umf. Þór – 12 ½ vinningar
- Umf. Selfoss – 10 ½ vinningar
- Umf. Gnúpverjar – 8 ½ vinningar
- Dímon – 5 ½ vinningar
- Umf. Hekla 3 vinningar

Mótið var skemmtilegt og spennandi, þar sem úrslitin réðust í síðustu umferðinni. Þá mættust Þór og Selfoss, sem voru með jafn marga vinninga. Þórsarar höfðu betur og unnu titilinn. Móttjóri var Guðmundur Jónasson.

Starfsíþróttanefnd 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda, formaður, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Umf. Þjótanda. Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi.

Verkefni nefndarinnar á árinu var að halda utanum keppni í starfsíþróttum á Landsmóti 50+ í Hveragerði helgina 23.–25. júní. Keppt var í 3 greinum, pönnukökubakstri, fuglagreiningu og jurtagreiningu.

Keppnin í pönnukökubakstri fór fram í grunnskólanum og voru keppendur 6 talsins. Áhorfendur voru á annað hundrað og stemmningin var góð. Sigurvegari var Hjördis Þorsteinsdóttir.



Sigursveit Þórs í sveitakeppni HSK í skák.



Keppendur í fuglagreiningu á Landsmóti 50+ í Hveragerði.

Keppni í jurtagreiningu fór fram í Garðyrkju-skólanum á Reykjum og keppni í fuglagreiningu í grunnskólanum og gengu vel. Sigurvegari í jurtagreiningu var Kristín Stefánsdóttir og Stefán Jósepson sigraði fuglagreininguna.

Starfsíþróttanefnd þakkar þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd Landsmótsins og skólastjórnendum í Hveragerði fyrir góða aðstöðu. Næstu verkefni nefndarinnar verða að öllum líkindum í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina þegar Unglingalandsmótið fer fram, en það verður keppt í einhverjum greinum starfsíþróttar.

Fanney Ólafsdóttir

Sundnefnd 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Vilhelmina S. Smáradóttir, Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Pálsson Umf. Selfoss, Guðrún Herborg Hergeirsdóttir Umf. Selfoss. Varamaður: Charlotte Clausen, Íþr.f. Hamar.

Sundnefnd HSK hélt fund þann 4. janúar 2018 og fór yfir liðandi starfsár og gerði drög og skipulagði komandi starfsár.

Sundiðkun innan aðildarféлага HSK árið 2017 er með ágætum og hefur sundfólk innan HSK staðið sig mjög vel á liðandi keppnisári. Þar á meðal hefur Sara Ægisdóttir, Umf. Selfoss, náð lágmarkstíma á AMÍ - Aldursflokameistaramót Íslands og Ólafía Ösk Svanbergisdóttir, Suðra, keppt með landsliðinu

á Norðurlandameistaramóti fatlaðra, verið á verðlaunapalli á Íslandsmóti fatlaðra í 25 og 50m laug og tekið fullan þátt með afrekshópi ÍF sem var með fjórar æfingahelgar á árinu.

Á starfsári 2017 hélt sundnefnd HSK þrenn sundmót. Úrslit í stigakeppni félaganna voru eftirfarandi:

Aldursflokkmót HSK

Selfoss 110 stig
Hamar 62 stig
Dímon 41 stig

Héraðsmót HSK

Hamar 94 stig
Selfoss 79 stig
Dímon 7 stig

Unglingamót HSK

Selfoss 75 stig
Hamar 21 stig

Vilhelmina S. Smáradóttir

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna, formaður, Lís Thomsen, Umf. Hvöt, Kjartan Lárusson, Umf. Laugðæla. Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttaf. Dímon.



Frá héraðsmótiinu í sundi í Hveragerði.

Á 95. Héraðsþingi HSK sem haldið var á Hótel Örk í Hveragerði var skipt um formann í nefndinni. Jóhannes Sigmundsson formaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Kjartan Lárusson var kjörinn nýr nefndarmaður og Þorgeir tók að sér formennsku í nefndinni eftir fjölda áskorana (tveir).

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Syðra-Langholti á heimili Jóhannesar Sigmundssonar, þar sem honum var færður blómvöndur frá HSK sem þakklætisvott fyrir ómetanleg störf fyrir HSK í um 65 ár.

Á starfsárinu kom nefndin saman á fjóra bókaða fundi. Eins og áður, gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Lagði nefndin til að Kjartan Kjartansson í Hveragerði yrði útnefndur öðlingur ársins 2017, en hann hefur um áratugaskeið tekið þátt í félagsmálum og íþróttum.

Merking á myndasafni HSK er verkefni sem nefndin hefur gripið í þegar tækifæri hefur gefist til. Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið koma myndasafninu fyrir á Héraðsskjalasafni Ármessýslu og hefja samstarf við starfsmenn safnsins um merkingar á myndunum.

Lokafrágangur á landsmótsmyndinni, sem Marteinn Sigurgeirsson hefur unnið að, hefur tafist nokkuð. Vonandi tekst að ljúka henni í vetur.

Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt fyrir nefndina.

Þorgeir Vigfússon



Sögu- og minjanefnd heimsótti Jóhannes Sigmundsson í maí, en Jóhannes gaf ekki kost á sér til endurkjörs, eftir um 40 ára setu í nefndinni.

Skýrslur aðildarféлага HSK:

Golfklúbbur Ásatúns

Á aðalfundi 2016 var samþykkt að Golfklúbbur Ásatúns myndi kaupa tæki og tól af Golfvelli Ásatúns að helmingshluta á móti Golfklúbba Flúða. Þetta gekk eftir og var ánægjulegt að málin skyldu leysast þannig og að Golfklúbbur Ásatúns geti þannig stuðlað að frekari vexti á Selsvelli við Flúðir.



Heilmikil vinna fer í að halda utanum félagsmenn okkar, sem voru um 240 árið 2017 og hafa þó nokkuð margir komið og spilað á Selsvelli, sem er heimavöllur Golfklúbbs Ásatúns, en einn hringur er innifalinn í félagsgjaldi okkar, sem var 8.900 kr. fyrir árið 2017.

Félagar okkar tóku þátt í vorhreinsun á Selsvelli í maí og var mikil og góð stemming, lagðar voru niður tugir metra af torfi, yfir nýjar drenlagnir sem lagðar höfðu verið á braut eitt og fjögur.

Vegna góðrar fjárhagsstöðu Golfklúbbs Ásatúns var ákveðið að styrkja verkefni sem fara á í nú í vor 2018, á braut sex um kr. 500.000 og enn og aftur gaman að geta lagt Golfklúbba Flúða lið. Stefnt er að sameiningu klúbba 2019 og vonum við að sem flestir komi með okkur í þá vegferð.

Sigurjón Harðarson formaður

Golfklúbburinn Dalbúi

Aðalfundur var haldinn 30. nóvember 2017. Stjórn Golfklúbbsins Dalbúa 2017 skipuðu: Páll Þórir Ólafsson, formaður. Hafsteinn Daniélsson, varaformaður, Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri, Halldór Snæland, ritari, Hörður Bergsteinsson, meðstjórnandi, Ragnhildur Bender, meðstjórnandi og Bryndis Scheving, meðstjórnandi.



Nýliðið rekstrarár var óvenjulegt í sögu klúbbsins, sem markast einkum af því að eftir að fyrri rekstraraðili lét af störfum var ákveðið að klúbburinn skyldi eignast tæki og búnað til reksturs vallarins og sjá nýjum rekstraraðila fyrir þeim tækjum og búnaði sem þyrfti til starfseminnar.

Þessi kaup voru m.a. fjármögnuð með þeim hætti að gengið var til samninga við Grafu stéttarfélag, VM – félag vélstjóra og málmteknimanna og Rafiðnaðarsamband Íslands um að þessir aðilar keyptu hluta í golfskála Dalbúa í Miðdal og jafnframt voru gerðir samningar við þessi félög um kaup á sumarkortum og sérstakan afslátt á völinn til félagsmanna þeirra. Með þessum samningum tókst að fjármagna nauðsynleg kaup á tækjum og búnaði af fyrri rekstraraðila og leggja nýjum rekstraraðila til þau tæki sem þyrfti til reksturs vallar og skála.

Nýr rekstraraðili, Teigarhorn ehf., tók við rekstri vallarins og skálans frá 1. maí 2017. Völlurinn var almennt í mjög góðu ástandi þegar leið á sumarið, eftir nokkra byrjunarörðugleika, m.a. vegna viðgerða á tækjum og var almennt ánægja með völinn, sem var snyrtilegur og vel hirtur og þjónusta í skála var einnig hin besta.

Því miður var veður oft til trafala er leið á sumarið, sem varð til þess að nokkur mót féllu niður og aðsókn var lakari en vænta mátti. M.a. vegna þessa urðu tekjur rekstraraðila af starfseminni minni en þau höfðu vænst og ákváðu því að hverfa frá þessum rekstri eftir sumarið.

Það verður því eitt helsta verkefni nýrrar stjórnar að finna nýja rekstraraðila fyrir völinn og golfskálann fyrir sumarið 2018.

Að hausti voru allar flatir vallarins gataðar og farið var yfir vélar og búnað fyrir veturinn. Það er ljóst að



Hinir frægu vikingar á 16. braut á Selsvelli.

sumar vélanna þurfa verulegar endurbætur til að geta dugað vel fyrir næsta sumar og einnig þarf að huga að viðhaldi annars búnaðar, m.a. vökvunarkerfis, en ekki reyndi þó mikið á það í sumar.

Kosin stjórn á aðalfundi fyrir 2018: Bryndis Scheving, formaður, Böðvar Schram, varaformaður, Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri, Ásbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi, Hafsteinn Daniélsson, varaformaður og Ragnhildur Bender, varaformaður.

Páll Ólafsson, fráfandi formaður

Golfklúbburinn Flúðir

Aðalfundur GF var haldinn þann 17. febrúar 2017 í golfskálanum á Efra-Seli. Stjórn GF er þannig skipuð: Árni Tómasson, formaður, Edda Svavarsdóttir, varaformaður, Sigurður Þór Kristjánsson, gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson, ritari og Herdís Sveinsdóttir, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru þau Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir og Helgi Guðmundsson.

Selsvöllur var opnaður í apríl og aðsókn í sumar var góð og ástand vallarins einnig. Veðurfar var gott og aðstæður til golfþökunar því góðar.

Í ár var lögð áhersla á gerð göngu- og golfbílástiga og til þess nýtt gervigras sem fallið hefur til vegna endurnýjunar knattspyrnu- og sparkvalla. Einnig var gengið frá þökulagningu á 1., 4. og 11. braut eftir aðgerðir á því svæði sem fólust í að þurrka svæðið betur upp. Þá var trjágróður grísaður og snyrtur til á nokkrum stöðum auk þess sem stærri tré voru flutt til.

Við þessar framkvæmdir, eins og aðrar á



undanförunum árum, skilaði mikið og öflugt sjálfbæðastarf félaga GF okkur miklum ávinningi og fyrir það ber að þakka. Einnig hefur klúbburinn notið mikils stuðnings bakhjarla, sem hafa gert þetta kleift.

Á vegum GF voru haldin alls 10 golfmót og eru þá öll innanfélags- og opin mót þar með talin, en ekki GSI unglíngamótið sem fram fór í ágúst eða önnur mót, t.d. fyrirtækjamót. Færri mót voru haldin í ár en frá fyrra ári og þess í stað lögð meiri áhersla á umgjörð þeirra.

Aðsókn í golfmót sumarsins var með mesta móti og í sumum tilfellum myndaðist biðlisti. Stjórn GF ákvað að leggja sérstaka áherslu á umgjörð þriggja móta á síðasta ári sem eru Vormótið, Meistaramótið og Réttarmótið, en það síðastnefnda er eins konar uppskeruhátið undir lok golfsumars. Félagsandinn hefur sannarlega eflst með þessari bættu umgjörð og ljóst að framhald verður á þessu fyrirkomulagi.

Fjöldi félaga í GF 2017 taldi um 280 manns og hefur heldur aukist á undanförunum árum. Hluti félaganna eru með aukaaðild að GF, enda margir sumarhúseigendur í klúbbum sem einnig eru félagar í klúbbum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Í ár var í fyrsta sinn boðið upp á sérstakt nýliðagjald til kylfinga yngri en 40 ára og var því mjög vel tekið.

Í sumar var boðið upp á golfæfingar fyrir börn og unglinga og var það Ástráður Sigurðsson golfkennari sem annaðist kennsluna. Ástráður kom nokkrar helgar til okkar í sumar og var aðsóknin góð og krakkarnir mjög ánægðir. Reiknað er með að framhald verði á þessu fyrirkomulagi.



9. flöt Selsvallar.

Golfklúbburinn Geysir

Aðalfundur Golfklúbbsins Geysir 2017 var haldinn í slökkvistöðinni Tunguhálsi, 5. desember 2017.

Núverandi stjórn er skipuð eftirtöldum; Pálmi Hlökkversson, formaður, Gunnar Skúlason, gjaldkeri, Frimann Birgir Baldursson, ritari, Hermann Marínó Maggýjarsen og Einar Tryggvason meðstjórnendur.

Á fundinum kom fram að Meistaramót GEY 2017 var haldið í júlí. Klúbbmeistari karla er Edwin Roald Rögnvaldsson, sigurvegari í 2. flokki er Gunnar Skúlason, sigurvegari í 3. flokki er Karl Jóhann Einarsson, sigurvegari í 4. flokki er Einar Tryggvason, sigurvegari í Öldungaflokki er Arnar Jónsson. Athygli vekur að engin kona var skráð í meistaramótið, né heldur krakkar eða unglingar í unglingaflokki. Eitthvað sem við verðum að taka til skoðunar.

Klúbburinn sendi sveit í 4. deildar sveitakeppni GSÍ og var keppt í Þorlákshöfn. Sveit Gey barðist í efri hluta og með þokkalegri spilamennsku komum við okkur upp um deild. Við erum því loksins komnir í þriðju deild.

Annars var lítið mótahald á vegum klúbbsins þetta árið, en eins og fyrr ár, en nokkur fjöldi einkamóta voru haldin á Haukadalsvelli, skipulagt og framkvæmt af ýmsum hópum og félagasamtökum.

Vinavallasamningar voru gerðir við eftirtalda klúbba þetta árið, jafnt einhliða sem og tvíhliða; Golfklúbbinn Keili, Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar, Golfklúbbinn Odd, Golfklúbb Reykjavíkur, Golfklúbb Selfoss, Golfklúbb Borgarnes, Golfklúbbinn Flúðir og Ícelandair Golfers. Reynslan af þessum samningum er almennt góð og verður þessu samstarfi haldið áfram ef vilji er til hjá hinum klúbbunum.

Að lokum vill stjórn Golfklúbbsins Geysir þakka samstarfið og samveru á liðnu starfsári og óskar öllum gæfu og gengis.

Golfklúbbur Helli

Aðalfundur Golfklúbbs Helli var haldinn 8. nóvember, 13. maí á fundinn. Fundarstjórn var Heimir Hafsteinsson. Óskar Pálsson var endurkjörinn formaður í 18. sinn. Stjórnin gaf öll kost á sér áfram.

Breytingar urðu í tveimur nefndum, Þórunn Sigurðardóttir gaf ekki kost á sér áfram í kappleikjanevnd, inn komu Svavar Hauksson og Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gróa Ingólfsdóttir kom inn sem skoðunarmaður í stað Sveins Sigurðssonar, sem lést á árinu.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerst hafði á árinu, þakkaði starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu.

Stjórnina skipa: Formaður: Óskar Pálsson, varaformaður: Einar Long, gjaldkeri: Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir, ritari: Bjarni Jóhannsson, meðstjórnandi: Gísli Jafetsson, 1. varamaður: Guðný Rósa Tómasdóttir og 2. varamaður: Loftur Þór Pétursson.

Félagar í klúbbnum eru 118 sem er fjölgun um 3 frá síðasta ári. Einn félagi okkar, Sveinn Sigurðsson, lést þann 12. júní sl. Sveini voru þokkuð vel unnin störf í þágu klúbbsins og minntumst við hans með 1 mínútu þögn.

Háttvísiverðlaun að þessu sinni hlaut Þórir Bragason en þau eru veitt á aðalfundi ár hvert.

Framfaraverðlaun hlaut Fannar Aron Hafsteinsson, hann hefur með góðri ástundun þetta árið, lækkaði sig úr forgjöf 20,2 í 12,3. Við óskum honum góðs gengis á komandi árum.



Flatir sandaðar á Haukadalsvelli.



Klúbbmeistarar GHR voru mæðginin Andri Már Óskarsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir.

Vorkoman sem er fyrsta mót sumarsins var aflýst og því miður var svo með fleiri innanfélagsmót í sumar. Jónsmessumótið og Flaggakeppninni var einnig aflýst vegna ónægðrar þátttökur og Bændaglímunni var svo aflýst vegna veðurs. Meistaramótið var það allra lélegasta sem verið hefur í mörg ár aðeins 18 keppendur það fór fram dagana 5. til 8. júlí. Klúbbmeistarar 2017 eru þau Andri Már Óskarsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir.

Þann 1. maí var fyrsta opna mót sumarsins, Opna-Grillbúðarmótið, þar var mjög dræm þátttaka þetta árið aðeins 81 skráður til leiks og 62 luku keppni, þess má geta að veðrið var frekar slæmt. Lancome mótið var svo 7. maí en þar luku 88 konur leik.

Tvö GSÍ mót voru haldin. Fyrsta mótið í Íslandsbankamótariðinu var dagana 26.–28. maí þar voru 150 skráðir til leiks en 141 luku keppni og Íslandsmót golfklúbba pílta 18 ára og yngri þar voru 9 sveitir sem hófu keppni. LEK var með mót 11. júní með 139 keppendur.



Frá viku ungmennanámsskeiði sem Golfklúbbur Kiðjabelgs hélt í lok júní. 16 þátttakendur og mikið fjör.

GHR sendi sveit á Íslandsmót golfklúbba í 4. deild sem var í Þorlákshöfn þetta árið. Eins og sl. ár hefur verið erfitt að manna sveitina en það náðist að lokum. Í sveitinni voru þeir Andri Már Óskarsson, Óskar Pálsson, Þórir Bragason, Fannar Aron Hafsteinsson, Gunnar Bragason og Árni Sæmundsson, liðstjóri var Óskar Pálsson. Ekki komust við upp úr deildinni en stífar æfingar á komandi ári verður vonandi til þess að við skríðum upp í 3. deild.

Andra Má gekk nokkuð vel í sumar hann varð í 12. sæti á Íslandsmótið í högggleik og komst í 8 manna úrslitin á Íslandsmótið í holukeppni, Andri Már er í 4. sæti á stigalista GSÍ. Við óskum honum innilega til hamingju.

Golfkennsla var í sumar 2 sinnum í viku, eins og áður var það Gylfi Birgir Sigurjónsson sá um það, 7 til 15 börn voru að mæta á þessar æfingar.

Engar stórfarmkvæmdir voru á vellinum í ár.

Óskar Pálsson

Golfklúbbur Kiðjabelgs

Í ár var stjórn Golfklúbbs Kiðjabelgs skipuð eftirtöldum: Formaður: Þórhallur Einarsson, gjaldkeri: Brynhildur Sigursteinsdóttir og ritari: Jónas Kristinnsson. Meðstjórnendur: Gunnar Þorláksson og Magnús Þór Haraldsson. Varamenn: Ágúst Friðgeirsson og Börkur Arnviðarson



Aðsókn að Kiðjabelgsvelli var góð í sumar. Spilaðir voru í kringum 12.000 hringir sumarið 2017. Rekstur klúbbsins gengur ágætlega og er velta á milli ára svipuð.

Síðasti vetur var vellinum mjög hliðhollur og var gróandi í vellinum fram eftir hausti og í raun langt fram á vetur. Þannig að völlurinn skartaði sínu fegursta þetta sumarið.

Félagafjöldi er nú um 360. Fjöldi þeirra sem eru með GKB sem aðalklúbb er um 250 og síðan eru um 110, sem eru jafnframt í öðrum klúbb samhliða félagsaðild hjá okkur.

Meistaramót var um miðjan júlí, spilað var í 4 daga eða 72 holur í 2 flokkum kvenna og 3 flokkum karla. Síðan var boðið uppá það að öldungar, unglingar og opinn flokkur spiluðu 36 holur. Um 70 spiluðu í mótinu sem er svipað og árin á undan. Klúbbmeistarar urðu þau Rúnar Óli Einarsson og Áslaug Sigurðardóttir.

Í lokahófi meistaramóts GKB var afhentur í fimmta sinn Háttvísibíkar GSÍ sem klúbbnum var færður í tilefni af 20 ára afmæli klúbbsins 2013. Í ár var það Baldur Þór Baldvinsson sem var þess heiðurs aðnjótandi að fá þennan bikar til vaðveislu fram að næsta meistaramóti.

GKB átti sveitir í þremur flokkum í Íslandsmóti golfklúbba, 1 deild karla sem leikin var á Kiðjabergsvelli, þar sem GKB féll um deild og spilar á annarri deild að ári. Þetta er erfið deild þar sem allir stóru klúbbarnir eru með sveitir. Kvennasveit eldri kyflinga spilaði í 2. deild í Vestmannaeyjum og endað í 4. sæti, spilar því í sömu deild að ári. Mikil gleði var hjá konunum. Karlasveit eldri kyflinga spilaði í 1. deild í Öndverðarnesi, náðu sér ekki á strik og spila í 2. deild að ári.

Í lok júní bauð klúbburinn uppá viku golfnámskeið fyrir börn í samvinnu við sveitarfélagið. Þar var mikil gleði og fjör. Hófst námskeiðin kl. 9 með golfæfingum og enduðu kl. 13 eftir mat hjá Rakel. Leiðbeinandi á námskeiðunum var Pálmi Þór Pálmason, sem stóð sig mjög vel, GKB færir honum kærar þakkar fyrir hjálpinu. Ekki má gleyma að þrjár ömmur af svæðinu veittu einnig mikilvægan stuðning meðan á námskeiðinu stóð. Þátttakendur voru 9 af svæðinu og 6 úr sveitinni.

Golfklúbbur Selfoss

Stjórn GOS á tímabilinu skipuðu eftirtalin: Ástfríður Sigurðardóttir formaður, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Svanur Bjarnason ritari, Halldór Morthens og Páll Sveinsson meðstjórnendur. Þá sótti varamaðurinn Vignir Egill Vigfússon einnig fundi stjórnar.

Félagafjöldi GOS er 484 en þar af eru 193 í gegnum samning við golfklúbb Íslandsbanka (GOSÍ). Nýir meðlimir voru 68 en 78 hættu á milli ára.

Inniðstaða var opnuð í október og var vel nýtt að vanda til leiks og æfinga af fjölbreytilegum hópi iðkenda. Nýting á hermi var ekki jafn góð og árið áður en það skýrist meðal annars af sérlega góðu tíðarfarir yfir vetrarmánuði sem gerði það að verkum að unnt var að spila úti við í meira mæli en vant er. Nýr Trackman golfhermir var keyptur sem býður uppá fleiri nýja og spennandi golfvelli og hvetjum við alla til að notfæra sér alla þá kosti sem slíkur búnaður býður uppá til leiks og ekki síður æfinga.

Þúttmót og fleiri uppkomur voru vel sóttar og til mikillar eflingar á félagsstarfi klúbbsins. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá mörg ný andlit í hópnum. Félag eldri borgara á Selfossi hefur einnig nýtt aðstöðuna til vikulegra æfinga og verður vonandi framhald á því samstarfi.

Meðal helstu verkefna stjórnar á árinu má nefna að fundað var með Edwin golfvallahönnuði í upphafi starfsársins um uppbyggingu nýs vallarstæðis og áfangaskiptingu verksins ásamt því að fara yfir yfirstandandi deiliskipulagsferli. Þá kynnti stjórn sér einnig hágæða vökvunarkerfi sem vonir standa til að geti orðið hluti af uppbyggingu nýs vallar. Ný Turfco sáningsarvél var keypt auk þess sem æfingaboltar voru endurnýjaðir. Handbók GOS sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ var uppfærð á starfsárinu og mun hún mynda mikilvægan grunn í starfinu. Hana er að finna á vef klúbbsins og eru allir félagsmenn hvattir til



Golfklúbbur Selfoss fékk endurnýjun viðurkenningar sinnar sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

þess að kynna sér skjalið og þau markmið klúbbsins sem þar er að finna. Unnið var að umsókn um styrk úr íþróttasjóði ÍSÍ þar sem megináhersla er lögð á uppbyggingu í tengslum við barna- og unglingastarf. Ákveðið var að koma á æfingagjöldum fyrir börn og unglinga en æfingar spanna tímabilið desember til september og felur í sér fulla aðild að GOS. Við ákvörðun gjalda var tekið mið af ýmsum þáttum s.s. kostnaði við æfingar, laun þjálfara og framlag golfkennara og horft til kostnaðar íþróttæfinga í öðrum greinum. Er það mat stjórnar að gjöld GOS séu sanngjörn og ættu að höfða til stórs hóps barna og ungmennta.

Eins og félagsmenn hafa séð þá hefur golfskálinn verið tekinn hraustlega í gegn. Fjárfest var í nýjum tækjum í eldhúsi, parket var lagt á gólf, veggir málaðir og bæði borð og stólar í sal endurnýjað.

Á haustmánuðum var fjárfest í beltagröfu til að auka sjálfbærni í ýmsum framkvæmdum sem aðkeyptar hefðu orðið mjög kostnaðarsamar. Sem dæmi um framkvæmdir haustsins má nefna breytingu á 7. braut og stíg við 4. braut en þar verður að hluta nýtt gervigras sem klúbburinn fékk að gjöf. Þá var farið í mikla og löngu tímabæra vinnu við að leggja nýja raflögn á svæðinu.

Sumarið var okkur ekki sérlega hagstætt framan af vori og sumri en eins og undanfarin ár var ástand vallarins engu að síður frábært og til mikillar fyrirmyndar. Meistaramót fór fram við nokkuð erfiðar aðstæður þar sem vindur lék stórt hlutverk en mæting var engu að síður góð enda hápunktur sumarsins í hugum margra. Á árinu voru leiknir alls 12.571 hringur á Svarfhólsvelli en þeir skiptust þannig að félagsmenn áttu 4.974 hringi, gestir 5.501 og 1.089 hringir tilheyrðu mótum.

Rekstur klúbbsins var með ágætum þrátt fyrir að standast ekki fyllilega samanburð við fyrra ár en í þeim efnum spilar veðurfar gríðarlega stórt hlutverk enda hefur það áhrif á rekstur veitingasölu og þátttöku í mótum svo eitthvað sé nefnt. Einnig var farið í miklar framkvæmdir og fjárfestingar á tímabilinu. Betur verður farið yfir þá hlið mála og fjárhagsstöðu á aðalfundi og hvetjum við alla til að kynna sér ársreikning klúbbsins fyrir starfsárið.

Golfklúbbur Selfoss fékk endurnýjun viðurkenningar sinnar sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ á aðalfundi félagsins á Selfossi í gær.

Það var Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ sem afhenti Ástfríði M. Sigurðardóttur formanni klúbbsins

viðurkenninguna.

Á meðfylgjandi myndum má m.a. sjá Sigríði og Ástfríði auk ungra iðkenda félagsins.

Félagið lét útbúa forlata köku með merki fyrirmyndarfélaga af þessu tilefni og mæltist það ákaflega vel fyrir.

Að lokum þakkar stjórn GOS öllum kyflingum fyrir ánægjulegt samstarf og samveru á liðnu golf tímabili, framkvæmdastjóra fyrir hans störf sem og öðrum starfsmönnum og öllum nefndarmönnum fyrir þeirra framlag til starfsins.

Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2017 var haldinn 24. janúar. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Er stjórn GOT óbreytt og er skipuð eftirfarandi mönnum;

Forseti: Bjarni Magnússon, varaforseti: Bogi Pétursson, gjaldkeri: Magnús Már Þórðarson, ritari: Marteinn Þorkelsson, meðstjórnendur: Hilmar Hólmgeirsson, Óli Öder Magnússon og Júlíus Hallgrímsson.

Herrakvöldi GOT var haldið föstudaginn 3. mars í Laugardalshöll. Var þetta í sjöunda sinn sem klúbburinn heldur slíkt herrakvöld og að venju var uppselt. Undirbúningur og framkvæmd kvöldsins tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfrá augljós þegar fyrirfram ákveðinni dagskrá var slitið. Vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Sumarstarfið var í mismiklum blóma í ár. Innanfélagsmót voru þó haldin, bæði stór og smá. Bikarkeppnin var haldin þetta árið og fór það svo að lokum að það var Þorsteinn Hallgrímsson sem fór með sigur þetta árið.

Meistaramót GOT var haldið 23. ágúst á tveimur golfvöllum á höfuðborgarsvæðinu, Urriðavelli og Hvaleyrarvelli og var þátttaka mjög góð. Mótið sem slíkt var haldið með nokkuð hefðbundnu sniði. Svarta liðið sigraði þetta árið með sögulegum yfirburðum og klúbbmeistari er Júlíus Hallgrímsson. Skemmtinefndin skipulagði svo skemmtikvöld og aðrar samverustundir að móti loknu. Stjórnin vill þakka öllum sem tóku þátt í undirbúning og komu að mótnu.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 18. nóvember í veislusal Bruggshús Ægisgarðar.

Er það álit stjórnar að kvöldið hafi heppnast með miklum ágætum. Matarnefndin stóð sig frábærlega en þó verr en áður. En minna verður talað um afrek skreytingarnefndarinnar. Ljóst hlýtur að vera, að gengið var ansi nærri þolgæðum skemmtinefndarinnar, en formaður þeirra ágætu nefndar lagði mikið á sig og var þátttakandi í öllum atriðum kvöldsins bæði stórum og smáum. Búktalið þótti þar bera af!

Við erum stoltir að minnst á styrkveitingar klúbbsins til góðra málefna. Við styrktum meðal annars Félag krabbameinssjúkra barna, einnig gáfum við styrk til Dropans, sem er styrktarfélag barna með sykursýki.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári. Mörg viðfangsefni fengu jákvæða niðurstöðu umfram væntingar og örfá aðeins undir. Úr því verður bætt 2018. Að því sögðu þá vill stjórnin hvetja félagsmenn til leggja sitt af mörkum til að árið 2018 verði félagsmönnum öllum til mikillar ánægju. Því virk jákvæð þátttaka félagsmanna er lykillinn að velferð klúbbsins.

Bjarni Magnússon

Golfklúbburinn Úthlíð

Sumarið 2017 var mjög gott fyrir okkur í Golfklúbbi Úthlíðar.  Veturinn 2016–2017

var einstaklega mildur og mátti heita að ekkert frost kæmi í jörðu. Það var mikil breyting frá vetrinum þar á undan þar sem við fengum verulegt kal í völinn og voru eftirköst þess ekki að fullu gengin til baka fyrr en um mitt þetta sumar. Sumarið var síðan ágætlega veðursælt þannig að fólk gat spilað golf af krafti og líklega hefur aldrei verið spilað jafn mikið á vellinum hjá okkur en þetta sumar.

Fjöldi félaga stóð nokkurn veginn í stað. Meðalaldur félaga í GÚ er nokkuð hár þannig að á hverju ári hætta oftast einhverjir vegna aldurs en hingað til hefur nýliðun náð að vega það upp. Núna eru um 180 félagar og þar af um 50 GSÍ félagar, þ.e. með aðila að GSÍ í gegnum GÚ en ekki spilarétt á vellinum.

Allmörg fyrirtæki og félagasamtök kaupa einnig á hverju ári frikort á völinn fyrir dvalargesti í sumarhúsum sínum í Úthlíð og nágrenni. Fjöldi þeirra var á árinu svipaður og undanfarin ár.

Hirðing vallarins gekk ágætlega. Jón Þórðarson sem á bústað í Úthlíð og er hættur reglulegri vinnu sá um að slá flatar og sinna ýmsum verkefnum. Þólskur starfsmaður Ferðapjónustunnar að nafni Marcin sá um að slá brautir og einnig handslátt í kring um tré og annars staðar þar sem þess er þörf. Ýmsir tóku að sér að slá röff, en það var veruleg vinna í sumar vegna góðrar sprettu. Þráinn Hauksson tók einnig þátt í vallarstarfi en hann hafði samt ekki tók á að vinna mikið vegna bakmeiðsla. Brautarsláttuvélin sem við keyptum fyrir þrem árum er í ágætu lagi en flatarlúttuvélin er orðin mjög gömul og verður reynt að endurnýja hana í vetur. Einnig ætlum við að athuga með að kaupa röffsláttuvél í stað traktorstengdu vélanna sem við höfum notað og reyndar bilaði sú síðasta sumar og við þurfum að kaupa nýja.

Mótahald var með nokkuð hefðbundnum hætti í sumar. Hjónin Guðmundur Leifsson og Kristrún Runólfssdóttir og Björn Þorfinnsson og Þorgerður Hafsteinsdóttir sáu um vormótið með miklum glæsibrag og meðal vinninga var heitur pottur frá Trefjum fyrir að fara holi í höggi á 6. braut en sá vinningur gekk reyndar ekki út.

Texas Scramble miðsumarmótið var í byrjun júlí og var ágætlega sótt. Meistaramótið var einnig

ágætlega sótt og klúbbmeistarar urðu Jóhann Rikharðsson og Edda Erlendsdóttir. Edda í fyrsta skipti en Jóhann oftan en tölu verður á komið. Þokkaleg þátttaka var í Geirs goða mótnu og ágæt í lokamótnu, bændaglímunni sem var skemmtileg að venju. Bændur að þessu sinnu voru Hjördís Björnsdóttir og Þorgerður Hafsteinsdóttir og enduðu leikar með sigri þeirrar fyrrnefndu. Björn Þorfinnsson og Þorgerður Hafsteinsdóttir sigruðu hjóna- og parakeppnina. Spilaðar voru 5 umferðir og það par sem var með bestan árangur í 3 mótum stóð upp sem sigurvegari.

Þökkum að lokum félögum og stjórnarmönnum fyrir gott starf á árinu. Sérstaklega þeim sem vinna fyrir okkur verulegt sjálfbæðisstarf eins og við mótahald og viðhald vallarins. Sérstök ástæða er til að þakka þeim sem taka reglulega þátt í vinnudegi og síðasta voru gengu nokkrir félagar í að mála og laga salernishúsið við fjórða teig þannig að sómi er af.

Þorsteinn Sverrisson

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2017 var þannig skipuð. Formaður: Guðmundur Baldursson. Varaformaður: Magnús Ingvason. Ritari: Ingvar Jónsson. Gjaldkeri: Magnús Joachim Guðmundsson. Meðstjórnandi: Óskar Logi Sigurðsson. Varamenn: Ásta Júlía Jónsdóttir og Óskar Gíslason.



Árið 2017 var hefðbundið að mörgu leyti fyrir okkur. Starf sumarsins á golfvölinum helgaðist mikið eins og undanfarin sumur, af þeim framkvæmdum og/eða breytingum sem unnið er að. Vinna við þessar breytingar er talsvert mikil og hefur staðið yfir í nokkur ár, vonandi tekst að ljúka þeim sem mest á næstu tveimur árum. Tvær nýjar brautir voru teknar í notkun í sumar og tvær eldri brautir aflagðar sem er liður í þessum breytingum. Klúbburinn varð 20 ára á árinu, en stofndagur er 22. maí 1997 og var fyrsti formaður klúbbsins Georg Már Michelsen. Ákveðið var að halda ekki veislu vegna þessa tilefnis, heldur biða með það þar til breytingum á vellinum verður að mestu lokið.

Aðsókn að vellinum var heldur minni en árið á undan eða fækkun spilaðra hringja um 12%. Við reyndar söknuðum þess að ekki skyldi vora betur, því góður apríl skiptir oft sköpum fyrir okkur, en apríl mánuður 2017 hefði getað verið okkur hliðhollari hvað tíðarfar snertir.

Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar voru um síðustu áramót 303 talsins og er það nánast á pari miðað við árið á undan. Félagsgjöld í klúbbum eru mjög lág og fullryða má að það er með því allra lægsta sem þekkt á Íslandi. Tekið er vel á móti nýliðum í klúbbum og sýnir það best að félagsgjald nýliða fyrir fyrstu tvö árin er það sama og fullt félagsgjald einstaklings sem þó er eins og áður segir með því lægsta sem þekktist.

Á árinu voru þó nokkur mót hjá okkur og þar á meðal var haldið hér íslandsmót golfklúbba – 4. deild. Átta klúbbar tóku þátt í þessari deild og þar á meðal okkar klúbbur. Við lentum í 6. sæti og óhætt að segja að strákarnir hafi staðið sig mjög vel. Innanfélagsmót voru átta talsins og voru þau með svipuðu sniði og undanfarin ár og tókust mjög vel. Meistaramótið var haldið í lok júní og var þátttaka þokkaleg. Keppt var í fjórum flokkum karla og kvennaflokki. Ingvar Jónsson varð klúbbmeistari karla og Ásta Júlía Jónsdóttir klúbbmeistari kvenna. Í lok meistaramóts var snæddur kvöldverður þar sem verðlaunaafhending fór fram.



Klúbbmeistarar Golfklúbbs Þorlákshafnar 2017.

Haldnar voru golfæfingar fyrir börn og unglinga og sá Ingvar Jónsson PGA golfkennari um þær æfingar. Þjálfað var í tveimur flokkum 1.–4. bekkur og 5.–10. bekkur. Alls voru þetta 8 æfingar á hvorn flokk auk lokadags þar sem allir mættu saman og spiluðu 4 holur og grillaðar voru pylsur og haft gaman. Notast var að mestu við æfingasvæði klúbbsins auk þess sem farið var í fjöruna og á golfvölinn sjálfan. Æfingagjöld voru engin eins og sumarið áður.

Fram hefur komið áhugi á þróun hugmyndaðar nýju fjölnotahúsi ofan á fjörubambinum. Þar sem bjóða mætti upp á veitingar og ýmsa aðstöðu fyrir kyflinga, brimbrettafólk og annað útivistarfólk. Þar væri einnig hægt að njóta hins mikilfenglega útsýnis til fjalla, fjöru og golfvallarins.

Aðalfundi GP er nýlokið og var fjárhagsleg afkoma á árinu í takt við þær væntingar sem gerðar voru. Afkoma eftir afskriftir og fjármagnsliði var nánast á núlli eða rúmlega 200 þús. kr. hagnaður. Að teknu tilliti til aðstæðna þá má segja að við getum verið þokkalega sátt.

Stjórn GP þakkar starfsfólki og félögum öllum fyrir ánægjulegt starfsár.

Guðmundur Baldursson formaður GP.

Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn 9. desember í golfskalanum Öndverðarnesi. Góð mæting var á fundinn en um 50 félagar mættu. Fram kemur í skýrslu stjórnar að spilaðir voru 7% fleiri hringir á Öndverðarnesvelli en árið áður. Velta klúbbsins jókst um 12% milli ára og var líklega 48 milljónir. Hagnaður af rekstri klúbbsins var 4 milljónir þannig að rekstur GÖ er áfram mjög góður.

Í skýrslu stjórnar kemur fram að áfram var framkvæmt við vökvunarkerfi vallarins ásamt því að gerðar voru endurbætur við flatar og á teigum. Fjárfest var í nýrri brautarlúttuvél.

Tillaga stjórnar um árgjöld klúbbsins var samþykkt samhljóða.

Stjórn klúbbsins var endurkjörin en hana skipa Aðalsteinn Steinþórsson, formaður, Guðjón Snæbjörnsson, Guðlaug Þorgeirsdóttir, Hannes Björnsson og Knútur Hauksson. Í varastjórn eru Þórhalla Arnardóttir og Guðmundur Pálmason.



Hestamannafélagið Geysir

Hestamannafélagið Geysir er starfandi í Rangárvallasýslu og eru rúmlega 600 félagar í félaginu. Aðalfundur 2017 var haldinn 22. febrúar í Strackta á Hellu.



Stjórn er þannig skipuð:

formaður Ólafur Þórisson, varaformaður Davíð Jónsson, gjaldkeri Brynja J. Jónasdóttir, ritari Magnús Lárusson, meðstjórnandi Alma Gulla Matthíasdóttir, varastjórn skipa Hjörvar Ágústsson og Emilía Sturludóttir.

Starfið hefur verið hefðbundið með þremur vetrarmótum og reiðnámskeiðum yfir vetrartímann. Suðurlandsdeild var ný mótarið sem haldin var í Rangárhöllinni á Hellu. Fjögra kvöld röð þar sem knapar etja kappi sín á milli, er þetta liðakeppni og inniheldur hvert lið 5 knapa og keppa 4 á hverju kvöldi, 2 atvinnuknapar og 2 áhugaknapar. Gæðingamóti og Íþróttamótum yfir sumartímann þar með talið Suðurlandsmót sem haldið er í ágúst og skiptist í yngri flokka og eldri flokka. Í sumar héldum við Íslandsnámót fullorðna í hestaiþróttum og var einn af hápunktum þar að sett var Íslandsmet í 100m skeiði - 7,08sek. Metið setti Geysisfélaginn Guðmundur F. Björgvinsson á Glúm frá Þóróddstöðum. Einnig hélt Geysir ásamt öðrum hestamannafélögum Áhugamannamót Íslands í þriðja sinn og hefur þetta stærsta áhugamannamót ársins fest sig í sessi og frábært framtak. Svo í haust var að sjálfsgöngu haldin uppskeruhátíð sem hefur heldur betur orðið vinsæl og þar heiðrum við knapa og sjálfbóðaliða fyrir frábæran árangur á árinu.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur var haldinn 11. maí 2017 á Kaffi Mika. Það urðu nokkrar breytingar á stjórninni á þessum aðalfundi. Helga María Jónsdóttir tók við gjaldkerastöðunni af Líney Kristinsdóttur. Sólun Morthens lét af störfum og kom Gústaf Loftsson nýr inn í stjórn.

LOGI



Árið 2016 var stjórn félagsins þannig skipuð: Freydis Örlýgsdóttir formaður, Trausti Hjálmarsson varaformaður, Helga María Jónsdóttir gjaldkeri, Sjöfn Sóley Kolbeins ritari, Gústaf Loftsson meðstjórnandi.

Starf Hestamannafélagsins Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2017. Vetrarmótin voru haldin með breyttu sniði í ár, að þessu sinni voru þau ekki haldin með Hestamannafélaginu Trausta og voru tvö fyrstu mótin haldin í Friðheimum og þriðja og síðasta mótið var haldið á Kjóstöðum 3.

Haldin voru reiðnámskeiði í reiðhöllinni á Flúðum í samstarfi við Hestamannafélagið Smára og voru þau vel sótt.

Reiðnámskeiðið í Hrísholti var á sínum stað í júní og í framhaldi var haldin firmakeppni á mótssvæði Logamanna í Hrísholti. Á undanförunum árum hefur samstarf hestamannafélaganna í uppsveitum aukist mikið og hélt það áfram 2017. Sameiginleg Uppsveitadeild fullorðinna og æskunnar voru haldin yfir vetrarmánuðina. Allir þessir viðburðir hafa vakið athygli og hleypt miklu lífi í hestamennsku í uppsveitunum.

Sameiginlegt gæðingamót Loga og Smára var haldið í annað sinn dagana 22. til 23. júlí á mótssvæði Smáramanna. Hægt var að halda mótið með glæsibrag þar sem Landsstólpi var aðalstyrktaraðilinn og þökkum við þeim vel fyrir. Að þessu sinni var metþáttaka og voru yfir 200 skráningar og var mikið álag á mótshöldurum og mótssvæði en allt tókst



Guðmundur F. Björgvinsson og Glúm frá Þóróddstöðum settu Íslandsmet í 100m skeiði.



Sölvi Freyr Jónasson og Rósa Kristín Jóhannesdóttir á gæðingamóti Loga og Smára 2017.

þetta mjög vel og þökkum við öllum þeim sem komu að þessu móti fyrir hjálpinu.

Reiðhöllin á Flúðum hefur sannað sig á undanförunum árum sem mikilvægur hlekkur í starfi félaga í hestamannafélagunum og vel nýtt yfir vetrarmánuðina.

Föstudaginn 30. júní var svo kvennareiðtúrinn með Traustakonum. Að þessu sinni héldu Traustakonur reiðtúrinn og hittust konurnar við hestagirðinguna á Laugarvatnsvöllum og endaði reiðtúrinn á Snorrastöðum. Það er gaman að sjá að það fjölgar alltaf konunum sem mæta í þennan reiðtúr.

Um verslunarmannahelgina var haldinn útreiðatúr sem félagsmenn ásamt fleirum fjölmenntu. Þetta var 3 tíma reiðtúr en byrjað var í Hrísholti. Riðið var upp með Tungufljóti austan megin að Kjarnholti og svo var endað í Einiholti þar sem borðað var og sungið.

Æskulýðsnefnd hélt svo uppskeruhátíð 19. október í Bláskógaskóla, veittar voru viðurkenningar spilað bingó, borðað og haft gaman.

Haustfundur Loga var svo haldinn 16. nóvember á kaffi Mika. Þar var vetrarstarfið kynnt og Magnús Einarsson í Kjarnholtum tók á móti verðlaunum fyrir hæst dæmda kynbótahross í eigu félagsmanns.

Hestamannafélagið Sleipnir

Aðalfundur fyrir starfsárið 2017 var haldinn fimmtudaginn 25. janúar 2017 í Hlíðskjálfi. Á aðalfundinum voru kjörin í stjórn; Magnús Ólason, formaður, Oddur Hafsteinsson, varaformaður, Steindór Guðmundsson, gjaldkeri, Sigurvaldi Hafsteinsson, ritari, Fjóla Kristinsdóttir, meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörin Anna Rúnarsdóttir og Gísli Guðjónsson. Félagar Sleipnis árið 2017 eru um það bil 530 og er félagafjöldinn áfram með mesta móti miðað við undanfarinn ár. Þrír félagar Sleipnis sóttu ársþing HSK.

Haldin voru 3 vetrarmót, firmakeppni, páskaþólt, 4 daga íþróttamót (World Ranking) og gæðingamót.



Einnig voru haldnar skeiðkappreiðar af skeiðfélaginu og skeiðkappreiðar fyrir Meistaradeildina þóttu öll þessi mót takast einstaklega vel, þar sem vel hefur tekist til með vallauppbyggingu og gott skipulag á Brávöllum.

Sumarferð Sleipnis var 3 daga ferð um Borgarfjörð, um 40 félagsmenn tóku þátt og tókst ferðin mjög vel hjá ferðanefndinni. Hafi hún bestu þakkir fyrir sitt framlag. Haldið var áfram með öflugra reiðvegagerð í sveitarfélaginu á síðasta ári var bætt við reiðveg til austurs frá hesthúsahverfinu í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp.

Sleipnisfélaginn Bergur Jónsson var knapi ársins en hann náði frábærum árangri í keppnum á árinu m.a. var hann Íslandsmeistari í tölti T1. Elin Holst var valin íþróttaknapi Sleipnis og Glódís Rún Sigurðardóttir var ungmenntaknapi Sleipnis. Hún átti bestu tímana á árinu í skeiði í 2 flokkum af 3 auk góðs árangurs í hringvallargreinum. Auk þeirra voru fjölmargir aðrir keppendur Sleipnis sem stóðu sig með miklum sóma og komu fram fyrir hönd Sleipnis.

Sleipnishöllin var í fullum rekstri á árinu og áfram unnið í minniháttar frágangi enda búið að mæða mikið á sjálfbóðaliðum við byggingu hallarinnar síðastliðin ár.

Í haust sem leið var haldin heilmikil árshátíð með um 180 manns í mat þar sem veittar voru viðurkenningar til afreksfólks félagsins og einnig verðlaun sem veitt voru félaga ársins Einarí Hermundssyni sem hefur verið aðalmaðurinn á bak við öflugra uppbyggingu reiðvegagerðar á vegum Sleipnis.

Hestamannafélagið Sleipnir hefur verið í stöðugri sókn í starfi sínu og er eitt öflugasta og virkasta hestamannafélagið á landsbyggðinni. Ég þakka gott starf sjálfbóðaliða á liðnu ári.

Magnús Ólason formaður

Hestamannafélagið Trausti

Aðalfundur var haldinn 15. febrúar og var hann vel sóttur.

Til stóð að Sigurður Vignir Matthíasson flytti þar fyrirlestur um þjálfun alhliðahrossa en hann forfallaðist á síðustu stundu.

Í stjórn voru kjörin: Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður, Birgir Leó Ólafsson, ritari, Ragnheiður Bjarnadóttir, gjaldkeri, Kristinn Gunnar Vilmundarson og Jóhann Reynir Sveinbjörnsson meðstjórnendur. Haldnir voru fimm stjórnarfundir á starfsárinu.

Gæðingamót Trausta var haldið á Þorkelsvelli laugardaginn 29. ágúst. Þátttaka knapa og hrossa var góð.

Í A-fl. gæðinga sigraði Ófeigur frá Þóroddsstöðum, kn. Bjarni Bjarnason. Í B-fl. gæðinga sigraði Lukka frá Bjarnastöðum kn. Guðjón Sigurðsson. Í tölti sigraði Sandra Pétursdóttir Jonson á Kórinu frá Dallandi. Í barnaflokkki sigraði Margrét Bergsdóttir á Ilmi frá Reykhóli. Í unglingaflokkki sigraði Júlía Guðbjörg Gunnarsdóttir á Feng frá Skarði. Hestur mótsins var valinn Lukka frá Bjarnastöðum.

Trausti tók annars þátt í hefðbundnu samstarfi nágrannafélaga og framkvæmd uppsveitadeildarinnar. Vetrarmót Loga og Trausta hafa þó verið lögð af að frumkvæði Loga. Haldið var sameiginlegt töltmót Trausta, Loga og Smára og þrjú mót fóru fram í Uppsveitadeildinni.

Vallamótið, með tilheyrandi æskulýðsviku, reiðnámskeiði, reiðtúr og gistingu í Kringlumýri, fór fram vikuna 14.–19. ágúst. Á þriðja tug barna tóku þátt.

Árshátíð Loga, Trausta og Smára komst ekki á koppinn þetta árið.



Bergur Jónsson og Katla frá Ketilstöðum unnu marga glæsta sigra á árinu.



Matthías Leó Matthíasson, knapi ársins hjá Trausta og Nanna frá Leirubakka.

Keppendur frá Trausta voru sigursælir í keppni utan félags og þá sérstaklega þeir Matthías Leó Matthíasson í Uppsveitadeildinni, en hann sigraði í fjórgangi og skeiði og varð annar í fimmgangi og tölti og varð þar með langstígahæstur samanlagt í Uppsveitadeildin og svo Bjarni Bjarnason sem tók þátt í Meistaradeild og á flestum skeiðmótum ársins. Stjórn Trausta útnefndi Matthías Leó knapa

ársins 2017. Hann er búsettur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bjarni Bjarnason var útnefndur íþróttamaður ársins í Bláskógabyggð árið 2017 en þann titil hlaut hann einnig 2014 og 2016.

Æskulýðsstarfið er sá þáttur félagsstarfsins sem mestu skiptir og sannarlega getum við verið stolt yfir frábæru starfi sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum undir öruggri stjórn Auðar Gunnarsdóttur og Guðnýjar Tómasdóttur sem ber að þakka sérstaklega. Auk vinnu allra þeirra sem skipa nefndir félagsins vil ég sérstaklega geta framlags þeirra Benedikts Gústavssonar og Eiríks Steinssonar við undirbúning og framkvæmd Vallamótsins. Þeir eiga miklar þakkir skildar.

Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður

Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. febrúar 2017. Þar voru veittar viðurkenningar til iðkenda og félagið bauð upp á kaffi og kökur. Á fundinn mætti fulltrúi ÍSÍ og afhenti fyrirmyndarfélags viðurkenningar til sex starfandi deilda félagsins.

Stjórn félagsins eftir aðalfund er þannig skipuð. Formaður: Ásta Laufey Sigurðardóttir. Gjaldkeri: Helga Guðrún Lárusdóttir. Ritari: Arnheiður Dögg Einarsdóttir. Meðstjórnendur: Kristín Jóhannsdóttir og Georgina Anne Christie. Til vara: Magnús Ragnarsson, Þröstur Freyr Sigfússon og Inga Birna Baldursdóttir.

Formenn deilda: Blakdeild: María Rósa Einarsdóttir. Borðtennisdeild: Guðmann Óskar Magnússon. Fimleikadeild: Bóel Þórisdóttir. Frjálssíþróttadeild: Eyrún María Guðmundsdóttir. Glímudeild: Ólafur Elí Magnússon. Sunddeild: Tinna Erlingsdóttir.

Starfsemi félagsins hefur verið með líku sniði og síðustu ár. Félagið er í samstarfi við Rangárþing eystra og Hvolsskóla um samfelli skóla og íþróttæfinga fyrir heimastur skólabíla. Þannig hefur verið hægt að bjóða öllum börnum á grunnskólaaldri í sveitarfélaginu óháð búsetu að taka þátt í starfi félagsins. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og er almenn ánægja með það í sveitarfélaginu. Í vetur var starfið kraftmikið og iðkaðar voru blak,





Íþróttafélagið Dímon fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSL.

borðtennis, glíma, frjálsar, fimleikar og sund, byrjað var á takewando æfingum á árinu og fögnuðu iðkendur félagsins þessari nýbreytni í starfinu einnig voru teknar nokkrar ringó æfingar á vordögum í blönduðum hópi iðkenda. Íþróttaskóli fyrir fjögurra til sex ára börn var starfræktur eins og undanfarin ár.

Fimleikapjálfun var í fyrsta skipti skipt upp í tvo hópa annarsvegar keppnishóp og hinsvegar iðkendahóp án keppni og hefur það gefist vel. Yfir sumartímann var starfrækt leikjánaðmskeið fyrir sex til tólf ára börn ásamt sundþjálfun fram eftir sumri einnig var haldið úti frjálsíþróttæfingum. Ekki er hægt að láta árið líða án þess að taka þátt í einhverjum mótum og voru iðkendur duglegir að sækja mót undir handleiðslu þjálfara sinna og með aðstoð foreldra.

Iðkendur Dímonar tóku meðal annars þátt í Héraðsmótum Skarphéðins og Íslandsmótum s.s. í blaki, glímu, borðtennis, sundi, fimleikum og frjálsíþróttum. Helstu fjáraflanir félagsins hafa verið auk félagsgjalda, æfingagjöld, dósasöfnun og páskabíngó.

Þá er ótalið allt það starf sem foreldrar, iðkendur og þjálfarar inna af hendi. Þessi stuðningur gerir okkur kleift að halda uppi þróttmiklu starfi félagsins. Félagið fagnaði 20 ára afmæli sínu á árinu og gaf að því tilefni iðkendum í Íþróttaskóla Dímonar félagsboli nú í haust. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa stutt við starfsemi félagsins á einn eða annan hátt á árinu.

Ásta Laufey Sigurðardóttir, formaður.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn 28. febrúar að Laugalandi í Holtum. Stjórn félagsins skipa Jóhanna Hlökkversdóttir, formaður, Friðgerður Guðnadóttir, gjaldkeri og Erlingur Jónsson, ritari. Aðrir meðlimir stjórnar eru Birgir Örn Hauksson, varamaður og Guðný Salvör Hannesdóttir sem fulltrúi yngri iðkenda.

Starfsemi Garps var með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum, glímu körfubolta og almennum íþróttum. Þjálfarar Garps eru Haraldur Gísli Kristjánsson í frjálsum íþróttum, Sóley Margeirsdóttir með almennar íþróttir, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson með körfubolta og Kristinn Guðnason með glímu. Æfingar í frjálsum íþróttum voru auk þess haldnar á Brúarlundi yfir sumarið og var þátttökan góð. Haldnar voru æfingabúðir í borðtennis að Laugalandi í byrjun árs í samstarfi við Dímon og Heklu. Þátttaka var góð og áhugi krakkanna vonum framfar.

Árangur iðkendanna á mótum hefur verið prýðilegur og sjáum við bætingar nánast á hverju íþróttamóti og er metnaðurinn hjá þjálfurum og iðkendum til fyrirmyndar.

Félagið stóð fyrir ýmsu á árinu en þar fyrst og fremst nefna að félagið varð 25 ára þann 30. september 2017. Í tilefni þess var blásið til íþróttadags þann 18. nóvember sl. þar sem ungir og aldnir



Garpar fylktu liði og kepptu saman í hinum ýmsu íþróttagreinum. Uppátækið hlaut góðar undirtektir hjá börnum sem fullorðnum og gaman var að sjá að aldnir Garpar hafa engu gleymt. Deginum var lokað með pylsuveislu og afmælisköku, ásamt vilyrði um kaup á nýrri hástöksdýnu.

Leikjánaðmskeið HSK var haldið á Laugalandi í júní og var það vel sótt. Útkeysluþjónusta félagsins á aðfangadag var vel nýtt þetta árið sem endranær og gekk vel. Gengið var á Skarðsfjall í tilefni af Hreyfiviku UMFÍ. Félagsmenn Garps tóku að sér að slá kirkjugarðana í Kálfholti og Ási, sem og sjá um grillveislu í lok hins árlega umhverfis dags Ásahrepps til styrkar féluginu. Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar féluginu og eru honum færðar innilegar þakkir fyrir framlag sitt.

Við hjá Íþróttafélaginu Garpi erum hrikalega stolt af krökkunum okkar og gerum okkar besta við að veita þeim gott veganesti til framtíðar.

Jóhanna Hlökkversdóttir

Íþróttafélagið Gnýr

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var haldinn í Ægisbúð þriðjudaginn 12. desember 2017.

Stjórn Íþróttafélagsins Gnýs skipa: Formaður: María K. Jacobsen. Varaformaður: Eyþór Jóhannsson. Gjaldkeri: Valgeir F. Backman. Ritari: Guðrún Rósálin Jóhannsdóttir. Varamaður: Leifur Þór Ragnarsson.

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs, ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar sem er blandaður hópur einstaklinga fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Það var margt í gangi á árinu eins og; leikfimi, tækjasalur, boccia, sund, gengið, hlaupið, hjólað og dansað. Þjálfari íþróttar- og bocciaæfingum er Valgeir Fridolf Backman um 25 manna hópur æfir Boccia reglulega 2 sinnum í viku.

Íslandsmót liðakeppni var í byrjun apríl í Laugardalshöllinni og sendi Gnýr 4 lið.

Vinamót Suðra og Gnýs var 13. maí í lðu Íþróttaleikhúsinu á Selfossi og fengum okkur svo pizzu og drykki.

Héraðsmót íþróttasambands fatlaðra HSK var 30. september og það var mikið gaman, Subway og Svali! Íslandsmót IF og Bocciaeldrar Völsungs í einliðaleik haldið á Húsavík 13.-14. október 2017.

Sex keppendur Íþróttafélagsins Gnýs með 2 fylgdarmönnum fóru á þetta stóra mót, annar starfsmaður Sólheima og hinn frá sveitarfélaginu okkar, við þökkum þeim báðum mikið og vel fyrir stuðninginn. Áttum yndislega daga, gistum á Fosshótelinu með frábærum keppendum margir komust í úrslit en Erla Björk Sigmundsdóttir komst í úrslit og endaði í öðru sæti í 5. flokki.

Menningarveisla Sólheima var í allt sumar og fengum við fjölmarga gesti til okkar. Að venju voru listsýningar alla daga, tónleikar allar helgar og skemmtilegar uppakomur eins og fyrirlestrar um umhverfismál og vistmenningu. Já, og mikið fór fyrir umhverfisfræðslu, stærsta sýningin sem sett var upp í Sesseljúhúsi hét og heitir „HVAÐ HEF ÉG GERT“. Þar er myndrænt farið yfir orsakir og mögulegar lausnir á þessu alvarlegasta vandamáli heimsbyggðarinnar eða hnattrænni hlýnun. Hestadagar á Sólheimum, Jóga úti í náttúrunni, Lífræn ræktun, Vistvænar byggingar, Tröllagarður, o.fl. Jógaþópar og námskeið því tengdu settu mikinn svip á starfið á Sólheimum. Menningarveislan endaði að venju á Lífræna



Frá æfingabúðum Garps í borðtennis sem haldnar voru að Laugalandi í byrjun árs.



Hluti af bocchia hópni Gnýs í nýja búningnum.

deginum og stórtónleikum Ragnars Bjarnasonar og Þorgeirs Ástvaldssonar.

Hestaperapia er að slá í gegn hjá okkur og erum við í samstarfi við Vorsabæ II Skeiðum hjá þeim Bjössa og Stefaniú, en þau reka hestabúgarð með reiðhöll, Elin Moqvist reiðkennari leiðbeindi.

Námskeiðin hófust í september 2017 farið er tvisvar í viku og fjóra tíma á dag í 4–6 vikur haust annir.

Fullbókað hefur verið á öll námskeiðin.

Árlegt skyndihjálparnámskeið var haldið í Sesseljúhúsi og er skyldumæting allra starfsmanna. Fræðslunet Suðurlands er svo með námskeið fyrir fatlaða og gera það mjög vel sem hluti af þeirra námi.

Tækjasalur íþróttaleikhússins er mikið notaður og í íþróttasal er spilað badminton, körfubolti.

Hefð er fyrir morgunleikfimi Rásar 1 alla daga í Ingustofu. Sundlaug hefur verið lokað tímabundið.

Sólheimahlaupið „Frískir Flóamenn“ veita framfarabikarinn á sama tíma. Þetta var skemmtilegur dagur, sumir hlupu aðrir hjóluðu einn var á rafmagnshjól og einn gekk hratt. Allir komu í mark og boðið var uppá grænmeti og vatn í Grænu könnunni og Frískir Flóamenn afhentu bikarinn góða.

Framfarabikar Frískra Flóamanna 2017–2018. Í ár var hörð keppni milli margra góðra kandiðata um að hljóta þessa eftirsóttu viðurkenningu frá Frískum Flóamönnum. Einstaklingurinn sem vann og hlýtur bikarinn er mjög duglegur að hreyfa sig og þarf litla hvatningu, en er hvatning fyrir aðra. Hægt er að fullyrða að hann hreyfi sig manna mest, í vinnu og utan. Hann er alinn upp á göngu og útivist, þar sem foreldrar eru mikið útivistarfólk. Hann er góður sundmaður, göngumaður, hjólamaður og góður við alla, stundum svolítið stríðinn, en ekki um of, þó hann sé þínu prakkari. Hann er einstaklega duglegur í umhverfismálum og er með hugann við endurvinnslu alla daga. Jú, auðvitað erum við að tala um! Ólaf Hauksson.

Þess má geta að seinna um daginn vann Guðrún Rósalind Jóhannsdóttir Svarta-Péturs mótið og fékk flott verðlaun frá Íslandsbanka og nafn sitt ritað á Svarta-Péturs styttuna góðu. Þetta var hörkumót og spennan svakleg.

Skátafélag Sólheima 1985–2017, 32 ára telst til íþróttastarfs á Sólheimum og voru kvöldvökur og samverustundir þó nokkrar á árinu, í tilefni Baden Powels átti að vera skátamessa í Sólheimakirkju 26. febrúar en hún féll niður vegna ófærðar. Héldum afmælisdag Skátafélags Sólheima 30. október það komu margir góðir gestir þá skal helst nefna nýjan skátahöfðingja Íslands Mörtu Magnúsdóttur og

auðvitað eins og ávallt hann Guðmund Pálsson, annar stofnenda Skátafélags Sólheima, það var mikill heiður fyrir alla viðstadda þegar skátahöfðingi veitti Guðmundi Pálssyni Þórshamarinn úr gulli fyrir einstakt og óeigingjarnt skátastarf. Tveir skátar voru vígðir inn í skátahreyfinguna þeir Binni Reynisson og Ingólfur Andraon, þar fáum við einstaklega góðar fyrirmyndir.

21. október Jamboree on the air, skammstafað JOTA, alheimsskátamót sem haldið er hér árlega.

25. október fórum á stóra kvöldvöku hjá Fossbúum Selfossi sem haldin var í Sunnlækjaskóla, mikið fjör.

Leikfélag Sólheima. Leikfélagsstarfið telst einnig til íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni á árinu. Leikritið „Ævintýrakistan“ var sett upp, spennandi og krefjandi verkefni sem Guðmundur Lúdvík Þorvaldsson leikstýrði en hann sá einnig sjá um leikræna tjáningu janúar-febrúar sem var undanfari leikæfinga mars-apríl. Mjög spennandi og leikritið gekk ljómandi vel og fengum til liðs við okkur mörg börn úr sveitarfélaginu.

Systrafélög. Í maí komu til okkar í sjö daga heimsókn frá Ameríku, systursamfélags okkar úr New York sýslu. Camphill samfélaginu, Camphill Copake og skoðuðum það helsta hér, aðstoðuðu á vinnustofum og ferðumst um Suðurland í dagsferðum. Ævintýri

líkast hjá þeim og skemmtilegt, þökkum fyrir góða móttöku og sendu okkur í desember þeirra fræga 100 % Marble sýrop sem ég er í þessum orðum skrifuðum að senda á valda staði í byggðahverfinu.

Fræðslunet Suðurlands Um 30 manna hópur frá Sólheimum stundar nám hjá Fræðsluneti Suðurlands á hverri önn enda fjölmörg og mjög fjölbreytt námskeið þar í boði. Farið er á þriðjudögum og fimmtudögum til Selfoss og tvö til þrjú námskeið voru á vegur Fræðslunets Suðurlands fyrir utan hið árlega skyndihjálparnámskeið.

Kvennahlaup Sólheima og Sjóvá er ávallt á sínum stað 18. júní og verður fjölmennara með hverju ári. Það er stiklað á stóru fyrir árið 2017 og að venju margt ónefnt. TM Tryggingamiðstöðin ætla að styrkja Íþróttafélagið Gný á árinu 2018 um 250 þ. vegna æfingabúninga sem hannaðir voru af HENSON. Búningarnir eru komnir og það er mikil ánægja með þá.

Íþróttafélagið Hamar

Íþróttafélagið Hamar naut þess að búa við kraftmikið starf allra deilda og góða aðstöðu til íþróttaiðkunnar. Hamarshöllin er löngu búin að sanna gildi sitt og breiðkar og styrkir íþróttastarf í félaginu til mikilla muna.



Badmintondeild Hamars stækkar ár frá ári og var árið 2017 sérstaklega gott þar sem mikil aukning var á yngri iðkendum. Þau koma beint úr skólaseli tvisvar í viku og labba sjálf yfir í íþróttahúsið við Skólamörk um miðjan dag. Eldri krakkarir spila svo í Hamarshöllinni um kvöldmatarleytið. Ný stjórn tók við 2017 og er Þórhallur Einisson formaður. Halldóra Steindórsdóttir er gjaldkeri og Helga Björt Guðmundsdóttir er ritari. Þórður K. Karlsson og Hákon Fannar Briem eru meðstjórnendur. Sigurður Blöndal hóf sitt 22. starfsár sem þjálfari og sér hann um þjálfun eldri keppenda og Hrund Guðmundsdóttir þjálfar yngri hópinn. Á árinu byrjaði deildin með kvennatíma sem hafa verið það vinsælir að við urðum að færa þá upp í Hamarshöll úr Skólamörk þar sem við þurfum fleiri velli. Badmintondeildin á nokkra keppendur í A og B flokkum sem keppa á fullorðinsmótum. Sömluðis erum við með nokkra unglinga sem keppa ýmist í A eða B mótum barna og unglinga og hóp af U11 spilurum sem mæta í mót þar sem boðið er upp á U9 - U11 flokka.



Kvennalið Hamars í körfubolta.

Blakdeild Hamars átti mjög gott starfsár og er langt síðan, ef nokkru sinni, sem að karla- og kvennalið Hamars í blaki hafa verið svona ofarlega í deildarkeppninni. Deildin var virk í starfi, bæði HSK og Blaksambandsins. Kjörismótið var, líkt og síðastliðin ár haldið vikuna fyrir öldungamót. Strandblakið er orðinn fastur liður í blakstarfinu á sumrin og þeir blakarar sem stunda það höfðu í ýmsu að snúast. Landsmót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri var haldið í Hveragerði og þar var keppt í strandblaki. Blakdeildin tók að sér að sjá um þá keppnisgrein og uppskáru á móti töluverðar umbætur á strandblakvælinum (nýjar súlur, línur, bolta og völlurinn var drenaður) Stjórn blakdeilda Hamars árið 2017 skipuðu Karen Ragnarsdóttir, Kristín H. Hálfánardóttir, Hermann Ólafsson, Hugu Ólafsdóttir og Hörður Reynisson. Þjálfarar deildarinnar eru Hilmar Sigurjónsson í meistaraflokkum. Hilmar var einnig með krakkablakið fram á mitt haust en þá tók Barbara Meyer við þeirri þjálfun.

Fimleikadeild Hamars hefur átt gott og kraftmikið starfsár en Sandra Sigurðardóttir var yfirþjálfari á árinu. Vorönnin byrjaði kröftulega hjá deildinni þetta árið og haldin voru tvö mót, Hópfimleikamót Hamars 3. febrúar og Stökkfimimót Hamars 8. apríl. Deildin bauð upp á sumarfimleika undir stjórn Evu Bjargar, ásamt fullorðins fimleikatímum. Haustönnin hófst svo þann 1. september, þar sem öllum gafst kostur á að mæta á æfingar í tvær vikur líkt og undanfarin ár. Á árinu bættum við við áhaldakost deildarinnar. Í hús kom, loftgolf, mikið af litlum áhöldum fyrir yngri iðkendur deildarinnar, mjúkur hestur, lítill lendingardýna, tvislá, bekkir, flikk rúlla, jafnvægis slár ásamt öðrum smá áhöldum. Viðræður við framleiðanda í Austur-Evrópu eru hafnar um færanlega gryfju sem við náum vonandi að festa kaup á, á næsta ári ásamt nýju stóru trampólíni og trampólín track.

Tímabilið 2016-2017 var heilt yfir alveg ágætt hjá Knattspyrnudeild Hamars. Starf yngri flokkana var gott, bæði yfir veturinn og sumarið. Yngri flokkar Hamars eru orðnir þátttakendur á öllum stærstu mótum sem í boði eru fyrir þessa flokka yfir sumarið og er árangurinn heilt yfir góður sem segir okkur að þrátt fyrir smæð félagsins eignum við fullt erindi inn á þessi mót og getum unnið flest lið á góðum degi. Meistaraflokkurinn tefldi fram fínu liði undir stjórn Liam Killaa og var árangurinn ágætur þrátt fyrir að markmið liðsins næðust ekki á þessu tímabili. Hamar endaði í þriðja sæti síns riðils í 4. deild og var hársbreidd frá sæti í úrslitakeppni.

Ög nú vikur að körfuknattleiksdeild Hamars. Fyrsta verkefni stjórnar var að ráða Andra Kristiansen sem þjálfara meistaraflokks karla. Byrjuðu æfingar liðsins með nýjum þjálfara strax eftir verslunarmannahelgi. Þar mætti stór og áhugasamur hópur til æfinga. Um áramót var ákveðið að skipta um þjálfara þar sem gengi liðsins var ekki samkvæmt væntingum. Var ákveðið að róa á örugg mið í þetta skipti og ráðinn var til starfars Pétur Ingvarsson sem áður hafði þjálfað liðið í 9 og hálft ár. Meistaraflokkur kvenna fór af stað eftir eins árs hlé og er það ánægjulegt að starfið skuli vera orðið jafn öflugt og raun ber vitni. Þjálfari þeirra var ráðinn Kristinn Ólafsson en gaman er að segja frá því að það er stór hópur sem mætir á æfingar, allt stúlkur af svæðinu. Gengi liðsins hefur verið framar vonum þar sem liðið er afar ungt en þó styrkt af eldri reynsluboltum.

Rétt er að geta þess að deildin verið svo lánsöm að tvær stúlkur hëðan spila með 15 ára landsliði Íslands og hafa þær staðið sig mjög vel. Það er óhátt að fullyrða að það er bjart framtíðin í starfinu.

Körfuknattleiksdeild Hamars heldur úti nokkuð öflugum starfi í yngri flokkum í Hveragerði, starfsemi



Úr leik Milan og KA í Grill 66 deild karla í handbolta veturinn 2017/2018.

yngri flokka hefur verið nokkuð sveiflukennd á milli ára undanfarið ár og sást þess hvað greinilegstur munur á milli vors 2017 og hausts 2017. Fjöldi iðkenda hjá kkd Hamars í yngri flokkum hefur aukist um rúman fjórðung milli tímabila og er aukningin hvað mest í yngstu flokkunum.

Skokkhópur Hamars æfir 3var í viku á vetrartíma og 4 sinnum í viku yfir sumartímann. Mætingar voru misgóðar en það glæddist úr mætingum yfir sumartímann. Hópurinn er með yfir veturinn fjallgöngu 1 x í mánuði. Hópurinn setti sér misháleit markmið á árinu, nokkrir hlupu Laugavegin, og hljóp einn úr hópnum 100 km í Hengilshlaupinu. Er þetta annar félagi skokkhópsins sem hlaupið hefur 100 km.

Skokkhópurinn skipulagði tvö hlaup á árinu. Fyrra hlaupið var Kambahlaupið og seinna hlaupið sem hópurinn skipulagði var Ölkelduhlaup. Hlaupið var til minningar um ungan dreng Mikael Rúnar Jónsson, en foreldrar hafa verið dyggir félagar í skokkhópnum. Metþátttaka var í hlaupinu og safnaðist alls kr. 700.000 sem rann til fjölskyldunnar.

Starfsemi sunddeilda Hamars árið 2017 var mjög hefðbundin. Magnús Tryggvason hefur séð um alla þjálfun hjá sunddeildinni auk þess sem hann hefur haft veg og vanda af því að bjóða börnum á leikskólaaldri upp á sundnámskeið yfir sumartímann og fullorðnum á skriðsundnámskeið yfir veturinn við góðan orðstýr. Rakel Magnúsdóttir hefur svo sinnt þjálfun þegar á hefur þurft að halda í forföllum Magnúsar. Eins og síðasta ár var samstarf milli sunddeilda Hamars og sunddeilda Umf. Selfoss um þjálfun elstu sundmannanna og hefur það samstarf gengið með ágætum, þótt iðkendur mættu vera duglegri að nýta sér æfingarnar á Selfossi. Stjórn sunddeilda Hamars var þannig skipuð árið 2017 að Stella Hrönn Jóhannsdóttir var formaður, Björg Hjördis Ragnarsdóttir var gjaldkeri og Pétur Guðmundsson var meðstjórnandi.

Íþróttafélagið Milan

Stjórn IF Milan skipuðu árið 2017 Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Sigurpór Þórsson, ritari og Örn Þrastarson, varaformaður.

Aðalfundur félagsins var haldinn 25. apríl og stjórnarfundir voru haldnir þegar tilefni þótti til. IF Milan lauk sínu þriðja tímabili í fyrstu deild 7. apríl og endaði liðið í 12. sæti með 3 stig. Tímabilið 2016/2017 gekk ekki sérstaklega vel en Milan átti fína leiki inn á milli sem töpuðust með aðeins einu til tveimur mörkum. Lokahóf Milan var haldið með pomp og prakt 30. apríl. Þar voru leikmenn verðlaunaðir fyrir góðan árangur tímabilsins en það var Atli Kristinsson sem hlaut nafnbótina leikmaður ársins auk þess sem hann var markahæsti leikmaðurinn.

Handboltatímabilið 2017/2018 hófst á því að samið var við Eyþór Lárusson um að stýra liðinu í leikjum og þjálfu eina æfingu í viku af tveimur. Farið var í meira samstarf við Umf. Selfoss og fékk Milan fleiri leikmenn að láni frá 3. flokk Selfoss. Allnokkrar mannabreytingar voru hjá félaginu í byrjun tímabilsins. Munaði þar mest um fyrrverandi leikmenn sem komu til baka og styrktu liðið. Tímabilið byrjaði á jafntefli við Hauka U en eftir það fór að halla undan fæti og sigirnir urðu ekki fleiri haustið 2017. Það gekk vel að safna styrkjum og auglýsingum fyrir þetta tímabil og líkt og á síðustu árum var þátttakan í Íslandsmótinu fjármögnuð að mestu með æfingagjöldum. Einnig var farið í stóra fjáröflun 10. september en þá var farið í gróðursetningu fyrir Heklusköga sem gekk vel.

Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 15. febrúar 2017. Stjórnendur félagsins eru Halldór Fjalar Helgason og Gissur Gunnarsson.

Í ML standa íþróttafórnir fyrir fjölbreyttum íþróttatímum fjórum sinnum í viku, klukkutíma í senn. Einnig eru haldin bekkjarmót þar sem bekkirnir keppa á móti hvorum öðrum í allskonar íþróttagreinum, (stundum mynda kennarar ML lið og keppa á móti nemendum sínum).





Sigurlið 2. bekkjar á bekkjarmóti Mímis í körfubolta.

Á vorin er haldin kraftakeppni þar sem nemendur keppa gegn hvorum öðrum í allskonar þrautum, þessi keppni kallast „ML – tröllið og skessan“. Keppninni er skipt í karla- og kvennaflokk.

Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn 18. apríl. Sitjandi stjórn gaf kost á sér aftur og klöppuðu fundarmenn fyrir henni. Þórdís Bjarnadóttir: formaður, Harpa Dís Harðardóttir: gjaldkeri, Katrín Ýr Friðgeirsdóttir: ritari, María Sigurjónsdóttir: meðstjórnandi, Sigrún Elfa Reynisdóttir: meðstjórnandi.



Verðlaun var veitt fyrir framúrskarandi árangur. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir var kjörin íþróttakona Suðra 2016 og Ólafur Aron Einarsson var kjörinn íþróttamaður Suðra 2016.

Sund: Þjálfari í sundi 2017 var Magnús Tryggvason og voru æfingar samhliða sunddeild UMFS. Æfingar voru tvisvar í viku á mánudögum og miðvikudögum.



Keppendur Suðra á nýrassundmóti barna og unglunga, ásamt þjálfara.

Ekki var farið á mörg mót innanlands fyrir utan Nýrassundmót barna og unglunga. Tvær ungar stúlkur fóru á Youth Games í Malmö og unnu þar til verðlauna.

Boccia: Boccia er langvinsælasta íþróttagrein félagsins. Farið var á öll stærstu mót ársins, t.d. Íslandsmótið í sveitakeppni, Hængsmótið á Akureyri og Íslandsmót í einstaklingskeppni sem var haldið á Húsavík þetta árið. Þjálfarar í boccia: Ófeigur Ágúst Leifsson, Þórdís Bjarnadóttir María Sigurjónsdóttir og Héðinn Konráðsson.

Golf: Tiunda árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar tóku þátt í því og bættu sig í íþróttinni.

Fótbolti: Fótboltaæfingar voru undir stjórn Katrínar eins og árið áður. En ekki náðist þátttaka á mót þetta árið.

Lyftingar: Aðsókn í lyftingar 2017 var vonum framar og fylltist allt á haustönn. Kapparnir okkar, bæði kven- og karlkyns, tóku þátt á Íslandsmóti ÍF og svo var haldið HSK mót á haustönn. Örvar Arnarson

hefur séð um æfingar á þessu ári í fjarveru Ólafs Odds.

Taekwondo: Haustið 2017 byrjuðum við samstarf við taekwondodeild Umf. Selfoss. Sigurjón Bergur Eiríksson (3-Dan) tók að sér að skipuleggja og þjálfa fólk frá okkur. Það hefur gengið mjög vel og voru þau 7 sem æfðu fyrir áramótin. Við munum pottþétt halda þessu samstarfi áfram á meðan áhugi er. Æfingar voru einu sinni í viku og vonandi getum við bætt við tíma eftir áramótin.

Frjálsíþróttir: Engar frjálsíþróttæfingar voru því ekki tókst að finna þjálfara.

Gott samstarf við önnur félög og deildir innan UMFS er okkur mikilvægt. Stuðningur frá Sveitarfélaginu Árborg er okkur mikils virði og gerir okkur auðveldara fyrir að reka félagið sem er í góðri fjárhagsstöðu.

Vonandi verður hægt að efla samstarfið enn frekar og sé ég fyrir mér að samstarf við fótboltadeildina til að taka þátt á Unified fótboltamótum. Sömuleiðis er draumur okkar að fara í samstarf við frjálsíþróttadeildina því núna eru komin of mörg ár sem við höfum ekki fundið þjálfara.

Gott samstarf og samskipti er mikilvægur þáttur til að halda uppi öfluglu íþróttastarfi að samvinna sé á milli félaga og deilda.

Á aðalfundi 2016 var kosið í vinnunefndir og sáu þær nefndir um að skipuleggja æfingar og finna þjálfara í þeim greinum sem nefndirnar eiga að sjá um. Þetta hefur reynst vel þar sem félagið er að stækka og taka að sér fleiri verkefni.

Félagar sem iðka íþróttir hjá Suðra eru orðnir um 40 talsins og enn er að fjölga, íþróttagreinarnar eru 6–7 á ári.

Í lok ársins 2017 fengum við þann mikla heiður að taka á móti Hvatningarverðlaunum íþróttar og menningaráðs Árborgar. Við munum gera okkar besta til að efla félagið enn meira. Takk fyrir okkur Árborg.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja. Með tilkomu Taekwondo-æfinga hafa ungum iðkendum fjölgað. Vonandi eru það iðkendur sem munu halda áfram með okkur í framtíðinni.

Þórdís Bjarnadóttir, formaður Suðra

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 1. mars og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum.

Í stjórn félagsins sitja nú: Formaður: Jón Þorberg Steindórsson, Gjaldkeri: Sigríður Viðarsdóttir, Ritari: Rósa Hlín Óskarsdóttir, Meðstjórnendur: Ásgeir Jónsson og Tinna Erlingsdóttir. Varastjórn: Tómas B. Magnússon og Jónas Bergmann Magnússon.

KFR heldur úti meistaraflokki ásamt yngri flokkum og margir þjálfarar koma að starfi félagsins. Þjálfarar síðasta árs voru Ólafur Oddsson, Lásur Viðar Stefánsson, Ellert Ingvason, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Helgi Hlíðdal og Viktor Steingrímsson. Þjálfari meistaraflokks var Viktor Steingrímsson.

Undanfarin ár hefur samstarf okkar við ÍBV í yngri flokkum gengið vel og hafa allir okkar iðkendur fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.–3. flokki undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Hnátumóti, Shellmóti í Vestmannaeyjum, Þæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurálmóti á





6. flokks strákar úr KFR á móti í Hamarshöllinni.

Akranesi, Olísmóti á Selfossi, Vís móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum.

Að hausti var tekin sú ákvörðun að ljúka samstarfi við ÍBV.

Uppskeruhátið yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Hellu, 3. október sl. og var þar rífað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6. flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki kk. og kvk. Á hátiðina mættu rúmlega 120 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum; Rangárþingi Eystra, Rangárþingi Ytra, Ásahreppi, Sláturfélagi Suðurlands, Landsbankanum og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbæðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

Jón Þorberg Steindórsson

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 15. nóvember 2017

Í aðalstjórn félagsins eru nú: Guðbjartur Örn Einarsson sem formaður/gjaldkeri, Sigríður Lára Ásbergisdóttir sem meðstjórnandi, Anna Berglind Júlísdóttir sem ritari, Sveinn Jónsson sem meðstjórnandi, Þór Emilsson sem meðstjórnandi. Yfirþjálfari: Sveinbjörn Jón Ásgrímsson.

Knattspyrnuárið 2017 var viðburðaríkt og skemmtilegt á fótboltavellinum og er við hæfi að líta til baka og fara yfir það helsta sem gerðist á tímabilinu.

Að venju var mikið um að vera í yngri flokka starfi Ægis á tímabilinu. Gengið var frá ráðningu á



yfirþjálfara Elfari Bragasyni um áramótin 2016/2017 en Rúnar Birgisson hafði gengt því starfi frá október 2016 ásamt flokkaþjálfun. Axel Sæmundsson var einnig þjálfari á tímabilinu auk þess sem Hólmfríður Smáradóttir, Ingibjörg Sæmundsdóttir og Írena Gestsdóttir voru þjálfarar haustið 2016. Þá leysti Pálmi Þór Ásbergsson Elfari af við þjálfun 8. fl. yfir sumarið og Gísli Ármannsson tók að sér tilfallandi æfingar haustið 2016.

Verkefni barna- og unglingaráðs fólust í hefðbundnum verkefnum svo sem sumarkaffi Ægis, sem tókst mjög vel, umsjón með lokahófi yngri flokka og sérstakri sameiginlegri foreldra- og iðkendaæfingu auk fjáraflana svo sem sölu á sjúkratöskum.

Haldið var sameiginlegt fótboltanámskeið fyrir 5. og 6. fl. sl. vor sem tókst mjög vel og lærðu krakkarnir heilmikið.

Að öðru leyti var nóg að gera í tengslum við þátttöku yngri flokkanna í hinu og þessu mótnu og er óhætt að segja að krökkunum okkar hafi almennt gengið mjög vel í keppnum tímabilsins.

Ægisíðkendur í 3. fl. karla spiluðu í sameiginlegu liði með Selfossi og Hamri. Liðið tók þátt í nokkrum mótum í sumar en í Íslandsmótnu vann liðið sinn riðil í B-deild sem þýðir að liðið mun leika í A-riðli næsta sumar með bestu félögum landsins sem er frábær árangur.

4. fl. stóð sig einnig mjög vel en strákarnir sigruðu A-riðil Íslandsmótsins sem þýðir að þeir eru Íslandsmeistarar. 4. fl. tók einnig þátt í Rey-Cup mótnu sem er haldið í Laugardalnum í Reykjavík og stóðu uppi sem sigurvegarar.

Mikið var að gera hjá 5. fl. og byrjaði tímabilið með Faxaflóamótnu hjá báðum kynjum. Góður árangur náðist á mótnu sem var góður undirbúningur fyrir þátttöku krakkanna í Íslandsmótnu. Allur hópurinn æfði mjög vel allan veturinn og sýndu iðkendur miklar framfarir á tímabilinu.

Stelpurnar náðu frábærum árangri á Íslandsmótnu og vantaði sáralítið upp á að þær kæmust í úrslitakeppnina. Þær tóku einnig þátt í Síamótnu í Kópavogi þar sem þær töpuðu ekki leik á þremur dögum. Fluttur árangur en þetta var í síðasta skiptið sem þessar stelpur tóku þátt í Síamótnu sem er eitt stærsta stelpumót landsins í fótbolta.

6. og 7. flokkur fóru á mörg mót og stóðu sig mjög vel en því miður komst 8. flokkur ekki á mót í sumar. 6. flokkur var með eigið drengjalið og 7. flokkur var með sameiginlegt lið í bæði drengja og stúlkna lið með Hamri. Allir krakkarnir voru mjög áhugasamir og sýndu miklar framfarir í boltatækni og félagsþroska.

Barna- og unglingaráð hefur lagt áherslu á það í sínu starfi að þjálfun yngri flokka Ægis feli í sér uppeldislegt gildi. Rík áhersla er lögð á að iðkendur vinni saman sem ein heild utan sem innan vallar og sýni félögum sínum umburðarlyndi og samstöðu. Til að styðja við þetta markmið eru m.a. veittar viðurkenningar til þeirra iðkenda sem þykja hafa verið frábærir liðsfélagar og eru þær veittar á lokahófi yngri flokka.

Þessir krakkar fengu viðurkenningu fyrir að vera frábær liðsfélagar á tímabilinu:

3.-4. fl. Oskar Rybinski

5. fl. Ásdís Karen Jónsdóttir

6. fl. Þorbergur Gunnar Ingólfsson

7. fl. Unnur Rós Ármannsdóttir

8. fl. Alexander Jón Sigurðsson

Barna- og unglingaráð hefur reynt að stilla æfingagjöldum í hóf og voru þau ekki hækkuð á tímabilinu. Æfingagjöld fyrir 5., 6. og 7. fl., eru 15 þús. kr. og 18 þús. kr. fyrir 4. og 3. fl. Frítt var fyrir yngstu iðkendurnar, þ.e. 8. fl. og eins og fyrri ár þá var sækja- og skilapjónusta fyrir leikskólabörn sem vildu æfa fótbolta. Iðkenda fjöldi var svipaður og á síðasta tímabili en það er eitt af meginmarkmiðum barna- og unglingaráðs að fjölga iðkendum samhliða því sem lögð er áhersla á að hafa vel menntaða og góða þjálfara. Annað meginmarkmið ráðsins er að stuðla að því að sveitarfélagið ráðist í að bæta til muna aðstöðu til knattspyrnuíðkunar, m.a. með byggingu fótboltahúss og mun verða sérstök áhersla lögð á það markmið á næstu misserum.

Undir lok tímabilsins var gengið frá ráðningu á nýjum yfirþjálfara Sveinbirni Ásgrímssyni sem þjálfar einnig einstaka flokka. Þá var ráðinn til félagsins Lárus Guðmundsson sem þjálfari yngri flokka og Hólmfríður Smáradóttir sem þjálfari 8. fl. Ráðið bindur miklar vonir við þessa þjálfara með tilliti til markvissrar uppbyggingar á yngri flokka starfi Ægis.

Meistaraflokkur Ægis lék í 3. deild eftir að hafa fallið niður úr 2. deild árið á undan, en eins oft þegar halla fer undan fæti reynist oft erfitt að snúa blaðinu við og árangur á tímabilinu 2017 var ekki eins og vonir stóðu til. Ráðinn var nýr þjálfari fyrir tímabilið, Björgvin Freyr Vilhjálmsson, og varð hans hlutverk eins og svo oft áður að byggja upp tiltölulega nýtt lið milli ára. Liðið var nokkuð sterkt á pappírnum en árangurinn lét á sér standa og vantaði meiri stöðugleika í leik liðsins



Ægiskrakkar á æfingu í 8. flokki.

á tímabilinu. Talsvert var um meiðsli á leikmönnum og því miður voru til að mynda margir heimamenn sem dattu út á tímabilinu þess vegna. En það voru þó nokkrir ljósir punktar inn á milli og t.d. það að komast í fjórðu umferð Borgunarbikarsins eftir að hafa unnið Þór Akureyri fyrir norðan var gleðilegt, en Víkingur Rvk varð reyndar of stór biti fyrir liðið í fjórðu umferðinni. En í 3. deildinni var röðurinn þungur framan af en léttist í seinni hlutanum og niðurstaðan var 7. sætið sem var þó langt undir væntingum. Eftir að hafa metið stöðuna í lok tímabilsins þá var ákveðið að skipta um þjálfara enn á ný og ráðin var Sveinbjörn Ásgrímsson til starfsins sem er okkur að góðu kunnur eftir að hafa starfað áður fyrir félagið. Við horfum björtum augum fram á veginn þar sem markmiðið er að gera enn betur og vera í efri hluta 3. deildar og keppa um að fara upp á ný í 2. deild.

Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2017.

Körfuknattleiksfélag FSU

Aðalfundur félagsins 2017

var haldinn 30. mars og

eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Formaður: Gylfi Þorkelsson.

Gjaldkeri: Eyþór Frimannsson.

Ritari: Blaka Hreggviðsdóttir.

Meðstjórnendur: Auður

Rafnsdóttir og Ólafur Valdín

Halldórsson. Varastjórn: Sigríður Elín Sveinsdóttir og

Jóhanna Hallbjörnsdóttir.

Helstu styrktaraðilar félagsins á árinu voru

Sveitarfélagið Árborg, JÁVERK, Set ehf., Kaffi krús,

Hótel Selfoss, Bílaleiga Akureyrar, Héraðsskólinn

Hostel, Nettó, Vélsmiðja Suðurlands, TM og

Landsbankinn.

Í upphafi árs 2017 var endurskoðuð og

endurnýjuð gæðahandbók félagsins samþykkt af ÍSÍ

og FSU-KARFA því Fyrirmyndarfélag ÍSÍ næstu þrjú

árin. Fékk félagið viðurkenninguna afhenta formlega

á síðasta heimaheiminum í 1. deild karla í mars.

Á aðalfundi kynnti stjórn nýtt merki félagsins.

Höfundur þess er Elías Jónsson, Elli Joð, ættaður frá

Eyrarbakka.

Starfsemi félagsins er í megindráttum þrískipt.

1. Meistaraflokkur karla

2. Körfuboltaakademía FSU

1. Barna- og unglingastarf

Meistaraflokkur karla: Síðari hluta

keppnistímabilsins 2016–17 gekk liðinu ekki nógu

vel og missti það naumlega af úrslitakeppninni vorið

2017. Aðeins munaði þó einum sigurleik að það

markmið næðist. Þegar á heildina er lítið verður þó að

segja að árangur liðsins hafi verið vel áætlanlegur,

miðað við stöðuna á leikmannahópnum í upphafi

móts.

Á lokahófi liðsins tilkynntu þjálfarar hvaða

leikmenn fengju sérstakar viðurkenningar:

Besti leikmaður: Ari Gylfason

Besti varnarmaður: Ari Gylfason

Besti ungi leikmaður: Helgi Jónsson

Bestu framfarir: Jón Jökull Þráinsson

Besti liðsfélaginn: Hlynur Hreinnsson

Vinnuhesturinn: Svavar Ingi Stefánsson

Ari Gylfason var einnig valinn íþróttamaður ársins

hjá FSU og í kjöri til Íþróttamanns Árborgar 2017.

Eftir að keppnistímabili lauk í mars héldu

markvissar æfingar áfram og undirbúningur fyrir

næsta tímabil fram í maí. Í sumarbyrjun voru

samningar við þjálfarana, Eloy Doce Chambrelan

og aðstoðarmann hans, Jose Gonzalez Dantas,

endurnýjaðir og gert ráð fyrir að þeir færu til síns

heima í tvo mánuði yfir sumartímann en hæfust aftur

hand í byrjun ágúst. Dantas baðst þó lausnar undan

samningi í júlí og með milligöngu Chambrelan var



Efnilegar stelpur úr FSU sem tóku þátt í Stelpubúðum Helenu Sverrisdóttur sumarið 2017.

ráðinn í hans stað Spánverjinn Manuel Rodriquez, sem gert hafði góða hluti með kvennalið Skallagríms tvö keppnistímabili á undan. Chambrelan kom á tilsettum tíma og hóf undirbúning en Rodriquez undir lok ágúst. Rodriquez fékk þó tilboð um þjálfun kvennaliðs í efstu deild í Rúmeníu og yfirgef félagið eftir rúmlega mánaðardvöl, enda með ákvæði í samningi sínum þess eðlis. Í hans stað var ráðinn ungur Argentínamaður, Iván Guerrero, og kom hann til landsins síðari hluta október.

Vel gekk að manna lið um sumarið og haustið og nokkur bjartsýni ríkti um gott gengi. Lykilmenn voru að ná sér af meiðslum og öflugir leikmenn höfðu bæst í hópinn. Upphaf mótsins urðu þó mikil vonbrigði og töpuðust allir leikirnir í október. Aðalþjálfari liðsins átti við margskonar persónuleg vandamál að stríða og ákvað stjórn að segja upp samningi hans um mánaðamótin október/nóvember. Við starfi aðalþjálfara tók Karl Ágúst Hannibalsson og stjórnaði hann liðinu út keppnistímabilið. Fyrsti sigurinn vannst loksins í síðasta leik fyrstu umferðar, og var það eini sigurleikurinn haustið 2017, sem voru alger vonbrigði. Ofan í allar þessar breytingar var ákveðið að segja upp samningi við erlendan leikmann liðsins, Jett Speelman, sem ekki hafði náð að sýna nauðsynlegt frumkvæði og leiðtogaþefni þegar á þurfti að halda.

Körfuboltaakademían: Körfuboltaakademían sem félagið rekur í samstarfi við Fjölbautaskólann er hjartað í starfsemi félagsins. Þar hefur aðsóknin verið með ágætum af öllu Suðurlandi, og víðar að. Aðsókn í akademíuna tók góðan kipp haustið 2017, en þá skráðu sig 28 nemendur. Fljótlega dattu nokkrir út, m.a. allar stelpurnar sem höfðu skráð sig, sem var miður. Á haustönn voru um 20 nemendur virkir til loka, sem er mjög góð nýting. Iván Guerrero tók við kennslu í akademíunni þegar Eloy Doce hætti störfum fyrir félagið.

Undir lok ársins hófust viðræður milli FSU-KÖRFU og nágrannafélaganna í Árnessýslu um samstarf og áherslubreytingar í starfi Akademíunnar. Mun afkastur þeirra viðræðna liggja fyrir á vormánuðum og ef fer sem horfir mun akademían hefja starf skv. nýjum áherslum og markmiðum haustið 2018.

Meginmarkmiðin má segja að séu að efla afreksstarf og ekki síst að stóruka kvennastarf og möguleika stúlkna á Suðurlandi til að stunda körfuknattleik á hæsta gæðastigi.

Barna- og unglingastarf: Stöðugur vöxtur er í barna- og unglingastarfinu. Karl Ágúst Hannibalsson hefur eins og undanfarin ár veg og vanda af þjálfun og stefnumótun yngri flokkanna. Fjöldi iðkenda er enn mestur í yngstu árgöngunum, krakka á minniboltaaldri. Stefán Magni Árnason, Harpa Reynisdóttir, Jose Dantas og Eloy Doce störfuðu með Karli Ágústi fram á sumar en sl. haust gengu þau Stefán Magni og Harpa úr þjálfarateyminu, í bili a.m.k., en inn kom Manuel fyrir Jose, og síðar Iván Guerrero í stað Manuela, og þeir bræður Hlynur og Haukur Hreinnssynir. Almennt má segja að yngri flokkarnir hafi sprengt utan af sér aðstöðuna í lðu, bæði hvað varðar fjölda æfingatíma og pláss í íþróttasal. Nokkrir einstaklingar úr yngri flokkastarfinu hófu nám í Körfuboltaakademíu félagsins sl. haust og á næstu árum eru líkur á að þeim fjölgi verulega.

Félagið hefur á að skipa mörgum liðum á minniboltaaldri, jafnt stúlkna og stráka, sem bæði taka þátt í fjölíðamótum á vegum KKÍ og helgarmótum sem félög innan hreyfingarinnar halda reglulega allan veturinn.

Fullyrða má að yngri flokkastarf félagsins er til mikillar fyrirmyndar og framtíðin björt. Áherslur í þjálfun eru faglegar og skipulagðar í samræmi við aldur og þroska skv. sérstakri námskrá sem tíunduð er í Gæðahandbók FSU-KÖRFU.

Á árinu var töluvert rætt um fyrirhugaðan flutning aðstöðu félagsins úr lðu í Íþróttahús Vallaskóla. Fundað var með íþróttafulltrúa sveitarfélagsins um þau mál og línur lagðar um þær breytingar sem gera þyrfti á íþróttasal Vallaskóla til að hann fullnægði kröfum sem æfinga- og keppnishús í körfubolta. Samstarf við sveitarfélagið varðandi þessar breytingar hefur frá upphafi verið til fyrirmyndar, eins og segja má um allt samstarf við sveitarfélagið. Nú liggur fyrir að af þessum flutningum verður og mun félagið því æfa og keppa á nýjum stað næsta haust, við nýjar og endurbættar aðstæður. Það eru því nýir og spennandi tímar framundan.

Lyftingafélagið Hengill

Samkvæmt 9. gr. laga félagsins skal stjórn þess skipuð fjórum mönnum sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundi félagsins þann 16. febrúar 2017 og heldur kjöri uns ný stjórn verður kosin á komandi aðalfundi. Stjórnina skipa Einar Alexander K. Haraldsson formaður, Kristján Óðinn Unnarsson ritari, Elín Jóhannsdóttir gjaldkeri og Árni Rúnar Baldursson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Heiðar Ingi Heiðarsson og María Rún Þorsteinsdóttir.

Mikil gróska var hjá félaginu á síðastliðnu ári. Æfingar á vegum félagsins eru haldnar á sunnudagsmorgnum og um 20 manns sækja þær æfingar. Árið byrjaði af krafti þegar Björgvin Karl Guðmundsson keppti fyrir hönd félagsins á RIG 2017 og gerði sér lítið fyrir og sigraði -85 kg. flokkinn og setti íslandsmet í snörum, jafnhöttun og samanlögðu. Þá fór Árni Rúnar Baldursson og keppti á norðurlandmótið í Finnlandi í september og gerði þar gott mót. Á Íslandsmóti unglunga U17 og U20 tóku þátt fimm keppendur frá félaginu og stóðu þau sig öll með þrýði og settu nokkur íslandsmet í sínum flokkum. Þá eru ótalinn önnur mót sem haldin voru á vegum LSÍ á árinu þar sem iðkendur Lyftingafélagsins Hengils tóku þátt og voru félaginu til mikils sóma.

Kristján Óðinn Unnarsson, ritari

Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur var haldinn 16.2.2017. Stjórn félagsins er skipuð eftirtöldum: Formaður: Magnús Ragnarsson. Varaformaður: Haraldur Gunnar Helgason. Gjaldkeri: Bjarki Eiríksson. Ritari: Erlingur Snær Loftsson. Meðstjórnandi: Kristinn Valur Harðarson. Varamenn: Guðmar Jón Tómasson og Jón Þorsteinsson.

Ýmislegt gerðist á árinu.

Landsmót í 300 metra riffli var haldið 12. ágúst 2017 þar sem nýtt Íslandsmet var slegið en Arnfinnur Jónsson hjá Skotíþróttafélagi Kópavogs skaut 579 stig.

Haldið var innanfélagsmót í 50BR en það var fyrsta 50BR mótið hjá félaginu. Gekk mótið mjög vel og verða haldin fleiri mót í BR50 skotfimi.

Einnig var innanfélagsmótið Gæsaskytan 2017 haldið og gekk það vel.



Frá verðlaunaafhendingu á Haustmóti LSÍ sem Hengill hélt í Hveragerði í október.

Skotíþróttafélagið stóð fyrir námskeiði í bogfimi á árinu og mættu 12 manns á það. Í framhaldi gekk félagið í Bogfimisambandi ÍSÍ og er orðið skráð bogfimisfélag en það er viðbót við skotfimina. Stefnt er að því að efla bogfimiðkun í kringum félagið.

Ýmislegt var framkvæmt á svæðinu. 50m aðstaða sett upp og svo var rennandi vatn tengt í húsnæði félagsins. Var ljósleiðari lagður að félagshúsinu og er nettengin komin á svæðið. Fékk félagið veglegan styrk frá Rangárfingi ytra til þess verkefnis. Einnig var sett upp skilti við veg sem einnig var veglega styrkt af Rangárfingi eystra.

Stefnt er að því að fara í framkvæmdir á árinu 2018 á riffilhúsi til iðkunnar skotfimi í riffilgreinum.

Magnús Ragnarsson

Skotíþróttafélag Suðurlands

Aðalfundur haldinn 11. apríl 2017. Stjórn félagsins skipa: Ólafur Árni Músson, formaður, Bjarni I. Halldórsson, varaformaður, Margrét Ósk Jónasdóttir, gjaldkeri, Hákon Þór Svavarsson, ritari, Guðmundur Gestur Þorisson, meðstjórnandi.

Árið gekk sinn vanangang hjá félaginu. Ný aðstaða fyrir riffilskotfimi var tekin í fulla notkun og geta þá sex manns setið og skotið núna. Einnig var sett



Nýtt riffilskýli SFS.

upp lýsing á riffilbrautina þannig að nú er hægt að skjóta allt árið um kring. Við þetta jókst umferðin um riffilvöllinn töluvert.

Tvö skeet mót í mótaráð STÍ voru haldin um sumarið og átti SFS keppendur á þeim báðum.

Mikið var að gera í skotprófum vegna hreindýraveiða í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Þó nokkur aukning var á notkun haglavallarins. Var mikið skotið yfir sumarið og svo nánast hverja einustu helgi fram að jólum.

Fyrirhugað er að bæta haglavellina. Fjárfesta í fleiri kastvélum sem verður stillt upp í sambland við kastvélur sem fyrir eru og eykur þannig nota- og æfingagildi vallanna.

Torfærklúbbur Suðurlands

Árið 2017 byrjaði með miklum látum vegna trygginga þar sem keppendur hafa verið ótryggðir undanfarin ár. Það hefur gengið erfiðlega að fá tryggingarfélögin í skilning um að keppendur eru að keppa á óskráðum ökutækjum sem hafa verið smíðaðir frá grunni og samkvæmt lögum þurfa þeir að vera ábyrgðatryggðir. Íslandsmótið var mjög stutt svo kallað hraðmót það voru keyrðar 5 umferðir á 3 mánuðum. Í september fóru 15



Skotíþróttafélagið Skyttur stóð fyrir námskeiði í bogfimi á árinu.



Þór Þormar Pálsson að bjarga sér frá veltu í keppni á Akranesi.



Íþróttafólk Ungmennafélags Biskupstungna. Jóna Kolbrún Helgadóttir og Ólafur Magni Jónsson.

keppendur þarf af 9 sem voru að keppa fyrir hönd Torfærklúbbsins til Dyersburg í Bandaríkjunum.

Torfærklúbburinn hélt síðustu umferð Íslandsmótsins í gryfum við Fellsenda í Hvalfjarðarsveit. Mikil vinna var lögð í svæðið að koma því í keppnishæft ástand. Keppnin var haldin 22. júlí með glæsibrag, óvænt úrslit urðu í keppninni að nýkrýndur Íslandsmeistari var ekki meðal efstu þriggja manna. Unnið hefur verið að byggja félagsstarfið upp með ýmsum upptökum. Aðalfundur var haldinn 27. febrúar 2017 það voru mannbreytingar í stjórn. Gísli Björn Rúnarsson, Steinþór Frank Michelsen og Hreiðar Örn Svansson komu nýir inn í stjórn og Rakel Róbertsdóttir, Stefán Hansen Daðason og Eyþór Pétur Aðalsteinsson buðu sig ekki aftur fram til stjórna. Torfærklúbburinn þakkar þeim kærlega fyrir sitt framlag í klúbbnum.

UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgæði 14. á Hvolsvelli 28. des. 2017.

Í stjórn voru kosnir: Formaður: Guðmann Óskar Magnússon. Gjaldkeri: María Rósa Einarisdóttir.

Ritari: Ólafur Elí Magnússon. Varamenn: Helgi Jens Hlíðdal og Jón Gísli Harðarson.

Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að Íþróttafélagið Dímon tók yfir Íþróttastarfsemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dímonar.

Guðmann Óskar Magnússon.



Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Aratungu þann 22. maí 2017. Eins og undanfarin ár funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi aðaldeildar, þá leikdeildar og loks íþróttadeildar.

Smári Þorsteinsson lét af störfum, í bili að minnsta kosti, enda erfitt að stýra ungmennafélagi frá öðru landi. Stjórn félagsins skipa: Oddur Bjarni Bjarnason formaður, Elfa Björk Kristjánsdóttir gjaldkeri, Dagný Rut Grétarsdóttir ritari og Þórey Helgadóttir varastjórn. Gunnar Örn Þórðarson var kjörinn nýr formaður Íþróttadeildar en Íris Blandon er áfram formaður leikdeildar.



Umf. Dagsbrún

Aðalfundur Ungmennafélagsins Dagsbrúnar var haldinn 4. maí 2017.

Engar breytingar urðu á stjórn en Konráð Helgi Haraldsson er formaður félagsins, Hlín Albertsdóttir gjaldkeri og Arnheiður Dögg Einarisdóttir ritari.

Starfssemi félagsins var með hefðbundnu sniði þetta árið. Vel heppnað þorablót, skótuveisla og jólaball auk þess sem leikjakvöld voru yfir hásumarið. Félagið gaf Gunnarshólma nýjan íslenskan fána.



Umf. Eyrbakka

Aðalfundur UMFE var haldinn 21. mars 2017. Stjórn félagsins skipa: Helga Kristín, formaður, Jessica, varaformaður, Elín Birna, gjaldkeri, Halla, ritari, Karen, meðstjórnandi.

Helstu verkefni félagsins var hópshlaupið sem við höldum á hverju vori. Verðlaunaafhendingin fór svo fram á 17. júní hátíðarhöldunum sem kvenfélagið á Eyrbakka stendur fyrir.

Á Jónsmessunni buðum við upp á BMX brós og hestareiðtúr, var þetta annað sumarið sem við tökum þátt í Jónsmessugleðinni og munum við halda því áfram.

Annar fastur liður á hverju ári var í desember, þá stöndum við fyrir smá jólatrésskemmtun, kveikt er á jólaljósunum á jólatrénu sem Árborg sér um að koma upp. Jólaveinar koma og syngja með krökkunum. Alltaf gaman að sjá hve margir koma og er þetta orðinn fastur liður hjá mörgum að mæta.

Umf. Framtíðin

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. febrúar í Íþróttahúsinu í Þykkvabæ.

Stjórn Ungmennafélags Framtíðarinnar 2017 skipa: Formaður: Lilja Guðnadóttir. Ritari: Helgi Ármannsson. Gjaldkeri: Gyða Árný Helgadóttir.

Meðstjórnendur: Brynja Rúnarsdóttir og Bjarnveig Björk Birkisdóttir.

Að venju stóð félagið fyrir boltakvöldum í Íþróttahúsinu sem allir krakkar eru velkomnir á. Birkir Heimur Birkisson hefur haft umsjón með því í vetur.

Þetta ár var viðburðaríkt. Í maí tökum við þátt í Hreyfiviku Ungmennafélags Íslands. Þá kenndi



Frá jólatrésskemmtun Umf. Eyrbakka.

Anna Lilja Valgeirsdóttir okkur góð spor og sveiflur í magadansi. Einnig hreyfðum við okkur við að tína rusl og styrkti sveitafélagið það verk. Leikjánaðskeyðið var haldið í tvær vikur í júní og 1 viku í ágúst. Bjarnveig B. Birkisdóttir var umsjónarmaður þess. Gefið var út fréttabréf með myndum og fróðleik um starf félagsins.

Á 17. júní héldum við hátíð fyrir allt sveitafélagið. Þá vígðum við ærslabelg sem krakkarnir hafa verið að safna fyrir. Belgurinn fékk nafnið Regnbogi og hefur félagið fengið ýmsa styrki fyrir honum en krakkarnir hafa verið dugleg að selja konudagsblóm og safna dósum á árinu.

Í október fyllti félagið heila rútu og skellti sér í fjölskylduferð að Úlfjótssvatni. Ferðin var einstaklega vel heppnuð í góðu veðri og fjörlegum félagsskap.

Nú á haustmánuðum og fram yfir áramót höfum við verið að stunda fjölskylduyoga sem Anna Lilja Valgeirsdóttir sér um.

Umf. Gnúpverja

Körfuknattleikslíð Gnúpverja endaði tímabilið 2016/17 á því að tryggja sér sæti í 1. deild karla. Eftir viðburðarríkt sumar þar sem styrktarþjálfun og fjáraflafrir léku lykilhlutverk hófst tímabilið loks í október 2017. Meistaraflokkur Gnúpverja æfir 3x í viku og kemur einn leikur í viku ofan á það.

Líðinu var spáð erfiðu tímabili og langneðsta sætinu í deildinni. Öllum að övörum hefur liðið unnið 6 leiki af 18 og nú síðast gegn Vestra á Ísafirði sem fyrir leik sat í 2. sæti deildarinnar.



Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 22. maí 2017 í Grunnskólanum á Hellu. Á fundinn mætti fjöldi fólks. Verðlaunaðir voru iðkendur fyrir mætingu og framfarir í hverri íþróttagrein sem æfð er hjá félaginu. Hefur orðið mikil breyting á mætingu á aðalfund félagsins eftir að þessi nýbreytni var tekin upp á síðasta ári. Fjárhagsleg staða félagsins er ágæt og var rekstur ársins í kringum núllið. Inn í stjórnina kom Gunnar Þorgilsson í staðinn fyrir Kristinn Scheving.

Stjórn Umf. Heklu er skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður: Guðmundur Jónasson. Varaformaður: Sigurður Kristinn Guðbjörnsson. Gjaldkeri: Hulda Karlsdóttir. Ritari: Ólöf Árnadóttir. Meðstjórnandi: Halldóra Guðlaug Helgadóttir. Varamaður: Erna Sigurðardóttir. Varamaður: Gunnar Þorgilsson.

Helstu atriði úr starfsemi félagsins árið 2017

Körfubolti: Um 20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu körfubolta þrisvar sinnum í viku. Í haust tók félagið þátt í Íslandsmóti í körfubolta með lið í 10. flokki drengja. Þjálfari er Þorsteinn Darri Sigurgeirsson.

Tómstundanámskeyði fyrir börn á aldrinum 6–14 ára var haldið í sumar, í samvinnu við sveitarfélagið Rangárþing ytra. Að venju stóð það yfir í 3 vikur í júní og 2 vikur í ágúst. Þátttakendur voru rúmlega 40 talsins. Umsjónarmenn námskeyðsins voru Þórunn Inga Guðnadóttir, Rúnar Hjálmarsson og Perla Rut Albertsdóttir. Lagði sveitarfélagið til aðstoðarfólk úr unglingavinnu.

Frjálsar íþróttir: Um 25 iðkendur á aldrinum 11–15 ára æfðu 1–2 í viku frjálsar íþróttir í vetur og í sumar voru æfingar utandyra á íþróttavellinum á Hellu. Iðkendur á vegum félagsins tóku m.a. þátt í aldursflokkaþótti HSK 11–14 ára í Kaplakrikahöllinni og í Héraðsmóti utanhúss. Á báðum þessum mótum



Fjör á 17. júní hátíðarhöldum Framtíðarinnar.



Gnúpverjar fagna sigri á FSu í 1. deild karla í körfubolta.



Sindri Freyr Seim Sigurðsson, Heklu, setti fjögur Íslandsmet á árinu og fjöldann allan af HSK metum.

voru iðkendur félagsins á verðlaunapalli. Sindri Seim Sigurðsson vann til fjölda verðlauna á öllum mótum sem hann tók þátt í og setti mörg héraðsmet sem og fjögur íslandsmet í sínum flokki. Þjálfari var Rúnar Hjálmarsson. Héraðsleikar HSK voru haldnir í íþróttahúsinu á Hellu í samvinnu félagsins og Frjálsíþróttaráðs HSK.

Blak: Um 15 iðkendur á aldrinum 12–16 ára æfðu blak einu sinni í viku. Þjálfarar voru Ingibjörg Heiðardóttir og Aníta Tryggvadóttir. Meistaraflokkslíð kvenna undir merkjum Heklu og Dímon var starfandi á árinu og tóku þær þátt í fjölda móta. Kvennaliðið stóð fyrir Kvennahlaupi ÍSÍ í sumar og var þátttökuþakaleg.

Skák: Í febrúar stóð félagið fyrir Héraðsmóti HSK í skák fyrir 16 ára og yngri í Grunnskólanum á Hellu. Þar vannst til fjölda verðlauna og vann félagið stigabikar og varð héraðsmeistari. Anton Scheving varð héraðsmeistari í yngri flokki og Katla Torfadóttir varð héraðsmeistari í elsta flokknum. Félagið sendi sveit á héraðsmót fullorðinna og varð sveitin í neðsta sæti. Á Héraðspingi HSK var Björgvin Guðmundsson valinn skákmaður HSK.

Borðtennis: Borðtennisæfingar voru tvisvar í viku á Hvolsvelli á vegum félagsins í samvinnu Dímon. Iðkendur frá félaginu voru ekki margir. Sex iðkendur tóku þátt í Héraðsmóti HSK sem haldið var á Hvolsvelli í maí og þar urðu þeir Aron Birkir

Guðmundsson, Helgi Haraldsson og Sólbrá Sara Leifsdóttir héraðsmeistarar og varð félagið í öðru sæti stigakeppninnar. Þjálfari var Ólafur Elí Magnússon

Samfella skóla- og íþróttastarfs: Umf. Hekla kom að skipulagningu á samfelli skóla- og íþróttastarfs tvisvar í viku í vetur milli kl. 15–17 fyrir nemendur í 5–10. bekk Grunnskólans á Hellu. Í haust tók félagið einnig að sér samfelli barna í 1.–4. bekk. Í samfellunni bauð félagið upp á æfingar í körfubolta, frjálsum íþróttum og hreytti. Þátttakendur voru um 70 talsins.

Taekwondo: Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu Taekwondo í íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við Taekwondodeild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskiptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru tæplega 20, bæði börn og fullorðnir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu og farið var á jólamót. Kennarar hafa aðallega verið Daniel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Fimleikar: Um 40 iðkendur á aldrinum 6–15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins 1–3 sinnum í viku. Höpnum var skipt niður í 4 hópa eftir aldri og getu. Í haust hófust fimleikar fyrir börn á leikskólaaldri og æfðu um 30 iðkendur krílafimleika einu sinni í viku. Haldnar voru tvær fimleikasýningar á árinu þar sem fjölmargir áhorfendur komu. Þjálfarar voru Erla Sigríður Sigurðardóttir, Aníta Tryggvadóttir, Erla Brá Sigfúsdóttir, María björg Austmar og Jóna Kristín Þórhallsdóttir.

Línuskautar: Rúmlega 30 iðkendur á aldrinum 6–12 ára sóttu línuskautæfingar einu sinni í viku í vetur. Höpnum var aldurskipt í tvo hópa. Þjálfari er Diego Pinera.

Unglingalandsmót UMFL fór fram á Egilsstöðum í sumar og kepptu þar 9 iðkendur frá félaginu.

Akstursíþróttadeild er starfandi innan félagsins og er þeirra stærsta verkefni að standa fyrir Hellu-torfærunni í maí þar sem mættu um 3.000 manns. Nefndin sinni á árinu fundum á vegum Akstursíþróttasambands Íslands, bæði ársþingi og formannafundi. Áttum sæti í torfærunni sem stýrir reglubreytingum og fleiru sem við kemur torfærunni. Yfir 20 manns eru nú í nefndinni og 4 kepptu í akstursíþróttagreinum á þessu ári.

Helstu fjárfanir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Félagið fékk styrki til áhaldakaupa á árinu frá Íþróttasjóði ríkisins. Keyptar voru nýjar dýnur og áhöld til fimleikaklúbunar. Eins og undanfarin ár gaf félagið, í samstarfi við fyrirtækið Þjóta ehf., nemendum 1. bekkjar Grunnskólans á Hellu boli merktu félaginu. Félagið gaf Grunnskólanum á Hellu spaða, net og kúlur til borðtennis iðkunnar í skólanum en iðkunin er talsverð þar sem tvö börð standa alltaf uppi á göngum skólans.

Félagsmenn í Umf. Heklu eru 588 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri.

Ársþing HSK: Þrír félagsmenn mættu á HSK þingið fyrir hönd Umf. Heklu í Hveragerði um miðjan mars. Það voru þau Erna Sigurðardóttir, Guðmundur Jónasson og Sigurður Kristinn Guðbjörnsson.

Umf. Hrunamanna

Boðað var til aðalfundar félagsins þann 27. mars. Á honum var kjörinn nýr ritari, Dúna Rut Karlsdóttir ásamt nýjum meðstjórnendum. Að öðru leyti var stjórnin endurkjörin og er hún því eftirfarandi, Jóhanna Bríet Helgadóttir formaður, Valdis Magnúsdóttir gjaldkeri og Dúna Rut Karlsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson.



Máni Snær Benediktsson, Umf. Hrunamanna, margfaldur Íslandsmeistari í frjálsum íþróttum á árinu 2017.

Starfið innan deilda félagsins gekk vel og verður hér stiklað á stóru yfir það helsta.

Innan blakdeildar starfa eingöngu meistaraflokkar. Kvennaliðið tók þátt á Íslandsmóti og vann sig þar um deild á árinu og leikur nú í 5. deild. Tvö kvennalið tóku þátt í HSK mótum og var liðunum skipt eftir aldri. Stelpurnar hafa verið að taka miklum framförum og sést það vel á þeirra leik. Karlamegin var ekki tekið þátt í Íslandsmóti en liðið tók þátt í bikarkeppni BLÍ og HSK mótum með ágætum árangri.

Starf fimleikadeildar er með þeim hætti að boðið er upp á æfingar 1 sinni í viku fyrir tvo hópa. Talsverður áhugi er hjá iðkendum og koma talsvert af iðkendum úr næstu sveitarfélögum. Ekki hefur verið farið á mót með þessa hópa, en jóla- og vorsýningar hafa verið vel heppnaðar og vel sóttar af aðstandendum.

Starf frjálssíþróttadeildar heldur áfram að vaxa og mikill áhugi fyrir þeirri grein. Enda hafa iðkendur verið að gera mjög góða hluti. Iðkendum fjölga ört og áhuginn er mikill. Fjölmargir krakkar kepptu á árinu undir nafni Hrunamanna og vöktu víða athygli fyrir mjög góðan árangur. Foreldrar voru, sem fyrr, mjög virkir að fylgja á mótin og Guðbjörg Viðarsdóttir fór á nærri öll mótin sem þjálfari.

Iðkendur tóku þátt í fjölmörgum mótum en að auki stóð deildin fyrir tveimur slíkum í íþróttahúsinu á Flúðum. Annars vegar má nefna Páskamótið sem haldið hefur verið um áraræðir og hefið er fyrir því að veita stigahæsta íþróttafólkinu páskaegg að launum. Að þessu sinni komu helstu afrek mótsins í hástökki og voru það þau Máni Snær Benediktsson (1,70m), Ingibjörg Bára Pálsdóttir (1,35m) og Guðrún Lilja Árnadóttir (1,30m) sem fóru súkkulaðisæl heim. Auk Páskamótsins er að skapast hefið fyrir Jólamóti sem haldið er í desember á æfingatíma. Mótið hefur komið skemmtilega út og góð viðbót við það góða starf sem fyrir er.

Á árinu eignuðust Hrunamenn nokkra Íslandsmeistararitla. Komu þeir í hlut eftirfarandi iðkenda:

Ingibjörg Bára varð Íslandsmeistari í kúluvarpi 13 ára, innanhúss.

Máni Snær Benediktsson varð Íslandsmeistari í hástökki 15 ára, innanhúss og þá var hann á

sama móti í boðhlaupssveit HSK sem tryggði sér Íslandsmeistararitil í 4x200m hlaupi á nýju mótmeti.

Máni Snær varð einnig tvöfaldur Íslandsmeistari utan húss. Hann var í sigursveit HSK/SELFOS í 4x100m boðhlaupi og kom fyrstur í mark í 3000m hlaupi á glæsilegu mótmeti og nýju HSK meti í flokki 15 ára pilti 9:55,49.

Guðný Vala varð Íslandsmeistari í spjótkesti 13 ára stelpna, utanhúss.

Una Bóel Jónsdóttir var Íslandsmeistari með sinni boðhlaupssveit innan húss og Þórhildur Arnardóttir og Haukur Arnarsson urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar í boðhlaupi, bæði innan- og utanhúss.

Félagið á tvo fulltrúa í úrvalshópi FRÍ en það eru þau Máni Snær Benediktsson og Ragnheiður Guðjónsdóttir.

Knattspyrnudeildin sendi meistaraflokk til leiks í 4. deild karla í fyrsta sinn. Var liðið að mestu skipað leikmönnum sem höfðu áður farið í gegnum yngri flokka starf félagsins og því framtakið gott. Liðið náði í 5 stig í 4. deild með því að sigra 1 leik og gera 2 jafntefli. Ekki náðist þó að fá fólk til starf í stjórn í kringum meistaraflokkinn auk þess sem leikmannahópurinn var frekar þunnskipaður og því ákveðið að halda starfinu ekki áfram í þeim flokki.

Hjá yngri flokkunum var farið í samstarf með UMFL og UMFB í þjálfaramálum yfir sumartímann og þeir Guðstaf Sæland og Guðni Sighvatsson ráðnir til starfa. Æft var á Flúðum, á Laugarvatni og í Reykholti. Farið var á eitt mót með yngri iðkendum í Mosfellsbæ í ágúst. Nokkrir iðkendur léku með Hamri í Íslandsmóti í 5.flokki með góðum árangri. Yfir vetrartímann hefur verið boðið upp á 1 æfingu í viku fyrir sitthvorn aldurshópinn. Það verður að segjast eins og er að þær æfingar hafa ekki verið vel sóttar.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram á sömu braut. Fjöldamörg lið í yngri flokkum tóku þátt í Íslandsmótum ásamt fleiri mótum sem haldin eru af hinum og þessum félögum. Deildin er í samstarfi við félög á Suðurlandi til þess að halda úti öflugum starfi í mörgum flokkum. Meistaraflokkur karla hóf samstarf við Laugdæli fyrir keppnistímabilið 2016-2017 og vann liðið sig upp í 1.deild. Það voru þó mikil vonbrigði að ekki náðist að tryggja áframhaldandi starf og liðið skráð úr keppni.

Perla María Karlsdóttir var valinn í u-15 ára lið Íslands, en að auki var þónokkur fjöldi iðkenda deildarinnar boðaður á úrvals- og afreksbúðir KKÍ sem er undanfari yngri landsliða Íslands.

Árlegir viðburðir á borð við firmakeppni í kringum jólahátíðirnar og körfuboltabúðir í júlí voru á sínum stað og var hvoru tveggja vel sótt. Deildin tók að sér utanumhald fyrir úrslit yngri flokka í maí þar sem 9 úrslitaleikir voru spilaðir í húsinu og 3 Íslandsmeistarar krýndir. Allir leikir voru í beinni útsendingu á youtube og í beinni tölvfræðisýningu á vef KKÍ. Þá voru leiknir 2 landsleikir í körfuknattleik í ágúst þegar Ísland og Írland áttust við í u-15 ára leikjum. Þjálfari þess liðs Árni Þór Hilmarsson yfirþjálfari körfuknattleiksdeildar UMFL og Perla María Karlsdóttir einn af leikmönnum liðsins eins og áður segir. Þá er aðstoðarþjálfari Heiðrún Kristmundsdóttir og sjúkrapjálfari í þessum leikjum var Stefán Magni Árnason en bæði Heiðrún og Stefán eru fyrrum iðkendur körfuknattleiksdeildar UMFL.

Auk þessa starfs sem deildirnar bjóða upp á hefur aðalstjórn boðið upp á íþróttaskóla fyrir iðkendur 4–5 ára og einnig 6–7 ára á veturna. Íþróttaskólinn er vel sóttur og góður rómur gerður af honum. Síðastliðið sumar var einnig boðið upp á íþróttaskóla utandyra fyrir unga iðkendur og var það í námskeiðis formi. Á haustin hefur svo verið boðið upp á sundnámskeið fyrir yngri kynslóðina.

Umf. Hvöt

Í stjórn eru Antonía Helga Guðmundsdóttir formaður, Ingólfur Örn Jónsson gjaldkeri og Hugrún Sigurðardóttir ritari.



Árið hófst að venju með okkar árlega þorablóti sem var haldið 27. janúar. Ungmennafélagið bauð upp á íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri á sunnudögum og strax á eftir því var boðið upp á opið hús í íþróttasalnum fyrir fjölskyldur þar sem að allir gátu leikið saman. Körfuboltaæfingar voru svo á sínum stað tvisvar í viku. Aðalfundurinn var haldinn sunnudaginn 9. apríl og var góð mæting. Börn sem sóttu íþróttaskólann fengu afhent viðurkenningarskjöl og í beinu framhaldi af fundinum var farið í páskaeggjaleit sem vakti mikla lukku hjá börnunum.

Sundnámskeið var haldið 26. júní til 7. júlí og var það vel sótt, um námskeiðið sá Magnús Tryggvason sundkennari. Halda átti leikjanámskeið en það datt upp fyrir þar sem að enginn leiðbeinandi fannst til að sjá um það. Þann 14. desember fékk ungmennafélagið afhentan styrk upp á 100 þúsund krónur frá Hollvinum Grímsnes. Á aðfangadag fengum við svo tvo jólasveina til að heimsækja börn og afhenta þeim smá pakka.

Umf. Ingólfur

Stjórn Umf. Ingólfs skipa: Formaður: Þröstur Guðnason. Gjaldkeri: Kristinn Guðnason. Ritari: Ágústa Hjaltadóttir. Varamenn: Daniel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir.



Starfið árið 2017 hjá félaginu var líkt og undanfarin ár. Þröstur mætti sem fulltrúi félagsins á 95. Héraðsþing Skarphéðins í Hveragerði 11. mars. Aðalfundur var ekki haldinn þetta árið. Göngudagur félagsins var ekki haldinn þetta árið og er það miður. Vonandi tekst að hafa hann á komandi ári.

Þröstur Guðnason

Umf. Laugdæla

Fyrstu mánuðir ársins 2017 voru erfiðir fyrir Ungmennafélag Laugdæla og í raun allt samfélagið á Laugarvatni þar sem lengi vel var ekki vitað hver framtíð íþróttamannvirkja staðarins yrðu. Í byrjun árs 2016 tók Háskóli Íslands þá ákvörðun að hætta kennslu í íþrótt- og heilsufræði á Laugarvatni og að rekstri íþróttahúss og sundlaugar yrði hætt sumarið 2017. Þegar komið var að lokun mannvirkjanna lá enn ekkert fyrir um hvernig standa ætti að framtíðarrekstri íþróttahússins og því algjör óvissa um hvort að það yrði yfirhfuð aðgengilegt fyrir Ungmennafélagið, grunnskóla staðarins, menntaskóla og aðra þá sem nýtt höfðu íþróttahúsið og sundlaugin. Í lok sumars tókust þó samningar milli ríkisins og Bláskógabyggðar um að sveitarfélagið myndi taka mannvirkin yfir og var því allri óvissu eytt um aðgengi Ungmennafélagsins og annarra að húsinu og hægt var að fara af stað með æfingar eins og undanfarin ár.

Það hefur það verið stefna Ungmennafélags Laugdæla að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttæfingar fyrir börn og unglinga til að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Árið 2017 hafa verið æfingar í fimleikum, frjálsum, fótbolta, körfubolta, fangbrögðum, þreki og blaki auk íþróttæfinga fyrir elstu leikskólabörnin. Starfsemin var venju



Ungir körfuboltadrengrir hjá Umf. Laugdæla.

samkvæmt að mestu samhlíða skólastarfi en í sumar var einnig boðið upp á knattspyrnuæfingar í samstarfi við Umf. Biskupstungna og Umf. Hrunamanna.

Þrátt fyrir nokkuð fjölbreytt íþróttastarf eru iðkendur Laugdæla ekki margir sem gerir það að verkum að samvinna við önnur félög er mikilvæg bæði hvað varðar æfingar og keppni. Í gegnum sameiginlegt lið HSK hafa keppendur Laugdæla æft og keppt með öðrum iðkendum á svæðinu bæði í frjálsum íþróttum og glímu. Þá hefur smám saman verið að þróast samstarf milli félagsins og Umf. Hrunamanna og Umf. Biskupstungna um æfingar í körfubolta og hefur sami þjálfarinn verið með æfingar á Flúðum, í Reykholti og á Laugarvatni.

Fyrir fullorða hafa verið æfingar í blaki karla og kvenna og töku bæði lið þátt í Íslandsmótinu auk þess að taka þátt í HSK mótum. Veturinn 2016–2017 keppti sameiginlegt lið Hrunamanna og Laugdæla í 2. deild í körfubolta og voru heimaleikir liðsins til skiptis á Flúðum og á Laugarvatni. Gekk liðinu vel og sigraði deildina og vann sér þannig sæti í 1. deild. Fyrir lítil félög getur verið snúið að reka félag í 1. deild þar sem umfangið og kostnaður eykst umtalsvert og í ljósi þessa var ákveðið að taka ekki sæti í deildinni að þessu sinni.

Félagið sér um að skipuleggja skemmtidagskrá á Laugarvatni þann 17. júní og um margra ára skeið var það hluti af dagskránni að verðlauna unga og efnilega íþróttamenn í þeim íþróttagreinum sem stundaðar hafa verið hjá félaginu. Í ár var ákveðið að breyta út af þessari venju í kjölfar umræðu innan félagsins um hvort að það sé æskilegt að velja einn iðkanda úr hópi barna og unglinga og verðlauna sérstaklega sem þann besta eða efnilegasta. Er þetta umræða sem einnig hefur verið í gangi hjá íþróttahreyfingunni á landinu almennt. Auðvitað geta verðlaun verið góð hvatning fyrir iðkendur en það er samt spurning hvort þau séu alltaf af hinu góða, sérstaklega í svona litlu félagi eins og Ungmennafélagi Laugdæla þar sem iðkendur eru oft fáir í einstökum greinum og nánast allir yngri en 16 ára. Þetta var a.m.k. niðurstaða stjórnar að þessu

sinni að vera ekki með verðlaun í einstökum greinum heldur frekar stefna á að verðlauna alla iðkendur sem heild með einhverskonar hvatningu á með æfingatímabili stendur. Að þessu sinni var þó ákveðið að veita verðlaun fyrir íþróttamann ársins árið 2016 og féllu þau í skaut Anthony Karls Flores fyrir árangur í frjálsum íþróttum. Þess má að lokum geta að á aðalfundi félagsins sem haldinn var 10. maí 2017 var samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða reglugerð um val á íþróttamanni ársins. Hefur nefndin skilað af sér þeirri tillögu að iðkendur verði að vera 16 ára til að geta hlotið nafnbótina íþróttamaður ársins.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem komið hafa að starfsemi félagsins undanfarið ár, þjálfurum, iðkendum, sjálfbóðaliðum og sveitarfélaginu Bláskógabyggð.

Stjórn Ungmennafélags Laugdæla, Pétur Ingi Haraldsson, Hallbera Gunnarsdóttir og Eva Hálfðanardóttir.

Umf. Merkiðvöllur

Aðalfundur félagsins var haldinn að Brúarlundi þann 10. febrúar 2017. Fyrir fundinum lágu kosningar en Ólafía Sveinsdóttir gjaldkeri og Kjartan Grétar Magnússon formaður báðust lausnar. Við keflinu tóku þau Jóhanna Hliðversdóttir sem formaður og Sigurður Einar Guðmundsson sem gjaldkeri. Anna Björg Stefánsdóttir situr áfram sem ritari félagsins. Kjartan og Ólafía hafa staðið undir merkjum Ungmennafélagsins Merkiðvöllur í fjöldamörgum ár og kunnum við þeim bestu þakki.



Starfssemi félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár en það sá um hátíðarhöld á 17. júní þar sem sveitungar og gestir koma saman, sem og árlegt jólaball sem haldið er á Brúarlundi.

Farið var í þær framkvæmdir á Brúarlundi að skipta um þak og gekk það vel undir stjórn Margeirs Þorgeirssonar, einnig var eldhúsið í tekið í nefið og segja má að hollvinir Brúarlundir hafi staðið sig vel í öllum þeim verkefnum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur.

Jóhanna Hliðversdóttir

Umf. Selfoss

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss var öll endurkjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn var í félagsheimilinu Tíbrá þann 6. apríl.



Guðmundur Kr. Jónsson er formaður félagsins en auk hans sitja í framkvæmdastjórn Sverrir Einarsson, gjaldkeri, Víktor S. Pálsson, ritari, Hjalti Þorvarðarson og Jóhann Helgi Konráðsson, meðstjórnendur. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Ingibjörg Garðarsdóttir, nýr formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður frjálslíþróttadeildar, Magnús Matthíasson, formaður handknattleiksdeildar, Þórdís Rakel Hansen, formaður júdódeildar, Adólf Ingvi Bragason, formaður knattspyrnadeildar, Árni Steinarsson, formaður nýrrar lyftingadeildar, Guðmundur Gústafsson, nýr formaður mótakrossdeildar, Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildar og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins. Á haustdögum tók Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson við formennsku í handknattleiksdeild og á aðalfundi knattspyrnadeildar í byrjun desember tók Jón Steindór Sveinsson við formennsku.

Hjá aðalstjórn félagsins starfa Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjarjar Skúladóttur bókarí félagsins í hálfu stöðugildi. Elmar Eysteinnsson starfaði á árinu sem framkvæmdastjóri



Í forgrunni er íþróttafólk Umf. Selfoss árið 2017, handknattleiksfólk, Perla Ruth Albertsdóttir og Elvar Örn Jónsson. Í aftari röð f.v. Jón Steindór Sveinsson sem tók við viðurkenningu fyrir Krístrúnu Rut Antonsdóttur knattspyrnukonu, Svanhildur Bjarnadóttir sem tók við viðurkenningu fyrir Guðrúnu Heiðu Bjarnadóttur frjálsíþróttakonu, Gyða Dögg Heiðarsdóttir mótókrosskona, Sara Ægisdóttir sundkona, Kristinn Þór Kristinsson frjálsíþróttamaður, Ingibjörg Erla Grétarsdóttir taekwondokona, Egill Blöndal juddómaður, Þorsteinn Daniel Þorsteinsson knattspyrnumaður og Brynjar Logi Halldórsson taekwondomaður.

fimleikadeildar í hálfu stöðugildi ásamt því að Tanja Birgisdóttir tók við sem yfirþjálfar deildarinnar í hálfu stöðugildi. Sveinbjörn Másson er framkvæmdastjóri knattspyrnadeildar og vallerstjóri á Selfossvelli.

Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2017 voru Þórdís Rakel Hansen og Aron Sveinbjarnarson. Þá er Gunnar Rafn Borgþórsson í fullu stöðugildi sem þjálfari meistaraflokks karla og yfirþjálfari knattspyrnadeildar ásamt því að sinna sérverkefnum og Ingi Rafn Ingibergsson er starfsmaður knattspyrnadeildar. Flestar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara og/eða verkefnastjóra í mismunandi stöðuhlutfalli.

Ný deild leit dagsins ljós í upphafi árs þegar lyftingadeild var endurvakin hjá félaginu. Er þetta niúnda deildin sem starfar innan Umf. Selfoss en hinar eru fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, juddódeild, knattspyrnadeild, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnadeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild, fimleikadeild og frjálsíþróttadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Knattspyrnadeild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallerstjórn, jólasveinanevnd og minjaverndarnevnd.

Árið 2017 var þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss framlengdur út árið sem og samningur um rekstur íþróttavallasvæðisins. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnadeild um rekstur íþróttavallasvæðisins en það er íþróttavallarnefnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Árið var vel nýtt til samningagerðar og undir lok árs var nýr fimm ára samningur undirritaður sem gildir til loka árs 2022. Mótókrossdeild sá áfram um rekstur og uppbyggingu mótókrossbrautar. Juddódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í nýrri og endurbættri aðstöðu í sundhöll Selfoss, Taekwondodeild er með starfsemi sína í æfingasal á annarri hæð í

Baulu, íþróttahúsi Sunnlækjarskóla en þar er fimleikadeildin einnig með alla sína starfsemi á jarðhæðinni. Handknattleiksdeildin er með alla sína aðstöðu í íþróttahúsi Vallskóla. Þá rekur félagið þjónustumiðstöð, sem opin er allt árið, í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg 50.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Nettómótið og Minningarmót auk árlegrar jólasýningar í desember. Frjálsíþróttadeild hélt 48. Grýlupottahlaupið á vordögum og Brúarhlaupið í byrjun ágúst. Handknattleiksdeild hélt tvö Landsbankamót á vordögum og Ragnarsmótið, á haustdögum. Juddódeild, sunddeild og taekwondodeild héldu HSK-mót. Knattspyrnadeild hélt Guðjónsmótið í mars, Set-mótið í júní og ÓB-mótið í ágúst en auk þess bættist Lindex-mótið við í júní, sem er fyrsta knattspyrnumótið á Selfossi fyrir stelpur. Mótókrossdeild hélt bikarmót í júní á vegum MSL.

Getraunastar skipar fastan sess í starfi félagsins þar sem hópur fólks hittist vikulega í félagsheimilinu Tíbrá og tippar yfir kaffibolla og góðu meðlæti frá Guðnabakarí, einnig eru öflugir stuðningsmannaklúbbar starfræktir í handknattleiks- og knattspyrnadeild.

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 6. apríl 2017. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2016 voru rúmar 330 milljónir og varð nokkur hagnaður af rekstri félagsins. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2016 fékk afhentar viðurkenningar, en það var fimleikafólkið Rikharð Atli Oddsson og Margrét Lúðvígisdóttir. Þá fékk frjálsíþróttadeildin UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir gott grasrótastarf og góðan árangur barna- og unglingaflokka liðið ár og Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.

Líkt og undanfarin ár sá félagið um rekstur íþróttar- og útivistarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum 6–10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Líkt og árið áður voru haldin

fimm tveggja vikna námskeið frá 12. júní til 18. ágúst. Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum. Knattspyrnadeild starfrækti fótboltaskólann, fimleikadeildin var með sumaráæfingar og handknattleiksdeildin var með námskeið í upphafi sumars. Íþróttaskóli barnanna var starfræktur á vegum fimleikadeildarinnar í tíu vikur tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin. Þá hóf ung barnasund, Guggusund, á vegum sunddeildar sitt 26. starfsár.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur þróað jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Í fimleikum náðist ekki að manna meistaraflokk eftir glæsilega sigurgöngu undanfarinna ára. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu vann sér á ný sæti í Pepsí-deildinni eftir æsispennandi keppni en enn eitt árið sigldi meistaraflokkur karla lygnan sjó í Inkasso-deildinni. Meistaraflokkur kvenna í handknattleik komst í undanúrslit í bikarkeppninni og tryggði sér áframhaldandi sæti í Ólís-deildinni með öruggum sigrum í umspili á sama tíma og meistaraflokkur karla sótti enn upp á við með því að ná fimmta sæti í Ólís-deildinni en féll úr leik á fyrstu hindrun í úrslitakeppninni. Í einstaklingsíþróttum vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistarattila, samstarf HSK/ Selfoss í frjálsum skilaði liðinu upp á við en þar er unnið eftirtektafvert uppbyggingarstarf auk þess sem akademían stækkar ört. Juddókappinn Egill Blöndal varð Íslandsmeistari í opnum flokki en auk þess unnu juddómenn og taekwondofólk til fjölda Íslandsmeistarattila á árinu og efnilegasti mótókrossmaður landsins var valinn úr röðum mótókrossdeildar Selfoss.

Eins og fyrri ár var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðsverkefni bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sérsambanda ÍSÍ. 31 einstaklingur kepptu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess var fjöldi einstaklinga valdir á landsliðsæfingar og í úrvalshópa.

Fjöldi ungmenna úr Umf. Selfoss tók þátt í unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina.

Á héraðsþingi HSK sem haldið var í Hveragerði 11. mars var Olgu Bjarnadóttur veitt starfsmerki UMFÍ. Verðlaunahátið Umf. Selfoss, sem er nýbreytni í starfi félagsins, var haldin í Tíbrá 15. desember þar sem íþróttafólk ársins 2017 var heiðrað en það var handknattleiksfólkið Elvar Örn Jónsson og Perla Ruth Albertsdóttir. Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var 28. desember voru þau einnig útnefnd íþróttakarl og íþróttakona Árborgar 2017.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt sex fundi á árinu og aðalstjórn fundaði einnig sex sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sveitarfélagsins Árborgar sem fundar mánaðarlega og í starfshóp um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, ÍSÍ, UMFÍ, HSK, sérsambanda og fleiri aðilum. Auk þess er gríðarmikið sjálfbæðastarf unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki sít foreldraráða.

Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri



Frá leikjanámskeiði Umf. Skeiðamanna sumarið 2017.

Umf. Skeiðamanna

Í stjórn Umf. Skeiðamanna eru Formaður: Lára Bergljót Jónsdóttir. Gjaldkeri: Ágúst Guðmundsson. Ritari: Sigríður Ósk Jónsdóttir.



Aðalfundur var haldinn þann 11. apríl. Kosið var í spilaneft, skemmtineft og íþróttaneft.

Í janúar og febrúar voru haldin þrjú spilakvöld í Brautarholti, spilað var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Góð mæting.

Hjónaball var haldið í mars og var vel sótt.

Sumardaginn fyrsta var viðavangshlaup. Þá var boðið upp á hressingu eftir hlaup og sund.

Leikjanámskeið var haldið í júní. Örvir Rafn Hlíðdal sá um námskeiðið og þátttakan var mjög góð.

Íþróttæfingar hafa verið í boði hjá félaginu í Brautarholti, bæði fyrir 2 elstu árganga leikskólans og yngsta stig grunnskólans. Matthías Bjarnason sá um æfingarnar, bæði á vor- og haustönn.

Lára B. Jónsdóttir, formaður

Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 30. ágúst 2017. Hefðbundin fundarstörf og stjórn félagsins endurkjörin. En í henni situr Ólafur Már Ólafsson formaður, Agnes Lind Jónsdóttir gjaldkeri, Örvir Hugason ritari, Guðmundur Valur Pétursson varamaður og Gísli G. Friðriksson varamaður.



Við hjá ungmennafélaginu höldum úti fimleikum og knattspyrnu og kraftlyftingardeild. Breyting varð í fimleikum hjá okkur en Ingibjörg Markúsdóttir hætti störfum sem yfirþjálfari og Anna Lind Friðriksdóttir tók við stöðu yfirþjálfara fimleika. Í deildinni er blómlegt starf en þar æfa um 50 börn, sem taka þátt í ýmsum mótum og hafa staðið sig vel. Um knattspyrnuna sér Hilmar Þór Jónsson en þeir halda úti liði í 4. deild. Kraftlyftingardeildin hefur sér stjórn en þar er formaður Unnar Már Hjaltason. Iðkendur

eru um 50 þar en deildin er með flotta aðstöðu og er sífellt að bæta hana. Í byrjun febrúar héldum við þorablót fyrir bæjarbúa. Stjórnin sá um allan undirbúning ásamt því að vera með skemmtiatriðin á blótinu.

Við tókum þátt í hreyfiviku UMFÍ. Við fengum til liðs við okkur jógakennara og í samstarfi við leikskólann var hún með jógaund. Í júní var haldið sundnámskeið fyrir börn í samstarfi við sundþjálfara frá Selfossi. Einnig sá félagið um framkvæmd Kvennahlaupsins á Stokkseyri þann 18. júní, en það hafði legið niðri. Að öðru leyti var starfsemi félagsins hefðbundin. Strandhlaup er í maí þar sem fólk á öllum aldri mætir og hleypur 800 metra. Að hlaupunum loknum er haldin viðurkenninga og uppskeruhátíð.

Í desember sáum við um að kveikja á jólatré bæjarbúa. Þar söng Barnakór skólans, kakó og piparkök voru á boðstólum og jólasveinar komu með góðgæti fyrir börnin. Skötuveisla var haldin á Þorláksmessu, þar mættu um 180 manns og er það orðin ein helsta fjóröflun félagsins. Á aðfangadag aðstoðum við jólasveina við að koma pökkum til barna bæjarins. Á árinu voru haldnir

mánaðarlegir stjórnarfundir, ásamt öðrum fundum með kraftlyftingardeild, fimleikajálfurum og umsjónarmanni knattspyrnu.

Að lokum viljum við þakka styrktaraðilum okkar og sjálfbóðaliðum starfið á árinu.

Ólafur Már Ólafsson, formaður

Umf. Trausti

Aðalfundur var haldinn miðvikudaginn 27. september. Stjórn félagsins 2017 skipuðu Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir gjaldkeri, Guðmundur Jón Viðarsson ritari.



Helstu verkefni yfir árið 2017 var árleg 17. júní hátíð haldin í sameiningu með Kvenfélaginu Eygló að Heimalandi.

Leikjanámskeið var haldið 10.-14. júlí með aðstoð Ólafs Elí Magnússonar.

Héldum kaffi og spjall laugardaginn 7. október þar sem rætt var um að efla aðeins starfið með einhverju hópefli innan félagsins. Margar hugmyndir komu upp sem á eftir að vinna úr.



Umf. Stokkseyrar sá um framkvæmd Kvennahlaupsins á Stokkseyri.



Handboltalið Umf. Þjótanda að loknu góðu móti.

Umf. Þjótandi

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. janúar í Þingborg. Engar breytingar urðu í aðalstjórn félagsins en ný varastjórn var kjörin á fundinum. Stjórn Umf. Þjótanda skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir. Ritari: Magnús St. Magnússon. Gjaldkeri: Lilja Ómarsdóttir.



Á aðalfundinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann ársins og félaga ársins. Verðlaunin hlutu Marín Laufey Davíðsdóttir glímukona og Árni Geir Hilmarsson fráfarandi íþróttanefndarformaður. Stjórnarfundir voru haldnir í lok hvers mánaðar og auk stjórnar voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina. Á árinu var haldið áfram með rötgróna viðburði innansveitar t.d. Prettandagleði, Flóahlaup, Viðavangshlaup, reiðtúr, Haustball, Skótuveislu og jólasveinaheimsóknir auk þess sem félagið kom að 17. júní hátíðahöldum ásamt kvenfélögum sveitarinnar. Flestir þessara viðburða gengu vel en ljóst er að þörf er á að endurskoða fyrirkomulag nokkurra þeirra og verður hugað að því á nýju ári.

Íþróttirnar voru að vanda fyrirferðamiklar í starfinu en félagið hélt úti gjaldfrjálsum íþróttæfingum fyrir börnin í sveitinni allt árið. Félagið stóð einnig fyrir leikjanámskeiði í júní sem var mjög vel sótt. Nokkur innanfélagsmót voru haldin í frjálsum íþróttum auk þess sem keppendur okkar gerðu góðar ferðir á héraðsmót og meistaramót. Glímuæfingar voru haldnar meirihluta vetrar og þær skiluðu sér í góðum árangri á mótum á árinu. Vorð 2017 var prófuð sú nýjung að bjóða uppá handboltæfingar fyrir krakka. Þessi tilraun endaði með ferð á handboltamót þar sem Þjótandamenn vöktu athygli fyrir vasklega framgöngu.

Á hátíðinni Fjör í Flóa stóð félagið fyrir sýningu á gömlum keppnisbúningum og munum úr fornum gömlu ungmennafélagana þriggja. Sýningin tókst vel og gestir virtust hafa gaman af því að rifja upp gamlar minningar tengdar sýningargripunum. Á Fjör í Flóa var einnig keppni í Brokk og skokk sem gekk mjög vel þrátt fyrir gifurlegt slagveður meðan á keppni stóð.

Á árinu hófust miklar framkvæmdir á útivistarsvæðinu Einbúa. Framkvæmdirnar miða að því að bæta aðstöðu til viðburðahalds og útivistar á staðnum. Komið var upp salernisaðstöðu og ráðist í girðingavinnu. Framkvæmdum við hvort tveggja mun ljúka árið 2018.

Þorablótsdeild Umf. Þjótanda hélt sitt fyrsta þorablót í Þingborg en það var áður haldið af Umf. Baldri. Blótið tókst vel enda byggt á góðum grunni. Á heildina litið var starfarið gott og við hlökkum til að gera enn betur árið 2018.

Umf. Þór

Aðalfundur var haldinn 29. mars 2017. Stjórn Umf. Þórs skipa: Formaður Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjöla Zoëga Smáradóttir, ritari Rannveig Júlíusdóttir.

Frjálisíþróttadeild Þórs: Árið 2017 gekk vel hjá Frjálisíþróttadeild Þórs. Ný stjórn var kosin á aðalfundi í upphafi árs og Rúnar Hjálmarsson var endurráðinn þjálfari auk þess sem krakkar úr eldri aldursflokki hafa verið honum til aðstoðar eftir þörfum.

Íðkenda fjöldi var 25-35 krakkar, breytilegt eftir árstímum. Stór hópur eldri íðkenda hefur að auki æft með Umf. Selfoss þar sem þau eru í frjálisíþróttakademíunni á Selfossi.

Á mótum ársins náðist ágætis árangur. Tekið var þátt í HSK mótum, meistaramótum og öðrum mótum og einnig fóru nokkrir krakkar Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum.

Frjálisíþróttadeild Þórs hélt eitt innanfélagsmót á árinu auk aðkomu að þeim HSK mótum sem haldin voru hér í Þorlákshöfn, á Selfossi, Laugardalshöll og í Kaplakrika.

Fimleikadeild Þórs: Fimleikaæfingar hófust í janúar, íðkendur deildarinnar voru um 99 talsins. Yfirþjálfari var Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir en auk hennar störfuðu 9 þjálfarar við deildina.

Þór hélt árlegt byrjendamat og voru keppendur frá 6 liðum á mótinu, þar af 3 lið frá Þór. Einnig var farið á stökkfimmimót, hópamót í Gerplu og á Akureyri.



Vorsýning og uppskeruhátíð var haldin 24. maí. Sumarnámskeið var fyrir börn 6-12 ára. Bergþóra lét af störfum á vormanuðum og við starfi hennar sem yfirþjálfari tók Linda Ósk Þorvaldsdóttir en auk hennar störfuðu 7 þjálfarar við deildina.

Haustönn hófst í september með 102 iðkendum og var árleg jólasýning í byrjun desember.

Körfuknattleiksdeild Þórs: Starf körfuknattleiksdeildar Þórs gekk vel á árinu og hefur meistaraflakkar Þórs fest sig í sessi í úrvalsdeild KKÍ. Á árinu lék liðið til úrslita í bikarkeppni KKÍ. Í haust lék liðið á móti KR í „Meisturum meistaranna“ sem er fyrsti leikur tímabilsins 2017-2018 og sigruðu strákarnir lið KR með glæsibrag. Eru um 80 krakkar að æfa hjá deildinni. Við erum með stelpu- og strákalið í minniboltamótum og í 7. og 8. flokki í Íslands mótum KKÍ í vetur í samstarfi við Hrunamenn bæði í stúlkna og drengjaflokki. Þórsarar tefla fram sínu liði í drengja- og unglingaflokki og keppa þeir í Íslands- og bikarkeppni KKÍ. Margir leikmenn Þórs hafa keppt með yngri landsliðum KKÍ og voru 3 Þórsarar í unglingalandsliðum síðastliðið sumar og einn í A landsliði á Smáþjóðaleikunum sl. vor.

Vélhjóladeild Þórs: Starfsárið 2017 var með rólegra móti þetta árið. Gyða Dögg Heiðarsdóttir varð fyrir því óláni að handleggsbrotna á keppnistímabilinu og náði því ekki að verja titil sinn frá því í fyrra. Heiðar Örn Sverrisson stóð sig mjög vel í Íslands meistaramóti í mx og stóð uppi sem sigurvegari í enduroakstri.

Badmintondeild Þórs: Starf Badmintondeildar Þórs gekk mjög vel fyrir sig á árinu. Tveir iðkendur voru valdir í úrtökuhóp fyrir unglingalandslið. Árlegt Þórs mót var haldið í febrúar en þangað mættu keppendur alls staðar að af landinu. Þá var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn í apríl þar sem bæði var keppt í unglinga- og fullorðinsflokki. Í október hélt svo Umf. Þór Unglingamót HSK í Hveragerði og voru Þórsarar sigursælir á öllum þessum mótum.

Félag sem ekki skiluðu ársskýrslu:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Golfkl. Hveragerðis
Golfkl. Þverá
Hestamannafélagið Háfesti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Smári
Karatefélag Suðurlands
Knattspyrnufélag Árborgar
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Þórsörk



Karalið Þórs í körfuknattleik.

Svipmyndir úr starfinu



Sigurlið Hamars á héraðsmóti HSK í badminton 2017.



Stigahæstu einstaklingar á héraðsmóti utanhúss í frjálsum.



Jana Lind Ellertsdóttir varð Evrópumeistari í glímu á árinu.



Hallgrímur Óskarsson formaður Hamars vann til verðlauna í badminton á Landsmóti 50+.



Garpsmaðurinn Yngvi Karl Jónsson var meðal keppenda á Landsmóti 50+.



Hjördís Þorsteinsdóttir (fyrir miðju) varð landsmótsmeistari í pönnukökubakstri.



Þátttakendur á héraðsmóti í skák 16 ára og yngri, ásamt mótsstjóra.



Kristinn Þór Kristinsson sigraði í 800 m hlaupi á Meistaramóti Íslands á Selfossi.




UMFÍ

VELKOMIN

á Unglingalandsmót UMFÍ
í Þorlákshöfn 2. til 5. ágúst

ÖLFUS

olfus.is



Besta bankaappið* verður enn betra

Nú getur þú:

- Greitt marga reikninga í einu
- Sett reikninga í sjálfvirka greiðslu
- Greiðsludreift reikningum á kreditkort
- Fengið tilkynningu um nýja reikninga og reikninga á eindaga
- Byrjað reglulegan sparnað

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

*Skv. könnun MMF